FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
40. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 16. FEBRÚAR 2017

# Bændur spara yfir hundrað milljónir með sjálfboðaliðum

**Samkvæmt ASÍ spara bændur sér rúmlega eitt hundrað milljónir í hverjum mánuði með því að nýta sér þjónustu sjálfboðaliða. Þeir séu hins vegar ekki tryggðir og bændur því ábyrgir fyrir slysum.**

**VINNUMARKAÐUR** Bændur koma sér undan rúmlega eitt hundrað milljóna króna launakostnaði í hverjum mánuði með nýtingu sjálfboðaliða sé mið tekið af fjölda auglýsinga bænda á netinu. Alþýðusamband Íslands hefur tekið saman fjölda auglýsinga bænda um sjálfboðaliða á næstu mánuðum en óskað er eftir tæplega þrjú hundruð sjálfboðaliðum í vor og sumar.

„Miðað við grunnlaun í landbúnaði og tvo yfirvinnutíma á dag og vinnu á laugardögum þá er verið að spara um 390 þúsund krónur í launakostnað á hvern sjálfboðaliða," segir Dröfn Haraldsdóttir, sérfræðingur hjá ASÍ. „Á síðum þar sem óskað er eftir sjálfboðaliðum í landbúnaði er verið að óska eftir um 280 starfsmönnum. Miðað við þann fjölda má áætla að bændur séu að spara sér um 108 milljónir króna á mánuði í launakostnað," bætir Dröfn við.

Hér eru aðeins skoðaðar þær auglýsingar sem opinberar eru á heimasíðum. Einnig er eitthvað um að sjálfboðaliðar komi hingað til lands með öðrum leiðum og svo er einnig auglýst á Facebook eftir sjálfboðaliðum.

Dröfn segir það einnig mikilvægt fyrir vinnuveitendur að hafa allt uppi á borðum og fylgja settum reglum. „Við vitum dæmi þess að bóndi hafi þurft að bregða búi eftir að sjálfboðaliði lenti í slysi við vinnu hjá honum. Þetta fólk er ekki tryggt og það þurfti að greiða bætur eftir málaferli," segir Dröfn.

Einnig eru dæmi um að sjálfboðaliðar hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi hér á landi á þeim stöðum sem þeir hafi verið við sjálfboðaliðastörf.

> Miðað við þann fjölda má áætla að bændur séu að spara sér um 108 milljónir króna á mánuði í launakostnað.
>
> Dröfn Haraldsdóttir, sérfræðingur hjá ASÍ

**280**
auglýsingar eftir sjálfboðaliðum er nú að finna á vefnum.

Fréttablaðið hefur greint frá því að auglýst er mjög mikið eftir sjálfboðaliðum í ferðaþjónustu og í landbúnaði hér á landi. Starfsgreinasambandið vinnur í því að vakta slíkar síður til að koma upp um svindl á vinnumarkaði og að greitt sé fyrir vinnu eftir kjarasamningum.

Um störf í landbúnaði gilda kjarasamningar sem Bændasamtök Íslands hafa samið um við Starfsgreinasambandið. Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir mikilvægt að bændur fari eftir kjarasamningum og greiði laun fyrir þau störf sem unnin eru.

sveinn@frettabladid.is



**Sumir ferðamannastaðir hafa látið á sjá vegna þess fjölda ferðamanna sem heimsækir þá dag hvern. Fólk sem fór Gullna hringinn í gær mátti meðal annars sætta sig við að vaða drullu upp að ökkla til að berja náttúruperlurnar augum. Mörgum finnst forarsvaðið vera partur af upplifuninni.** Sjá síðu 14 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Fulltrúar SFS koma af fundi með ráðherra í gærkvöldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓE

## Reyndu að sigla samningi í höfn

**KJARAMÁL** Fulltrúar sjómanna og SFS gengu á fund Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur sjávarútvegsráðherra seint í gærkvöldi. Þorgerði var á fundinum kynnt staðan í samningaviðræðum sem stóðu yfir í gær og langt fram á kvöld. Engin niðurstaða lá fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Deiluaðilar beggja vegna borðs voru í fjölmiðlabanni og var engum fyrirspurnum Fréttablaðsins svarað. - jóe

## Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Fréttaskýring um loftslagsmál og þann yfirvofandi vanda sem blasir við ef ekki verður gripið til aðgerða. 12

**SKOÐUN** Helga Jónsdóttir og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir spyrja hvort heilbrigðiskerfið verði endurreist án hjúkrunarfræðinga. 19

**SPORT** Valdís Þóra fór í mikla ævintýraferð til Ástralíu. 28

**MENNING** Núnó og Júnía er nýtt íslenskt leikrit sem frumsýnt verður hjá LA á laugardag. 38

**LÍFIÐ** Plötusnúðurinn Sunna Ben verður Tommy Genesis til halds og trausts á Sónar. 54

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Austlæg eða breytileg átt í dag, yfirleitt hægari vindur. Skýjað og rigning með köflum, en úrkomulítið norðantil. Hiti 2 til 7 stig sunnanlands, en heldur svalara fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 34

# Spáð í bolla í Borgarholtsskóla



Þemadagar Borgarholtsskóla, Skóhlífadagarnir, standa nú yfir. Spákonan vinsæla Sigga Kling vakti mikla lukku þegar hún mætti á svæðið og spáði um framtíð nemenda. Hún notaði einnig tækifærið og kenndi nokkrum nemendum leyndarmálið við spádóma af þessu tagi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Eldri borgarar hafa það ágætt

**SAMFÉLAG** Hátt í sjötíu prósent eldri borgara hafa sjaldan eða aldrei fjárhagslegar áhyggjur. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Félagsvísindastofnun gerði en hún sýnir að íslenskir eldri borgarar eru almennt jákvæðir og líður vel.

Meirihluti eldri borgara, eða 76 prósent, stundar líkamsrækt á hverjum degi og 76 prósent telja að heilsufar sitt sé frekar gott eða jafnvel mjög gott miðað við aldur.

Þá vekur athygli að langstærstur hluti eldri borgara, hátt í 90 prósent, þarf enga aðstoð við daglegt líf svo sem innkaup, matreiðslu og þvotta. Þá segjast 92 prósent eldri borgara ekki vilja neina frekari aðstoð frá fjölskyldumeðlimum eða öðrum nákomnum. Í könnuninni voru þó nokkrir sem svöruðu því til að ástæða þess að þeir vilja ekki frekari aðstoð frá fjölskyldumeðlimum sé sú að allir séu uppteknir. – snæ

## Höfðu slökkt á neyðarrásinni

**SLYS** Tveimur mönnum var bjargað úr bátnum Hjördísi HU-16 á Breiðafirði í gær. Betur fór en á horfðist þegar báturinn fór að taka sjó inn á sig.

Í tilkynningu frá Landhelgisgæslunni segir að tilkynning hafi borist um atvikið um klukkan hálf fimm í gær. Neyðarkall var sent út á neyðarrás sjómanna en aðeins einn bátur svaraði.

Skömmu síðar barst annað skeyti frá skipstjóra Hjördísar en þá hafði honum tekist að rétta bátinn af með því að skera á línu hans. Báturinn hafði verið ofhlaðinn. Björgunarskipið Björg var send á staðinn og var mönnunum bjargað yfir í skipið. Báturinn var dreginn til hafnar.

Landhelgisgæslan átelur báta sem voru á svæðinu fyrir að hafa verið með slökkt á neyðarrásinni. - jóe

## Seðlabankinn hunsar vegan

**BRETLAND** Seðlabanki Bretlands mun ekki taka núverandi fimm punda seðla úr umferð þrátt fyrir ákall samtaka vegan fólks, það er fólks sem forðast neyslu dýraafurða, þar um. Að auki mun bankinn halda ótrauður áfram áætlun um að skipta eldri tíu punda seðlum út.

Nýr fimm punda seðill var settur í umferð síðasta haust. Hann er plastkenndari og á að endast lengur en eldri seðlar. Meðal annars hripar vökvi af honum. Ástæðan fyrir reiði vegan fólks var sú að ljóstrað var upp um að nýju seðlarnir innihéldu meðal annars tólg.

Nýr tíu punda seðill átti að fara í umferð í september næstkomandi og sams konar tuttugu punda seðill fyrir árið 2020. Dýrt þótti að endurhanna seðlana og prenta upp á nýtt. Því munu þeir gömlu verða áfram í umferð. – jóe

# Smakkaði ekki kökuna fyrr enn eftir sigurinn

**Í fyrsta sinn kemur kaka ársins ekki frá bakaríi á höfuðborgarsvæðinu. Bakarinn vinnur hjá Stofunni Bakhúsi í Vestmannaeyjum. Kakan er lagskipt og í henni er möndlukókosbotn, hindberjahlaup og sykurfrómas með lime.**

**SAMFÉLAG** „Við vorum að fara út á bardaga Gunnars Nelson og degi áður, en við fórum upp á land til að fljúga út, þá sendi hann þessa köku inn í keppnina. Hann náði því aldrei að smakka sigurkökuna. Ég er auðvitað ekki hlutlaus, hann er mjög góður í því sem hann gerir,“ segir Auður Ósk Vilhjálmsdóttir, kærasta Davíðs Arnórssonar, höfundar köku ársins.

Skötuhjúin opnuðu bakaríið Stofan bakhús í maí síðastliðnum ásamt bróður Davíðs, Orra, sem einnig er bakari. Þeir bræður sendu hvor sína kökuna í keppnina en höfðu verið að vinna að sameiginlegri tillögu þegar Davíð fékk hugmyndina að sinni köku.

Keppnin var haldin í samstarfi við Mjólkursamsöluna og voru gerðar kröfur um að kakan innihéldi skyr þaðan. Sigurkakan er lagskipt og í henni er meðal annars möndlukókosbotn, hindberjahlaup og skyrfrómas með lime með mjólkursúkkulaðihjúp yfir.

Þetta er í fyrsta sinn sem kaka ársins kemur ekki frá bakarí á höfuðborgarsvæðinu.

„Það er mikil gróska í matarmenningunni í Vestmannaeyjum. Hér eru komnir margir góðir staðir, og það er meira en að segja það að halda úti svona rekstri, með svona lélega höfn. Þótt Landeyjahöfn sé léleg hefur hún gert ótrúlega mikið fyrir samfélagið hér og það er mikill uppgangur – aðallega í veitingageiranum.“

Hún bendir á að þegar Herjólfur siglir ekki frá Landeyjahöfn sé mun minna að gera. „Hér fáum við þungar vikur þegar Landeyjahöfn er lokuð. Þá kemur stífla í allan rekstur á eyjunni. Þetta batnar með nýrri ferju, vonandi.“



Orri, Auður og Davíð, höfundur köku ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON



Sigurkakan er lagskipt og í henni er m.a. möndlukókosbotn, hindberjahlaup og skyrfrómas með lime.

Dómarar í keppninni um köku ársins þetta árið voru Margrét Kristín Sigurðardóttir frá Samtökum iðnaðarins, Aðalsteinn Magnússon, sölustjóri hjá Mjólkursamsölunni, og Gunnar Örn Gunnarsson, bakarameistari og sölumaður hjá Ölgerðinni.

Sala á kökunni hefst í bakaríum félagsmanna Landssambands bakarameistara á föstudag og verður til sölu það sem eftir er ársins.

Fyrsta kakan verður afhent Elizu Reid, forsetafrú Íslands, við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag.

benediktboas@365.is




Ljósleiðari hjá Nova!
Fáðu öfluga háhraðanettengingu inn á nútímaheimilið. Einfaldaðu þér lífið, slepptu heimasímanum og sjónvarpsboxinu og horfðu á sjónvarpið yfir netið.
Gerðu verðsamanburð, fáðu ljósleiðara hjá Nova og lækkaðu netreikninginn.
TÖLUM SAMAN
um hraða
100 GB
Netnotkun 3.990 kr.
Aðgangsgjald 2.680 kr.
Leiga á beini 690 kr.
Samtals 7.360 kr.
Hver 100 GB umfram 990 kr.
1000 GB
Netnotkun 5.990 kr.
Aðgangsgjald 2.680 kr.
Leiga á beini 690 kr.
Samtals 9.360 kr.
Hver 100 GB umfram 990 kr.
Aðgangsgjald miðast við 500 Mb/s. 1.000 Mb/s kosta 3.180 kr.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Pantaðu ljósleiðara í þjónustuveri Nova í síma 519 1919 eða á www.nova.is

# Velferðarsvið greiðir árlega 30 milljónir króna í leigubílaferðir

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna leigubílaþjónustu starfsmanna nam 32,4 milljónum króna á síðasta ári. Þetta kemur fram í svari frá velferðarsviði við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviði skýrist kostnaðurinn af nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi vegna þess að sviðið rekur sambýli. Sviðið þarf að greiða kostnað vegna leigubíla þegar vaktaskipti eru á tímum sem strætó er ekki á ferð.

Í öðru lagi rekur velferðarsvið heimaþjónustu, stuðningsþjónustu. Starfsmenn sem sinna þessari þjónustu nýta sér þjónustu leigubíla sem velferðarsvið greiðir fyrir.

Í þriðja lagi er velferðarsvið rekið á nokkrum stöðum í Reykjavíkurborg. Aðalskrifstofurnar eru í Borgartúni en að auki eru fimm þjónustumiðstöðvar víðsvegar um borgina. Starfsfólk þarf að ferðast á milli starfsstöðvanna vegna fundahalda og af öðrum tilefnum og notar þá leigubíla.

Á velferðarsviði starfa 2.500 starfsmenn í 1.500 stöðugildum.



**2.500 manns starfa hjá velferðarsviði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fréttablaðið greindi frá því fyrr í vikunni að árlegur kostnaður Landspítalans vegna ferða starfsfólks með leigubílum væri um 100 milljónir króna á ári.

María Heimisdóttir, fjármálastjóri spítalans, segir kostnaðinn fyrst og fremst skýrast af því hve víða starfsemi spítalans fer fram. **– jhh**


**Samgöngumál eru Hafnfirðingum ofarlega í huga.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Flestir vilja bæta samgöngumál

**SAMFÉLAG** Samkvæmt könnun Gallup þar sem þjónusta Hafnarfjarðar var könnuð kom í ljós að samgöngumál er sá málaflokkur sem flestir eru óánægðir með. Óánægja með samgöngumál í sveitarfélaginu hefur farið vaxandi. Grunnskólamál og endurvinnslu/sorphirðumál voru í öðru og þriðja sæti.

Alls tóku 448 íbúar Hafnarfjarðar þátt í könnuninni og var hún kynnt í íþrótta- og tómstundanefnd í gær. Spurð hvort það væri eitthvað annað í tengslum við sveitarfélagið sem viðkomandi vildu koma á framfæri svöruðu 29 prósent annað. Þar á eftir svöruðu 23 prósent að það mætti bæta gatnakerfið. **– bb**

## Árs fangelsi fyrir kókaínsmygl

**DÓMSMÁL** Hollensk kona var í Héraðsdómi Reykjaness í gær dæmd í tólf mánaða fangelsi fyrir tilraun til að smygla 373 grömmum af kókaíni til landsins í desember í fyrra.

Konan kom hingað til lands með flugi frá Düsseldorf í Þýskalandi skömmu fyrir jól. Hún faldi efnin innvortis í átta pakkningum.

Í dóminum segir að ljóst sé að konan hafi verið burðardýr. Sýndi hún mikinn samstarfsvilja og játaði brot sín skýlaust. Þótti hæfileg refsing því tólf mánuðir. Gæsluvarðhald, sem hún hefur setið í frá 23. desember í fyrra, kemur til frádráttar refsingunni. Að auki var henni gert að greiða allan sakarkostnað, rúmlega 1,3 milljónir króna. **– jóe**

# Grænþvottur í ferðaþjónustu

**Ferðaþjónustufyrirtæki markaðssetja sig með því að segjast umhverfisvæn án þess að hafa neina staðfestingu á því. Tíu prósent ferðaþjónustufyrirtækja hafa skrifað undir yfirlýsingu um ábyrga ferðaþjónustu.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Eftirlitsaðilar með ferðaþjónustunni og fagaðilar sem vinna í tengslum við hana hafa áhyggjur af því að ferðaþjónustufyrirtæki noti villandi markaðssetningu til að virðast umhverfisvænni eða vistvænni en raun ber vitni. Dæmi er um að ferðaþjónustuaðilar sem gera út á rútuferðir um landið segist umhverfisvænir og grænir.

Á mánudag úrskurðaði Neytendastofa að fyrirtækinu Norðursiglingu væri ekki heimilt að nota slagorðið „Carbon Neutral“ meðal annars af því að meirihluti ferða fyrirtækisins er farinn á hefðbundnum skipum og minnihluti starfseminnar er án útblásturs koldíoxíðs. Slagorðið sé aftur á móti birt með mynd af laufblaði og staðsett á áberandi stað utan á húsnæði fyrirtækisins, á skiltum, í bæklingum og á vefsíðu fyrirtækisins.

Elías Bjarni Gíslason, forstöðumaður gæða- og þróunarsviðs Ferðamálastofu, segir að almennt séu áhyggjur af því sem kallað er grænþvottur. „Menn hafa alltaf áhyggjur af því að menn séu að skreyta sig með hálfstolnum fjöðrum eða með hálfum sannleika. Við viljum koma í veg fyrir grænþvott þannig að þegar menn eru að skreyta sig með einhverju þá búi þar eitthvað að baki.“

Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að það sé frekar orðnotkun í markaðssetningu ferðaþjónustufyrirtækja, frekar en merki og lógó, sem ýti undir grænþvottinn. Ferðaþjónustufyrirtæki segist til að mynda vera „græn“ og „umhverfisvæn“ án þess að hafa neina tilbæra vottun sem staðfestir það. „Það er mikið um að það séu notuð orð sem er erfitt að rekja. Neytandinn hefur enga leið til að fá upplýsingar um þetta, aðrar en þær sem hann fær frá fyrirtækinu. Þetta er kannski ekki einbeittur brotavilji heldur óábyrg orðanotkun.“


**Ferðamenn sem vilja ferðast með umhverfisvænum hætti geta, að mati sérfræðings hjá Umhverfisstofnun, átt í erfiðleikum með að velja á milli fyrirtækja með raunverulega vottun og þeirra sem segjast vinna á umhverfisvænan hátt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Dæmi um grænþvott í ferðaþjónustu

Eftirfarandi eru dæmi sem þýdd eru úr enskri markaðssetningu íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja:

**1)** „Við erum lítið en ofur svalt umhverfis-ferðaþjónustufyrirtæki með áherslu á sjálfbærni ... Þú getur ferðast hjá okkur með góðri samvisku.“

**2)** „Okkar markmið er að sýna þér undur Íslands á persónulegan og spennandi hátt, án óþarfa umhverfisáhrifa.“

**3)** „Við elskum náttúruna. Við plöntum trjám eða sáum grasfræjum eða öðrum fræjum á ákveðnum svæðum á Íslandi í sumum ferðunum okkar, svo þú getir skilið eftir þig eitthvað jákvætt á Íslandi.“

Birgitta segir að mesti frumskógurinn fyrir eftirlitsaðila séu hótelin. Þau séu bæði mörg og markaðssetji sig víða sem geri það erfitt að fylgjast með. „Þau geta sagst vera umhverfisvænt fyrirtæki sem getur þýtt hvað sem er, til dæmis að þau flokki frá tvo flokka af úrgangi.“

Í janúar skrifuðu 300 ferðaþjónustufyrirtæki undir viljayfirlýsingu hjá Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð. Markmiðið er meðal annars að ganga vel um og virða náttúruna. „Það að þau skrifi undir viljayfirlýsinguna er ekki vottun. Það er eins og að kaupa sér kort í ræktina. Með því ertu byrjaður en þú ert ekki búinn að sýna fram á árangurinn. Þetta er staðfesting á því að eigendur ætla sér að gera það sem stendur í yfirlýsingunni,“ segir Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu.

Hann segir 2.600 ferðaþjónustufyrirtæki starfa hér á landi. „Við sjáum mörg dæmi um ýmislegt sem betur mætti fara. Þannig að það er mjög mikilvægt að það séu vönduð vinnubrögð í þessari mikilvægu atvinnugrein.“ **snaeros@frettabladid.is**






# Sendibílasýning Mercedes-Benz.

**Laugardaginn 18. febrúar kl. 12–16 sýnum við Sprinter, Vito og Citan sendibíla hjá Mercedes-Benz atvinnubílum, Fosshálsi 1.**

Komdu og skoðaðu úrvalið af sendibílum frá Mercedes-Benz. Þeir eru traustbyggðir, sparneytnir og sérstaklega hannaðir til þess að hver rúmmetri nýtist sem allra best. Á staðnum verður kynning á hillukerfum fyrir bílana, kælibúnaði og verkfærum.

Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar“



ENNEMM / SÍA / NM80246

## Á leið út í geim



Indverska geimferðastofnunin, ISRO, setti í gær heimsmet þegar geimflaugin PSLV-C37 lagði af stað út í geim með 104 gervihnetti. Flauginni var skotið á loft frá Satish Dhawan rannsóknarmiðstöðinni í Sriharikota í Andhra Pradesh héraði. Aldrei hafa jafnmargir gervihnettir verið fluttir út í geim í einu geimskoti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Eigandi grunns krefst dráttarvaxta frá ríkinu

**Sjötíu milljóna króna grunnur að sumarbústað sem Þingvallanefnd sagðist í október vilja neyta forkaupsréttar að er enn í eigu seljendanna sem eru að missa þolinmæðina gagnvart ríkinu sem ekki hefur enn tekið lokaákvörðun í málinu.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkið hefur ekki enn keypt steyptan grunn að tæplega 150 fermetra sumarhúsi sem Þingvallanefnd vildi neyta forkaupsréttar að. Kaupverðið sem ganga átti inn í var 70 milljónir króna.

Bústaðurinn er á bökkum Þingvallavatns og innan þjóðgarðsins.

Í bréfi Ólafs Arnar Haraldssonar þjóðgarðsvarðar til forsætisráðuneytisins, sem þá fór með málefni þjóðgarðsins, kom fram að efasemdir væru um að lóðarhafinn hafi verið innan heimilda við endurbyggingu á fyrri bústað. Fyrirhuguð bygging á grunninum sé í „verulegri andstöðu við gildandi byggingarskilmála innan þjóðgarðsins“ og að „verulegs ósamræmis gætir á milli framkvæmdanna sem þegar eru hafnar og orðalags bókunar nefndarinnar [Þingvallanefndar]“ eins og segir í bréfinu sem frá því í lok október.

„Þolinmæði umbjóðenda minna eru takmörk sett,“ segir í bréfi sem Gróa Björg Baldvinsdóttir, lögmaður eigenda húsgrunnsins, sendi Þingvallanefnd þann 1. desember. Benti hún á að forkaupsrétturinn væri útrunninn en gaf nefndinni tíu daga frest til að ganga frá kaupunum.



**Grunnurinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

Viku síðar bað Ólafur Örn þjóðgarðsvörður um frest til áramóta. Þingvallanefnd hefðu ekki borist svör um afstöðu forsætisráðuneytisins til fjármögnunar á kaupunum. Ellefu dögum síðar, 19. desember, svaraði Gróa og sagði eigendur húsgrunnsins tilbúna að veita nefndinni frest til 27. desember að uppfylltum skilyrðum.

Þá vill lögmaðurinn að Þingvallanefnd staðfesti að greiddir verði dráttarvextir af kaupverðinu frá þeim tímapunkti að 15 dagar voru liðnir frá því að nefndinni var tilkynnt um kaupsamning um grunninn 3. september.

Engin gögn eða svör hafa enn borist við útspili lögmannsins. Við ríkisstjórnarskiptin í janúar fluttist málið á forræði umhverfisráðuneytisins frá forsætisráðuneytinu.

„Umhverfis- og auðlindaráðuneytið er að taka við málefnum Þingvallaþjóðgarðs og hefur því ekki tekið afstöðu til hugsanlegra kaupa á umræddri eign,“ segir í svari umhverfisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Við þeirri spurningu hvort umhverfisráðuneytið telji forkaupsrétt ríkisins enn virkan eða hvort honum hafi verið fyrirgert með drætti á afgreiðslu málsins fæst aðeins það óbeina svar frá ráðuneytinu að samkvæmt lögum hafi forkaupsréttarhafi 15 daga til að svara skriflega tilboði frá því að honum barst það.

„Umbjóðendur mínir hafa upplýst umhverfisráðuneytið um að þeir áskilji sér rétt til að bregðast við með þeim hætti að hagsmunum þeirra verði best borgið af því að þeir hafa verið dregnir á svörum,“ segir Ívar Pálsson, annar lögmaður eigendanna. gar@frettabladid.is

# RÝMINGARSALA

## HAGKAUP KRINGLUNNI 2. HÆÐ

## LOKUM 20.FEBRÚAR

# 50%

AFSLÁTTUR

# AF ÖLLUM VÖRUM
# Á 2. HÆÐ

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Tvísýnt um verslun í vinsælli sumarhúsabyggð

**VERSLUN** Alls óvíst er hvort verslun að Minni-Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi muni hefjast þar aftur á næstunni. Verslunin hefur þjónað einni vinsælustu sumarhúsabyggð landsins, þar sem eru á þriðja þúsund sumarhús, um árabil, auk þess sem í sveitarfélaginu er 460 manna íbúabyggð.

Eftir að rekstur verslunarinnar lagðist af síðasta haust vegna erfiðleika rekstraraðila leitaði Olís, sem er eigandi hússins, að nýjum aðilum til að taka við. „Við vorum komin með aðila sem hafði áhuga á að taka að sér reksturinn. En svo brást það þannig að við brugðum bara á það ráð að auglýsa húsið til sölu,“ segir Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri smásölusviðs hjá Olís.

„Það er þó nokkuð mikið af fólki búið að skoða þetta,“ segir Svan G. Guðlaugsson, sölumaður hjá Fasteignasölunni Mikluborg. Hann segir ástandið á húsinu vera slæmt. „Það er nú það sem málið snýst um en það eru margir áhugasamir sem vilja gera eitthvað þarna. Annaðhvort opna verslun eða breyta þessu að hluta til í gistingu. En það þarf að taka allt húsið í gegn,“ segir hann.

„Ég sakna hennar. Ég get alveg viðurkennt það og ég veit að það gera það mjög margir en alls ekki allir,“ segir Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri. Selfoss er í um það bil 20 kílómetra fjarlægð frá Minni-Borg og Ingibjörg segir að íbúar sæki mikið þangað. „Það er kannski hluti af ástæðunni fyrir því að búðin hætti, að það er ekki verslað nóg í henni,“ segir Ingibjörg. Fólk fari til Selfoss til að gera stórinnkaup, en það sé bagalegt að geta ekki farið á Minni-Borg til að gera smærri innkaup. „En ég hugsa að það séu fleiri sem sakna félagslega þáttarins úr búðinni heldur en verslunarinnar sjálfrar. Hann var heilmikill,“ segir Ingibjörg. **jonhakon@frettabladid.is**



**Húsnæðið hefur hýst vegasjoppu í einni stærstu sumarhúsabyggð á Íslandi. Rekstur þar lagðist af í október síðastliðnum.** AÐSEND MYND

# Umræðan um Kópavogshæli óþægileg

**Aðstandandi heimilismanns á Kópavogshæli fagnar skýrslu um hælið og fundi gærdagsins. Hann skammast sín fyrir að hafa ekki gert betur. Skýrslan var kynnt á fundi á Grand hóteli í gær. Formaður nefndarinnar sem vann skýrsluna telur fundinn hafa heppnast vel.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta hefur verið mjög óþægilegt. Ég upplifði það að ég hafi svolítið þurrkað út þennan tíma. Ég segi það svo það komi fram að ég skammast mín. Ég skammast mín fyrst og fremst fyrir að ég hafi ekki gert betur,“ segir Reynir Ingibjartsson, aðstandandi fyrrverandi heimilismanns á Kópavogshæli, um umræðu undanfarinna daga um hælið. Sjálfur var Reynir í aðstandendafélagi hælisins síðustu ár vistar bróður síns.

Bróðir Reynis var á hælinu í um 25 ár og sótti Reynir kynningarfund Þroskahjálpar, Þroskaþjálfafélags Íslands og Átaks, félags fólks með þroskahömlun, um skýrslu um vistun barna á Kópavogshæli árin 1952 til 1993 í gær. Skýrslan kom út þann 7. febrúar.

Hrefna Friðriksdóttir, formaður vistheimilanefndar sem vann skýrsluna, segir fundinn hafa verið góðan að sínu mati. „Ég myndi áætla að hér hafi verið um áttatíu manns. Þetta var blandaður hópur. Hérna var fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fyrrverandi starfsfólk,“ segir hún.

Hrefna segir gott rými hafa verið gefið fyrir spurningar og umræður. „Þetta er ekki einfalt. Þetta er erfitt. Margir lýstu því að þeim hefði fundist erfitt að lesa þetta og þetta hefði verið erfið umræða en á endanum er opin umræða alltaf af hinu góða,“ bætir hún við.

Þá segir Hrefna að sér finnist fólk hafa fagnað því að fá skýrsluna. Jafnt uppgjörið við fortíðina og tillögur fyrir framtíðina.

Reynir var á leiðinni út af fundinum þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Þetta hreinsaði andrúmsloftið og var mjög upplýsandi. Formaður nefndarinnar, Hrefna, að öðrum ólöstuðum, hefur gert þetta alveg frábærlega. Þarna er búið að vinna mjög gott verk,“ segir Reynir. Hann segir enn fremur að allir hafi tekið undir það sem í skýrslunni stendur. „Þar er ekki verið að ofgera eða dramatísera heldur eru staðreyndirnar uppi á borðinu.“

Hann vill koma því á framfæri að skýrslan sé stórvirki út af fyrir sig. „Það er gríðarleg vinna þarna að baki. Hún er grundvallarrit um stöðu þessara mála á landinu á seinni hluta síðustu aldar. Ég ætla rétt að vona að það læri allir af þessu.“

> Ég ætla rétt að vona að næstu kynslóðir búi í samfélagi þar sem börn sem fæðast með fötlun geta notið þess sama og við njótum.
>
> Reynir Ingibjartsson, aðstandandi



> Margir lýstu því að þeim hefði fundist erfitt að lesa þetta og þetta hefði verið erfið umræða en á endanum er opin umræða alltaf af hinu góða.
>
> Hrefna Friðriksdóttir, formaður vistheimilanefndar





**Fjölmenni var á kynningarfundinum á Grand hóteli í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ein forsendan fyrir því að bróðir Reynis fór á Kópavogshæli var að fá talkennslu og gönguþjálfun. „Hann gat aldrei gengið og þegar hann fór þarna inn hreyfði hann sig í göngugrind. Hann gat heldur ekki tjáð sig almennilega,“ segir Reynir. Hann segir hins vegar að þetta hafi brugðist. „Það er hægt að segja að hann fékk enga kennslu og enga þjálfun.“

Reynir segir að húsnæðið hafi verið slæmt, starfsfólkið ómenntað og of fátt og umhverfið ekki upp á marga fiska. „Bróðir minn böðlaðist um með grind þannig hann gæti staðið betur en þarna voru aðallega malarstígar,“ segir Reynir.

Þá segir hann starf aðstandendafélagsins ekki hafa verið velkomið. „Ég fann það mjög fljótt að þetta var ekki litið jákvæðum augum að aðstandendur skiptu sér af.“

Reynir segir forsenduna fyrir lokun Kópavogshælis hafa verið opnun sambýla. „Það er ekki hægt að bera saman hvað það breytti miklu,“ segir hann. Sambýlin hafi verið minni og þar hafi verið fagfólk. „Ég man aldrei eftir því á Kópavogshæli að bróðir minn hafi verið nefndur með nafni. Á sambýlinu er það alltaf gert.“

Samkvæmt Reyni lauk fundinum á þeim orðum að allir ættu rétt á því að vera fullgildir einstaklingar þó þeir búi við andlega eða líkamlega fötlun. „Ég ætla rétt að vona að næstu kynslóðir búi í samfélagi þar sem börn sem fæðast með fötlun geta notið þess sama og við njótum,“ segir Reynir. **thorgnyr@frettabladid.is**


ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki 2012 2015

JÁRN&GLER

Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is


# Stærsta einstaka pöntun frá upphafi

**SAMFÉLAG** Nýlega voru sendir utan tugir þúsunda hjálpargagna í nafni 600 íslenskra fyrirtækja og var kostnaðurinn þrjár milljónir króna. Er þetta stærsta einstaka pöntun frá upphafi, samkvæmt tilkynningu frá UNICEF.

Í lok janúar var listi yfir þau 624 fyrirtæki sem hlutu viðurkenningu Creditinfo fyrir framúrskarandi árangur í rekstri kynntur. Meira en helmingur á í viðskiptasambandi við Landsbankann og gaf bankinn í þeirra nafni sannar gjafir hjá UNICEF fyrir þrjár milljónir króna, en aldrei hefur verið gerð svo stór pöntun frá Íslandi. Hagnaður Landsbankans á árinu 2016 nam 16,6 milljörðum króna, eftir skatta, samanborið við 36,5 milljarða króna á árinu 2015. Í árslok 2016 námu eignir bankans alls 1.111 milljörðum króna.

„Við erum innilega þakklát fyrir þetta ótrúlega rausnarlega framlag,“ segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. „Við höfum aldrei fengið jafn stóra pöntun á sönnum gjöfum og erum hæstánægð með þetta,“ segir Vala Karen Viðarsdóttir, fjáröflunarfulltrúi UNICEF. Gjöfunum verður nú dreift til barna og fjölskyldna þeirra með milligöngu birgðastöðvar UNICEF. – bb



**Neyðin er mikil víða um heim.** NORDICPHOTOS/AFP

## Í sendingunni voru:

- 95 moskítónet sem gegna lykilhlutverki í baráttunni gegn malaríu
- 1.070 hlý teppi fyrir börn á flótta
- 8.550 skammtar af næringardufti fyrir vannærð börn
- 8.770 pakkar með námsgögnum
- 9.030 skammtar af vítamínbættu jarðhnetumauki fyrir vannærð börn
- 12.550 skammtar af bóluefnum gegn mænusótt og mislingum
- 49.000 skammtar af ormalyfi sem vinnur bug á sníkjudýrasýkingum
- 95.000 vatnshreinsitöflur

# Framúrskarandi árangur á íslenskum markaði

## Fjórir sjóða GAMMA skiluðu hæstu ávöxtun í sínum flokki á síðasta ári, borið saman við sambærilega sjóði.*

Fjárfestingarsjóður

**GAMMA: TOTAL RETURN FUND** er blandaður sjóður með virkri stýringu til millilangs eða langs tíma.

Ávöxtun ársins 2016:

**14,7%**

Árleg nafnávöxtun:




Fjárfestingarsjóður

**GAMMA: EQUITY FUND** fjárfestir í skráðum hlutabréfum og að hluta til í óskráðum hlutabréfum á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Ávöxtun ársins 2016:

**9,3%**

Árleg nafnávöxtun:




Fjárfestingarsjóður

**GAMMA: CREDIT FUND** fjárfestir að meginhluta í skuldabréfum án ríkisábyrgðar og nýtir tækifæri á skuldabréfa- og vaxtamarkaði.

Ávöxtun ársins 2016:

**7,1%**

Árleg nafnávöxtun:




Verðbréfasjóður

**GAMMA: ICELAND GOVERNMENT BOND FUND** fjárfestir í ríkistryggðum skuldabréfum með virkri stýringu.

Ávöxtun ársins 2016:

**5,9%**

Árleg nafnávöxtun:




*Gögn til viðmiðunar eru tekin af vefsíðunni Keldan.is. Í samanburði ríkisskuldabréfasjóða er miðað við sjóði með virka stýringu sem mega bæði fjárfesta í verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum.

Tölur í auglýsingu vísa til fortíðar og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingar- og verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS**

GAMMA

**REYKJAVÍK / LONDON**

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAMMA og Verðbréfasjóðs GAMMA. Ofangreindir fjárfestingarsjóðir eru deildir í Fjárfestingarsjóði GAMMA og ofangreindur verðbréfasjóður er deild í Verðbréfasjóði GAMMA, skv. lögum nr. 128/2011. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á heimasíðu GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Ávöxtunartölur sjóða GAMMA eru fengnar frá GAMMA Capital Management hf. Kaupum á hlutdeildarskírteinum GAMMA: Credit Fund fylgir einhver hætta á verðsveiflum, kaupum á hlutdeildarskírteinum GAMMA: Total Return Fund og GAMMA: Iceland Government Bond Fund fylgir nokkur hætta á verðsveiflum og kaupum á hlutdeildarskírteinum GAMMA: Equity fylgir veruleg hætta á verðsveiflum, en áhættumælikvarðinn getur breyst án fyrirvara.

# Kona handtekin vegna morðsins á bróður Kim Jong-un

**NORÐUR-KÓREA** Kona hefur verið handtekin í Malasíu í tengslum við morðið á Kim Jong-nam, en hann var hálfbróðir Kim Jong-un, leiðtoga Norður-Kóreu.

Talið er að eitrað hafi verið fyrir honum á mánudaginn á flugvellinum í Kúala Lúmpúr, höfuðborg Malasíu, þar sem hann var að bíða eftir flugi til Makaó.

Hann veiktist skyndilega meðan hann var á flugvellinum og dó stuttu síðar á leiðinni á sjúkrahús.

Tvær konur og fjórir karlar eru grunuð um aðild að tilræðinu. Margt bendir til að þau hafi verið útsendarar frá Norður-Kóreu.

Kim Jong-nam, sem var 45 ára, var elsti sonur fyrrverandi leiðtoga Norður-Kóreu, Kim Jong-il. Hann var lengi vel talinn líklegur arftaki hans.

Hann féll hins vegar í ónáð hjá föður sínum, líklega eftir að hann



**Kim Jong-nam í Malasíu árið 2007.** NORDICPHOTOS/AFP

reyndi árið 2001 að komast frá Norður-Kóreu til Japans á fölsuðu vegabréfi. Hann sagði þá að tilgangur þeirrar ferðar hafi verið að skreppa í Disneyland í Tókíó.

Undanfarin ár, eða frá því yngsti hálfbróðir hans tók við völdum í Norður-Kóreu, hafði Kim Jong-nam dvalist utanlands. Hann er sagður hafa haldið sig mest í löndum á borð við Kína, Singapúr og Makaó.

Fyrir nokkrum árum var haft eftir honum að hann teldi bróður sinn ekki hafa næga leiðtogahæfileika til að halda um stjórnartaumana í Norður-Kóreu.

Þar þurfi að gera efnahagsumbætur með svipuðum hætti og gert hefur verið í Kína, þar sem viðskiptafrelsi hefur verið í hávegum haft af stjórnvöldum undanfarið þrátt fyrir að málfrelsi lúti enn ströngum takmörkunum. **– gb**

# Trump sakar fjölmiðla um blint hatur

**Dondald Trump, forseti Bandaríkjanna, segir fréttir af tengslum samstarfsmanna sinna við Rússa vera samsæriskenningar, til þess ætlaðar að draga athyglina frá mistökum Hillary Clinton. Á blaðamannafundi sagði hann fréttaumfjöllun um málið afar ósanngjarna.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti segir bandarísku leyniþjónustuna leka upplýsingum eins og hún sé að dreifa sælgæti. Það sé raunverulega hneykslið.

Þá segir hann fréttir af tengslum sínum og samstarfsmanna sinna við Rússa vera tómt kjaftæði, sem hafi þann eina tilgang að draga athyglina frá öllum þeim mistökum sem Hillary Clinton gerði í kosningabaráttunni.

Þetta segir hann á Twitter-síðu sinni í gær, en hann hefur verið býsna iðinn við að nota þann vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Þá sakaði hann fjölmiðla um að velta sér upp úr samsæriskenningum. Þeir væru haldnir blindu hatri á sér. Þar tilgreindi hann sérstaklega sjónvarpsstöðvarnar MSNBC og CNN ásamt stórblöðunum New York Times og Washington Post. Hins vegar væri Fox-sjónvarpsstöðin frábær.

Þessi gusa á Twitter virðist vera viðbrögð hans við skrifum New York Times um að starfsfólk á vegum Trumps hafi átt í miklum samskiptum við háttsetta rússneska leyniþjónustumenn meðan kosningabaráttan stóð enn yfir.

Blaðið sagðist hafa heimildir fyrir þessu frá bæði lögreglu og leyniþjónustu. Þetta hefði komið í ljós við rannsókn alríkislögreglunnar FBI á því hvort Rússar hefðu brotist inn í tölvukerfi Demókrataflokksins og lekið þaðan upplýsingum í þeim tilgangi að veikja stöðu Clinton í kosningabaráttunni.

Rannsóknin hefði hins vegar ekki enn leitt í ljós að samstarfsmenn Trumps hefðu beinlínis átt í samvinnu við Rússa um þessar netnjósnir.

Eitt stærsta áfallið sem hin nýja stjórn Trumps hefur orðið fyrir á fyrstu vikunum var afsögn þjóðaröryggisráðgjafans Michaels Flynn, sem varð uppvís að því að hafa logið að Mike Pence varaforseta um samtal sitt við sendiherra Rússlands.



**Trump undirritaði lagafrumvarp sem léttir af olíufyrirtækjum þeirri kvöð að þurfa að gera grein fyrir peningum sem þau greiða til erlendra stjórnvalda.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Watergate var stærsta pólitíska hneykslið á minni ævi, þangað til kannski núna.**
>
> Dan Rather, fyrrverandi fréttamaður

**Flynn neyddist á endanum til að segja af sér þegar í ljós kom að hann hefði, þvert gegn eigin fullyrðingum, rætt við sendiherrann um viðskiptaþvinganir Bandaríkjanna gegn Rússlandi.**

Repúblikanar í öldungadeild Bandaríkjaþings hafa nú tekið undir kröfur um að hefja þurfi ítarlega rannsókn á tengslum Trumps við Rússa.

Þá hefur Dan Rather, fréttamaðurinn fyrrverandi, sagt nauðsynlegt að hefja óháða rannsókn á þessum tengslum. Hvorki Bandaríkjastjórn né þjóðþingið njóti lengur trausts til þess að gera slíka rannsókn:

„Watergate var stærsta pólitíska hneykslið á minni ævi, þangað til kannski núna,“ sagði Rather á Facebook-síðu sinni.

**gudsteinn@frettabladid.is**


LYFJA
– Lífið heil

Lægra verð í Lyfju



Húðvörur án ilmefna sem húðlæknar mæla með

Ráðgjafi í Lyfju Smáratorgi fimmtudaginn 16. febrúar kl. 14-16




20% afsláttur

NeoStrata SKIN ACTIVE





# Láttu hjartað ráða

Ítalska ólífuolían mín er kaldpressuð úr lífrænt ræktuðum ólífum. Góð jafnt innvortis sem útvortis.

Solla

15 Fimmtán krónur af hverri seldri Himneskt vöru í febrúar renna til Krafts

KRAFTUR K




BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT



Ný skýrsla staðfestir það sem hefur lengi verið vitað – vegasamgöngur eru helsta matarholan við að draga úr losun hérlendis. En við erum jafnframt að falla á tíma.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Rótgrónar greinar eru fyrirmyndir

**26%** aukning á heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda (GHL) frá 1990 til 2014.

**15%** aukning ef tillit er tekið til bindingar í landgræðslu og skógrækt.

**79%** aukning frá iðnaði og efnanotkun.

**39%** aukning frá samgöngum.

**52%** aukning frá úrgangi.

**4%** minnkun á útstreymi frá landbúnaði.

**69%** aukning frá orkuframleiðslu.

**43%** minnkun á útstreymi frá sjávarútvegi.

# Fortíðardýrkun að reynast okkur dýr í umhverfismálum

**Dýrmætum tíma hefur verið sólundað og veik staða Íslands í loftslagsmálum er því til sönnunar. Stjórnvöld ríghalda í afrek fortíðar en hafa vanrækt verkefni sem hafa fyrir löngu verið skilgreind. Niðurstaðan er að stórtækar og sársaukafullar aðgerðir verða ekki umflúnar ef standa á við alþjóðlegar skuldbindingar.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Ný skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um loftslagsmál dregur fram skýra mynd, að mati þeirra sem gerst þekkja. Ekkert annað en stórtækar aðgerðir duga til ef við sem þjóð ætlum að standa undir alþjóðlegum skuldbindingum okkar.

### Langþráð plagg

Hagfræðistofnun (HHÍ) afhenti stjórnvöldum greiningarskýrslu sína um möguleika Íslands til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti á mánudag. Umhverfisráðherra bað um greininguna strax árið 2015 og átti að birta hana fyrir Parísarráðstefnuna í desember sama ár. Skýrslan skilaði sér ekki í tíma en lítur þess í stað ljós fyrst núna.

Hins vegar kynnti þáverandi ríkisstjórn sóknaráætlun sína í loftslagsmálum sem var harðlega gagnrýnd af forsvarsmönnum náttúruverndarsamtaka, stjórnarandstöðuþingmönnum á Alþingi og fleirum. Höfðu menn á orði að erfitt væri að koma auga á í hverju sóknin fælist. Þar er að finna kafla um rafbílavæðingu, aðgerðir í landbúnaði, átak gegn matarsóun og eflingu kolefnisbindingar með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis, eins og í mörgum öðrum skýrslum, kannski öllum, sem unnar hafa verið síðustu árin. En engin tímasett markmið um samdrátt í losun eða kolefnisbindingu var að finna fyrir þessa þætti eða hve mikið fjármagn ætti að tryggja í hvern og einn þeirra. Þetta er meira áætlun um að gera áætlun, sagði framkvæmdastjóri Landverndar í viðtali við Fréttablaðið.

Allir virðast sammála um að skýrsla HHÍ sé vel unnin – skýr og læsileg. Ekkert sem þar er að finna komi hins vegar á óvart.

### Horft aftur – ekki fram

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá ráðgjafarfyrirtækinu Environice, segir stjórnvöld hafi verið „óhóflega værukær“. Mikið hafi verið gert af því að tala upp stöðu Íslands en afrek fortíðarinnar nýtt í því samhengi. Þar sé til dæmis vinsælt að tala um hitaveitubyltinguna þegar nærtækara væri að ræða verkefnin sem liggja vel skilgreind á borðinu – og hafa gert um langt árabil. „Loftslagsmálin, og umhverfismál almennt, þurfa að hætta að vera afgangsmál á borðshorninu sem kíkt er á eftir vinnu, ef svo má segja. Þetta verður að vera aðalmálið ef við ætlum að komast inn í framtíðina,“ segir Stefán.

Hann nefnir fjölmargt sem blasi við að þurfi að vera í forgangi. Fyrst af öllu að hætta við öll áform um olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Allt slíkt tal sé hjákátlegt þegar fyrir liggur að stór hluti allrar olíu og allra kola sem fundist hafa verði að liggja óhreyfður í jörðu ef ekki á mjög illa að fara.

„Hverjum dettur í hug að leita að því sem þegar er til miklu meira af en hægt verður að nota?“ spyr Stefán sem vill staðfesta viðauka við Marpol-samninginn til að geta sett strangari reglur um mengun í efnahagslögsögunni og banna urðun lífræns úrgangs. Þá sé nauðsynlegt, í þeirri stöðu sem við erum komin í, að ekki einungis umbuna fyrir það sem vel er gert, heldur taka fast á þeim sem ekki lúta leikreglum.

> **Við verðum að nota vendi, ekki bara gulrætur. Kolefnisgjald er dæmi um vönd. Það þarf að verðleggja ótæka hegðun út af markaðnum.**
>
> Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá Environice



> **Ef við gerum ekki eitthvað stórtækt þá stöndum við ekki við skuldbindingar okkar. Það væri alger yfirmáta skandall fyrir land og þjóð, hneisa.**
>
> Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs



„Við verðum að nota vendi, ekki bara gulrætur. Kolefnisgjald er dæmi um vönd. Það þarf að verðleggja ótæka hegðun út af markaðnum,“ segir Stefán og lýsir eftir græna hagkerfinu, máli sem var klárað á Alþingi árið 2012 í þverpólitískri sátt. „Skýrslan er til. Nú er ráð að dusta af henni rykið. Þar er fullt af mótuðum tillögum sem enn eru í fullu gildi,“ segir Stefán sem dregur feitt strik undir tafarlausar aðgerðir til rafvæðingar samgangna sem sjálfsagt viðbragð við stöðunni sem uppi er.

„En ég er að vissu leyti bjartsýnn. Núverandi ríkisstjórn, með umhverfisráðherra í broddi fylkingar, hefur sýnt þessum málaflokki miklu meiri áhuga en áður hefur þekkst. Þau þurfa bara að gera sér grein fyrir að það er ekki nóg að vinna fleiri góðverk. Það þarf líka að láta af vondum verkum. Hér verður ekki bæði sleppt og haldið,“ segir Stefán.

### Tólf ár til stefnu

Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, sem ritstýrði og vann að gerð skýrslu HHÍ, sagði í viðtali við Fréttablaðið á mánudag að það væru aðgerðir í hverjum einasta geira sem hægt væri að ráðast í og eru tæknilega mögulegar í dag. Nema í stóriðjunni. Margar þeirra geti skilað þjóðhagslegum ábata þegar horft er til lengri tíma. „Þetta er eins og með hitaveituvæðinguna sem var dýr – en það má líta rafbílavæðingu sömu augum,“ sagði Brynhildur.

Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs, hefur að öðrum ólöstuðum helst haldið kostum rafbílavæðingar á lofti síðustu misserin. Hann, kjarnyrtur að vanda, segir að málið sé sprungið í andlitið á þjóðinni. „Ef við gerum ekki eitthvað stórtækt þá stöndum við ekki við skuldbindingar okkar. Það væri alger yfirmáta skandall fyrir land og þjóð, hneisa,“ segir Sigurður sem hefði viljað að stóriðjan væri klofin frá í skýrslunni og fjallað um hana sérstaklega. Ekki sé hægt að tala um skuldbindingar Íslands og stóriðju í sömu setningu, og því drepi það umræðunni á dreif að fjalla um hana samhliða öðru sem varðar alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum. Hann kastar fram þeirri spurningu af hverju nauðsynlegt sé að fjalla um stóriðjuna í þessu samhengi þegar útstreymi vegna millilandaflugs sé ekki metið.

Góðu fréttirnar eru, að mati Sigurðar, það sem er löngu vitað. Raforkuframleiðsla er afar kolefnislág á Íslandi; húshitun er kolefnisfrí á Íslandi og sjávarútvegur hefur þegar náð viðunandi samdrætti miðað við 1990.

„Þannig að nákvæmlega öll vötn renna til vegasamgangna. Þar verður að fara verulega grimmt inn. Sem betur fer eru allar lausnir tilbúnar og ekkert því til fyrirstöðu að kýla á þetta. Það verður einfaldlega að setja hærra verð á kolefnið og gera þannig loftslagsvænar lausnir meira aðlaðandi,“ segir Sigurður sem bendir á að ganga eigi hreint til verks með allar þær aðgerðir sem eru tiltölulega ódýrar og listaðar eru upp í skýrslunni – og eru þær margar.

Hann bendir á að það séu ekki nema tæp tólf ár til stefnu. „Ef þú kaupir nýjan bíl núna þá er líklegt að hann verði enn að skila neikvæðum tölum inn í bókhaldið okkar 2030 hvort sem þú átt hann þá eða einhver annar. Ákvörðunin um að kaupa hann var þín og hann er því á þína ábyrgð í bókhaldinu. Með öðrum orðum, þá verður alltaf stærri og stærri ákvörðun að kaupa ekki raf- eða metanbíl. Bílakaup mín geta því haft neikvæð áhrif á þig með þeim hætti að þú verður íbúi lands sem ekki stóð við skuldbindingar sínar – sem er afar neikvæð ímynd. Skýrslan segir okkur að bifreiðakaup eru ekki lengur einkamál hvers og eins og ekkert óeðlilegt við að þeim sé stýrt í ákveðna átt með sköttum og ívilnunum.“

svavar@frettabladid.is




#SELFDEFENSENOW

BOOST YOUR SKIN

ULTIMUNE Power Infusing Concentrate

SHISEIDO
GINZA TOKYO

20% AFSLÁTTUR AF SHISEIDO 16.-22. FEBRÚAR

VERTU VELKOMIN Á SHISEIDO DAGA Í HAGKAUP; KRINGLU, SKEIFU, SMÁRALIND, GARÐABÆ OG AKUREYRI.
KAUPAUKI FYLGIR 2 KEYPTUM VÖRUM Í SHISEIDO*

*á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Það getur verið mikið sjónarspil að fylgjast með gosi sem þessu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ferðamenn í drullusvaði

Fjölmargir ferðamenn heimsóttu Gullfoss og Geysi í gær. Rigning hefur valdið því að göngustígar eru sums staðar illfærir. James Kerry frá Lundúnum segir hluta af upplifuninni að það sé torfært að ýmsum náttúruperlum.



**Það getur komið sér vel að vera með regnhlíf á ferðalagi um Ísland.**



**Ferðamönnum fannst ekki mikið mál að vaða drullu sem þessa heldur er það hluti af upplifuninni.**



**Þrátt fyrir veðrið gaf þessi ferðamaður sér smástund til að smella af sjálfsmynd við fossinn.**


UPPRUNAVOTTUÐ FRAMLEIÐSLA
Engin orka er vistvænni en kraftur góðrar hugmyndar. Nýja BMW i rafbílalínan er skínandi dæmi um það hvernig hönnuðir BMW leita sífellt nýrra leiða til að uppfylla nýjar þarfir og væntingar. Við framleiðslu BMW i3 er eingöngu notuð 100% hrein orka. Ný samsetningarverksmiðja BMW í Leipzig notast eingöngu við 100% hreina orku frá vindorkuverum og við koltrefjaframleiðsluna er eingöngu notast við orku frá vatnsorkuverum.
BMW i
Sheer Driving Pleasure
BMW EFFICIENTDYNAMICS.
i3 | 0 g $CO_2$/km | 125 kW (170 hp)
BMW i3
VISTVÆN HÖNNUN.
Nýr BMW i3 er enginn venjulegur bíll. BMW i3 setur ný viðmið í hönnun og drægni og er fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn í heiminum sem hannaður er með yfirbyggingu úr hástyrktum koltrefjum (carbon fiber). Koltrefjar hafa þann eiginleika að vera 50% léttari en stál og eru auk þess sterkari. Þessi nýja framúrstefnulega tækni við framleiðslu yfirbyggingarinnar veitir því fullkomið öryggi fyrir ökumann og farþega og er að auki ein helsta ástæða þess að eiginþyngd BMW i3 er ekki nema 1.245 kg sem tryggir honum mestu drægnina í sínum stærðarflokki.
300KM* MEÐ 94Ah RAFHLÖÐU
390KM* MEÐ 94Ah RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUVÉL (Range Extender)
BMW i3 er fáanlegur í tvenns konar útfærslu; sem 100% rafbíll dregur hann allt að 300 km* á hleðslunni en 390 km* með auka hleðsluvél (2ja strokka, 647cc bensínvél) sem tekur sjálfkrafa við og framleiðir rafmagn þegar rafhlaðan tæmist.
BMW i3 VERÐ FRÁ: 4.590.000 KR.
*Drægni hverrar hleðslu miðast við uppgefnar drægnitölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður. Raundrægni hverrar hleðslu fer eftir aksturslagi, hitastigi úti, leiðarvali og öðrum þáttum.
*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM79761
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Einkafjárfestar hverfandi í Icelandair

**Fáir einkafjárfestar eiga verulegan hlut í flugfélaginu. Sá stærsti er einkahlutafélagið Brimgarðar með 0,7 prósenta hlut, samkvæmt hluthafalista Icelandair á mánudag. Lífeyrissjóður verslunarmanna og LSR hyggjast styðja Úlfar og Magnús áfram til setu í stjórn.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Afar lítið er um einkafjárfesta í hluthafahópi Icelandair Group sem eiga um þessar mundir talsverða eignarhluti í félaginu. Samkvæmt lista yfir alla hluthafa flugfélagsins síðastliðinn mánudag, sem Fréttablaðið hefur séð, eru tíu stærstu einkafjárfestar á hluthafalista félagsins samanlagt aðeins með um 1,9 prósent í Icelandair. Markaðsvirði Icelandair hefur minnkað um 115 milljarða frá því í lok apríl 2016 samhliða því að hlutabréfaverð félagsins hefur lækkað um 60 prósent.

Í þessum hópi einkafjárfesta er eignarhaldsfélagið Brimgarðar, sem er í eigu Guðnýjar, Eggerts, Halldórs og Gunnars Gíslabarna, umsvifamest með tæplega 0,7 prósenta eignarhlut. Í árslok 2015 átti félagið hins vegar 0,35 prósenta hlut í Icelandair og hefur því tvöfaldað stöðu sína í félaginu á rúmlega einu ári. Miðað við gengi bréfa Icelandair við lokun markaða í gær er hlutur Brimgarða metinn á um 545 milljónir króna. Enga einkafjárfesta er að finna á opinberum lista yfir tuttugu stærstu hluthafa flugfélagsins en íslenskir lífeyrissjóðir eiga samanlagt vel yfir helmingshlut.

Þá á Högni Pétur Sigurðsson, fjárfestir og einn eigenda Domino's á Íslandi, um 0,35 prósenta hlut í Icelandair, bæði í eigin nafni og eins í gegnum eignarhaldsfélagið Nautica. Hjónin Bogi Þór Siguroddsson og Linda Björk Ólafsdóttir, sem eiga meðal annars Johan Rönning, eru með 0,2 prósenta hlut í gegnum félagið Sindrandi ehf. en sá hlutur er í dag metinn á um 159 milljónir. Í árslok 2015, samkvæmt hluthafalista Icelandair Group á þeim tíma, átti sama félag þeirra hjóna hins vegar 0,57 prósenta hlut.

Rétt er að taka fram að hluthafalisti Icelandair gefur ekki tæmandi mynd af því hvaða einkafjárfestar eru í reynd í eigendahópi félagsins hverju sinni. Margir þeirra kunna meðal annars að eiga talsverða hlutafjáreign í flugfélaginu í gegnum safnreikninga sem eru skráðir í nafni fjármálafyrirtækja eða framvirka samninga sem þeir hafa gert um hlutabréfaviðskipti í Icelandair.




Gengi Icelandair Group hækkaði um 1,27 prósent í 226 milljóna króna viðskiptum í Kauphöllinni í gær. Bréfin hafa lækkað um 28 prósent frá afkomuviðvörun félagsins sem gefin var út í lok janúarmánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

| Einkafjárfestar í Icelandair | Hlutur | Virði |
|---|---|---|
| **Brimgarðar ehf.** (Guðný, Eggert, Halldór og Gunnar Gíslabörn) | 0,69% | 546 milljónir |
| **Sindrandi ehf.** (Hjónin Bogi Þór og Linda Björk, eigendur Johann Rönning) | 0,20% | 159 milljónir |
| **Nautica ehf.** (Högni Pétur Sigurðsson, fjárfestir og einn eiganda Domino's) | 0,18% | 143 milljónir |
| **Högni Pétur Sigurðsson** | 0,17% | 136 milljónir |
| **Mini market ehf.** (eigendur samnefndrar pólskrar matvöruverslunar) | 0,12% | 97 milljónir |
| **Frístundabíllinn ehf.** (Gísli S. Friðjónsson, fyrrverandi eigandi Hópbíla) | 0,12% | 97 milljónir |
| **Þarabakki ehf.** (Daníel Helgason, fjárfestir) | 0,12% | 97 milljónir |
| **Ólafur Björnsson** (eigandi heildverslunarinnar Innness) | 0,11% | 84 milljónir |
| **Gunnar I. Hafsteinsson** (fyrrverandi útgerðarmaður) | 0,11% | 84 milljónir |

*Heimild: Hluthafalisti Icelandair Group 13. febrúar 2017.*

### Erlendir sjóðir með tvö prósent

Frá því var greint í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, í gær að fjórir bandarískir fjárfestingasjóðir ættu um þessar mundir rúmlega tveggja prósenta eignarhlut í Icelandair Group. Enginn einn fjárfestingasjóðanna kemst þó á opinberan lista yfir tuttugu stærstu hluthafa flugfélagsins. Markaðsvirði þeirra bréfa sem eru í eigu sjóðanna er í dag samtals um 1.600 milljónir. Fjárfestingasjóðirnir byrjuðu að kaupa bréf í Icelandair á árinu 2015 og frá því í ársbyrjun 2016 hafa sjóðirnir nærri þrefaldað eignarhlut sinn í félaginu.

Talsverð viðskipti hafa verið með bréf Icelandair Group á undanförnum dögum og síðastliðinn mánudag kom fjárfestir að kaupum á 50 milljónum hluta í félaginu á genginu 16, eða sem jafngildir eins prósents eignarhlut í Icelandair. Það voru markaðsviðskipti Kviku banka sem voru milligönguaðilar með þeim viðskiptum. Fram kom í Morgunblaðinu að samkvæmt heimildum blaðsins væru viðskiptin tengd stjórnarkjöri á aðalfundi Icelandair Group sem fer fram 3. mars næstkomandi. Frestur til að skila inn framboði til stjórnar er þar til fimm dögum fyrir aðalfund.

**1,9 %**
**er samanlagður eignarhlutur tíu stærstu einkafjárfestanna á hluthafalista Icelandair.**

### Horft til breytinga á stjórn

Margir fjárfestar í Icelandair, ásamt öðrum markaðsaðilum, horfa til þess að breytingar verði gerðar á stjórn félagsins á aðalfundinum. Hafa ýmsir gagnrýnt yfirstjórnendur Icelandair, bæði stjórnarmenn og aðra helstu stjórnendur félagsins, fyrir að hafa ekki komið fyrr fram með trúverðuga aðgerðaáætlun til að bregðast við vaxandi erfiðleikum í rekstrarumhverfi Icelandair. Afar líklegt er því talið að ýmsir hluthafar muni vilja sjá ný andlit í stjórn flugfélagsins.

Fjórir stærstu eigendur Icelandair Group – Lífeyrissjóður verslunarmanna, Stefnir, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og Gildi lífeyrissjóður – eiga samanlagt 46 prósent. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur ekki annað til hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna en að styðja áfram Úlfar Steindórsson, varaformann stjórnar, til stjórnarsetu og slíkt hið sama áformar LSR hvað varðar stuðning sinn við Magnús Magnússon. Meiri óvissa er um áform Stefnis, sem á 14,3 prósent í gegnum tvo hlutabréfasjóði í stýringu félagsins, en fram til þessa hefur sjóðastýringarfyrirtækið ekki stutt neinn tiltekinn einstakling til setu í stjórninni. Það gæti breyst á næsta aðalfundi.

### Íhugar framboð

Svanhildur Nanna, sem er á meðal stærstu hluthafa, ásamt með eiginmanni sínum, Guðmundi Erni Þórðarsyni, í VÍS og Kviku, bauð sig fram í stjórn Icelandair á aðalfundi flugfélagsins í mars í fyrra en hlaut ekki brautargengi. Í frétt Markaðarins 8. febrúar sagði Svanhildur aðspurð að það kæmi vissulega til greina að bjóða sig fram á ný sæi hún fram á að hluthafar væru tilbúnir í breytingar á stjórn félagsins. Svanhildur sagðist löngum hafa verið þeirrar skoðunar að það væri mikilvægt að jafnvægi ríkti milli svonefndra óháðra stjórnarmanna og stjórnarmanna sem hafa beina hagsmuni af árangri félaganna. „Það skortir nokkuð á það jafnvægi í stjórn Icelandair eins og sakir standa."

Þau hjónin hafa minnkað lítillega hlut sinn í Icelandair að undanförnu en Svanhildur staðfesti að þau ættu engu að síður um 15 milljónir hluta, sem jafngildir um 0,3 prósenta hlut. Sá hlutur er hins vegar ekki á þeirra eigin nafni eða fjárfestingafélags þeirra, samkvæmt hluthafalista Icelandair 13. febrúar síðastliðinn.

## Hagnaður Vodafone minnkaði um 22%

Hagnaður Vodafone nam 1.007 milljónum króna á árinu 2016 og dróst saman um 22 prósent frá fyrra ári. Þá lækkuðu heildartekjur fjarskiptafyrirtækisins um eitt prósent á milli ára og voru samtals 13.655 milljónir. EBITDA-hagnaður félagsins – afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta – nam 3.060 milljónum á síðasta ári og dróst saman um sex prósent.

Þetta kom fram í afkomutilkynningu sem Vodafone sendi frá sér í gær en þar segir að EBITDA-afkomuspá félagsins fyrir árið 2017 sé hækkuð á ný og er áætluð um 3.250 milljónir.

Í tilkynningu er haft eftir Stefáni Sigurðssyni, forstjóra Vodafone, að árið 2016 hafi að mörgu leyti verið „sérstakt ár í rekstri Fjarskipta hf. þar sem margt fór saman; miklar launahækkanir í tengslum við kjarasamninga, einskiptiskostnaður vegna húsnæðismála, hagræðingaraðgerða og vinnu sérfræðinga við áreiðanleikakönnun vegna hugsanlegra kaupa á 365 miðlum hf. Á sama tíma höfðu markaðsaðstæður neikvæð áhrif á meðaltekjur af viðskiptavinum. Mótvægisaðgerðir gengu vel þar sem vöxtur í fjölda viðskiptavina hefur ekki verið meiri í seinni tíð eða 7%. Sjónvarpsvörur félagsins skiluðu mikilli aukningu í tekjum sem unnu á móti fyrrgreindum neikvæðum þáttum þrátt fyrir lækkun tekna í heildsöludreifingu sjónvarps. Horfur í rekstri félagsins fyrir árið 2017 eru betri, þar sem ætla má að hagræðingaraðgerðir árið 2016 og vöxtur viðskiptavina skili sér í betri rekstri árið 2017."

Stefán segir að enn sé unnið að gerð kaupsamnings vegna fyrirhugaðra kaupa á ljósvaka- og fjarskiptahluta 365 miðla og eru bundnar vonir við að sú vinna klárist fyrir lok fyrsta ársfjórðungs. **– hae**




**Stefán Sigurðsson, forstjóri Vodafone, segist búast við betri afkomu árið 2017.**

**13,7**
**milljarðar króna voru tekjur Vodafone á árinu 2016.**

## Bréf Haga lækkuðu um 3%

Hlutabréfaverð verslunarfyrirtækisins Haga og Fjarskipta hf. lækkaði um þrjú prósent í Kauphöll Íslands í gær. Bréf Haga lækkuðu í 506 milljóna króna viðskiptum en velta með hluti í Fjarskiptum nam 509 milljónum.

Samkvæmt viðmælendum Vísis á hlutabréfamarkaði hafði frétt Markaðarins, fylgirits Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, um áhrif komu Costco á heildsöluverð innflutningsfyrirtækja, að öllum líkindum talsverð áhrif á gengi bréfa Haga. Þeir eiga og reka innflutningsfyrirtækið Aðföng. Sérfræðingar hagfræðideildar Landsbankans gáfu í september síðastliðnum út að Hagar gætu misst um tvo milljarða króna af ársveltu sinni til Costco þegar fyrirtækið opnar hér í maí.

Bréf VÍS lækkuðu einnig eða um 2,6 prósent. Þar á eftir kom upplýsingatæknifyrirtækið Nýherji með lækkun upp á 1,9 prósent.




**Aðföng annast innkaup, birgðahald og dreifingu fyrir Haga.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**506**
**milljóna króna velta var í viðskiptum með bréf Haga.**

Icelandair Group var aftur á móti hástökkvari dagsins en gengi bréfa flugfélagsins hækkaði um 1,3 prósent. Alls hækkuðu sjö félög á Aðallistanum í virði en níu sáu rauðar tölur. Bréf tryggingafélaganna Sjóvár og TM stóðu í stað. **– hg**


Það er kominn matur!
Nýr þáttur í opinni dagskrá
Hefst í kvöld kl. 20.00 í Sjónvarpi Símans
Inga Lind Karlsdóttir og Ólafur Örn meistarakokkur leiða okkur um landið í leit að sannleikanum um íslenska matargerð. Rætt er við þjóðþekkta Íslendinga um hvernig íslenskur matur hefur mótað þá. Fyrsti þáttur er kominn inn í Sjónvarp Símans Premium.
ora
SS
HAGKAUP

# Vatnið sótt yfir lækinn



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Íslensk erfðagreining hefur boðið lögreglunni að annast DNA-rannsóknir á lífsýnum sem lögreglan aflar í þágu rannsóknar sakamála án þóknunar. Í dag eru þessi sýni send til Svíþjóðar með tilheyrandi kostnaði.

Að minnsta kosti tvennt myndi ávinnast með því að fela Íslenskri erfðagreiningu að rannsaka lífsýni í stað þess að senda þau út. Í fyrsta lagi myndi slíkt vera til þess fallið að hraða rannsóknum sakamála. Í öðru lagi væri hægt að spara peninga sem er eftirsóknarvert markmið þar sem lögreglu er þröngt sniðinn stakkur.

Lögreglan fékk býsna skjótt niðurstöður úr mikilvægum lífsýnarannsóknum á fyrstu stigum rannsóknar á manndrápsmálinu í Hafnarfirði en hefur þurft að bíða rúmar þrjár vikur eftir öðrum niðurstöðum. Þær munu styrkja sönnunarfærslu í máli þar sem engin játning liggur fyrir.

Ekki eru í lögum um meðferð sakamála leiðbeiningar til lögreglu um hverjum hún eigi að fela rannsóknir á lífsýnum. Þar kemur einungis fram að henni sé heimilt að taka lífsýni í þágu rannsóknar sakamáls. Lögreglan hefur sent sýnin út því hún hefur ekki aðstöðu til að rannsaka þau.

Í fljótu bragði er erfitt að sjá hvers vegna lögreglan ætti ekki að fela Íslenskri erfðagreiningu að annast þessar rannsóknir. Sérstaklega í ljósi þess að fyrirtækið er bundið af lögum og gæti aðeins meðhöndlað þessi lífsýni í samræmi við þann lagaramma sem gildir um rannsókn og meðhöndlun lífsýna. Í þessu sambandi skiptir engu máli þótt starfsfólk Íslenskrar erfðagreiningar bjóði fram þann valkost að lífsýni sem aflað er í þágu rannsóknar sakamáls kunni í framtíðinni að vera borið saman við lífsýnasöfn fyrirtækisins með það fyrir augum að upplýsa um málsatvik í sakamáli. Ekki er heimilt að nota lífsýni sem veitt er í þágu vísindarannsókna í öðrum tilgangi nema með sérstöku leyfi og um lífsýnasöfn gilda lög um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga. Fram kemur í lögunum að heimilt sé að fengnu leyfi Persónuverndar og vísindasiðanefndar, þegar það á við, að nota lífsýnin í öðrum tilgangi en fram kemur í lögunum ef brýnir hagsmunir mæli með því og ávinningurinn vegi þyngra en hugsanlegt óhagræði fyrir lífsýnisgjafann eða aðra.

Af þessu leiðir að ekki er hægt að nota sýni sem veitt er vegna vísindarannsóknar í samanburðarrannsókn á lífsýnum sem aflað er við rannsókn sakamáls nema með sérstöku leyfi.

Þetta mál snýst ekki um Íslenska erfðagreiningu, Kára Stefánsson eða Sigríði Andersen eða hvað þeim finnst rétt að gera. Þetta mál snýst um það hvort við eigum að nota vísindaþekkingu sem er til staðar hér á landi til að hraða rannsóknum sakamála. Það eru hagsmunir almennings að rannsóknir sakamála gangi hratt og vel fyrir sig.

> **Í fljótu bragði er erfitt að sjá hvers vegna lögreglan ætti ekki að fela Íslenskri erfðagreiningu að annast þessar rannsóknir.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Verslunin**
Rannsóknasetur verslunar og þjónustu sagði frá því í gær að almennt hefði velta í smásöluverslun í janúar aukist, að undanskilinni fata- og skóverslun, sem dróst nokkuð saman frá janúar í fyrra. Verðlag var lægra í öllum vöruflokkum sem mælingin nær til nema áfengi, sem hækkaði lítillega í janúar. En þótt hækkunin hafi ekki verið mikil í janúar má ljóst heita að síðastliðin áratug hefur áfengi hækkað verulega. Og þá má spyrja hvort sama staða sé komin upp núna og hjá Þórði heitnum Guðjohnsen forðum sem sagði: „Nú er brennivínið orðið svo dýrt, að ég hef ekki efni á að kaupa mér skó.“

**Ábyrgð deiluaðila**
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ætlar að standa í lappirnar og láta útgerðarmenn og sjómenn um að leysa kjaradeilu sína án aðkomu Alþingis. Þetta er virðingarvert afstaða hjá ráðherranum. Útgerðarmenn og sjómenn starfa á frjálsum markaði og njóta ávaxta erfiðis síns þótt þeir greiði skatta eins og önnur fyrirtæki og hóflegt auðlindagjald. Það er því rétt hjá ráðherra að ábyrgðin á lausn vandans liggur hjá deiluaðilum og fullkomin óþarfi hjá henni að fyllast einhverjum messíasarkomplexum sem hefði í för með sér milljarða kostnað fyrir hið opinbera. jonhakon@frettabladid.is

# Rannsaka hvað?



Birgir Guðjónsson
læknir

Sænsk-íslenska plastbarkamálið er prófsteinn á heilbrigðiskerfi viðkomandi landa. Það sænska reynir að bæta starfshætti, en það íslenska kolfellur. Skiptir það máli að tilraunasjúklingurinn sem sendur var frá Landspítala háskólasjúkrahúsi til Karólínska sjúkrahússins var ekki íslenskur ríkisborgari?

Í Svíþjóð er viðurkennt að plastbarkamálið sé mikill álitshnekkir fyrir sænskt heilbrigðiskerfi og merkustu stofnun þess, Karolinska Institut og sjúkrahús. Nóbelsnefndarmenn hafa þurft að segja af sér. Öll stjórn Karolinska Institut var rekin af ríkisstjórn Svíþjóðar, jafnvel þeir sem voru fjarri ákvarðanatöku eða aðgerð, sem og margir yfirmenn. Almenningur er þannig laus undan dómgreind og ákvarðanatöku þessara aðila.

**Hvað með Ísland?**
Íslenskir læknar voru virkir aðilar að plastbarkamálinu, með tilvísun fyrsta sjúklings, leyfisveitingu aðgerðar, þátttöku í aðgerð og „vísindaskrifum“.

„Óháð“ rannsóknarnefnd hefur verið skipuð af Háskóla Íslands og Landspítala en eingöngu skipuð eigin fólki, fyrrverandi háskólakennara og nemendum, en engum utanaðkomandi! Umræður um hæfi dómara með tilliti til tengsla við álitaefnið virðast hafa farið fram hjá ráðamönnum þessara stofnana.

Háskólinn hefur þegar vegsamað aðild sína með kynningu í Hátíðasal Háskólans. Landspítalinn sem vísaði fyrsta sjúklingnum í þessa tilraunaaðgerð hefur lýst yfir trausti á eigin læknum og framkvæmd. Læknarnir hafa mikið látið á sér bera fyrir framtakssemi og dáðir í óskyldum málum, röggsemi í embættisframkvæmd og jafnvel deilt opinberlega um hver beri meiri umhyggju fyrir LSH. Hvernig væri að rannsaka að fyrrverandi forstjóri Karólínska sjúkrahússins sem í raun leyfði aðgerðina og væri ekki lengur gjaldgengur til stjórnunarstarfa þar í landi skuli vera gerður að landlækni á Íslandi og æðsta yfirmanni íslensks heilbrigðiskerfis? Pólitísk embættisveiting með óáfrýjanlegu valdi tryggir ekki faglega dómgreind. Það er nauðsynlegt að yfirmenn njóti trausts undirmanna.

Skyldi myglan á fjársveltu hjúkrunarheimili vera óbætanlegri en myglan á LSH?

> **Pólitísk embættisveiting með óáfrýjanlegu valdi tryggir ekki faglega dómgreind.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Endurreisn heilbrigðiskerfisins – án hjúkrunarfræðinga?




**Helga Jónsdóttir**
prófessor og deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands

**Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir**
lektor og forstöðumaður fræðasviðs í bráðahjúkrun á Landspítala og Hjúkrunarfræðideild

Nýr ríkisstjórnarsáttmáli kveður á um endurreisn íslensks heilbrigðiskerfis. Það er mikið fagnaðarefni enda löngu vitað að heilbrigðisþjónustan er komin í óefni. Í skýrslu McKinsey ráðgjafarfyrirtækisins, Lykill að fullnýtingu tækifæra Landspítalans, sem birt var í lok síðasta árs, stakk það í augun að umfjöllun um störf hjúkrunarfræðinga, stærstu heilbrigðisstéttarinnar, komst vart á blað. Það er von að illa sé komið fyrir okkur þegar burðarás íslenskrar heilbrigðisþjónustu er ráðgjöfum yfirvalda nær ósýnilegur.

Skortur á hjúkrunarfræðingum til lengri og skemmri tíma er alvarleg staðreynd og birtist meðal annars í skorti á legurýmum, langri dvöl sjúklinga á bráðamóttöku, lengingu biðlista og ekki síst ógn við öryggi sjúklinga. Grundvallarforsenda endurreisnar heilbrigðiskerfisins er annars vegar að skapa hjúkrunarfræðingum betra starfsumhverfi og réttlát laun og hins vegar að fjölga menntuðum hjúkrunarfræðingum.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Landspítali háskólasjúkrahús hafa kallað með skýrum hætti eftir fjölgun útskrifaðra hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands hefur í samstarfi við Landspítala brugðist við þessu ákalli og hefur stórlega fjölgað námsplássum í grunnnámi. Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild HÍ fyrir skólaárið 2017-2018 kveður á um 120 nemendur. Þessi fjölgun er möguleg vegna þess að námskráin bæði í grunn- og framhaldsnámi hefur verið endurskoðuð og Landspítali hefur endurskoðað möguleika á námsplássum.

Endurskoðuð námskrá í grunn- og framhaldsnámi í hjúkrunarfræðideild miðar að því að koma til móts við auknar þarfir samfélagsins fyrir hjúkrun og nútíma kennsluhætti.

Í endurskoðaðri námskrá í grunnnámi er áhersla á að

a) efla nám í Færnisetri (pre-klínísk kennsla).

b) beita fjölbreyttum kennsluháttum t.d. auka vægi umræðutíma og tilfellakennslu, nýta tæknileg úrræði og efla samfélag nemenda og kennara.

c) þjappa saman klínískum námstíma í fámennum sérgreinum og efla annars staðar, m.a. í heilsugæslu.

d) hámarka nýtingu námstíma á vettvangi m.a. með því að nýta alla mögulega daga til klínísks náms, að vettvangskennarar séu ráðnir af hjúkrunarfræðideild og fái svigrúm frá sínu daglega starfi til kennslu.

e) lengja skólaárið, einkum á þriðja námsári

Í endurskoðaðri námskrá meistaranáms er, í takt við þarfir samfélagsins, lögð áhersla á að efla starfssvið sérfræðinga í hjúkrun. Þannig verður kennsla í sérgreinum hjúkrunar styrkt: hjúkrun bráðveikra og langveikra, hjúkrunarstjórnun, krabbameins-, öldrunar-, geð-, gjörgæslu-, heilsugæslu- og heimahjúkrun. Fjölgun skurð- og svæfingahjúkrunarfræðinga er einnig sérstakt verkefni vegna áorðins skorts í þeim sérgreinum. Nú mun nám að meistaragráðu í hjúkrunarfræði taka 5,5 ár í stað 6 ára áður. Grunnnámið hefur verið styrkt samsvarandi.

Þessar umfangsmiklu breytingar á námi í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands eru gerðar í trausti þess að ríkisstjórnin standi við gefin loforð um endurskoðun fjármögnunar háskólanáms en reiknilíkönum stjórnvalda er þar grundvallarforsenda. Hjúkrunarfræðideild hefur verið rekin

**Við skorum á stjórnvöld að undanskilja ekki menntun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra þegar forgangsraðað verður verkefnum í þágu heilbrigðis þjóðarinnar.**

með verulegum halla undanfarin ár. Þrátt fyrir að reikniflokkur fyrir hjúkrunarfræði, 3. reikniflokkur, hafi hækkað mest allra reikniflokka að prósentutölu eftir efnahagshrunið 2008, hefur hið sama ekki gilt um raunkrónutöluhækkun. Fjármögnun náms í hjúkrunarfræði er ekki í takti við þá kennslu sem þarf að fara fram til að útskrifa hæfa hjúkrunarfræðinga til starfa í heilbrigðiskerfi nútímans.

Í sáttmála nýrrar ríkistjórnar eru áform um að endurskoða reikniflokka háskólanáms og gefur það von um að betri tímar séu fram undan.

Sáttmáli nýrrar ríkisstjórnar kveður á um að heilbrigðismál hafi forgang. Til að veita góða heilbrigðisþjónustu þarf hjúkrunarfræðinga. Við skorum á stjórnvöld að undanskilja ekki menntun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra þegar forgangsraðað verður verkefnum í þágu heilbrigðis þjóðarinnar.





Veldu sigurvegara!

Siemens og Bosch í efstu sætunum!

Bakstursofninn HB 63A1520S frá Siemens fékk hæstu einkunn í nýjustu prófunum Testfakta í Svíþjóð (www.testfakta.se) á bakstursofnum með sjálfhreinsun („pyrolysis").

Annað sætið vermir bakstursofninn HBG 673CS1S frá Bosch sem fékk toppeinkunn fyrir hitadreifingu og orkunotkun.

Þú þarft aldrei að þrífa þessa ofna. Pyrolys-hreinsikerfið sér um það.

Líttu inn til okkar núna. Þú átt skilið að fá sigurvegara í eldhúsið þitt.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Það er alltaf eigandi



Ögmundur Jónasson
fv. alþingismaður

Íslendingar hafa gengið í gegnum ýmsar breytingar í húsnæðismálum. Hlutfall þeirra sem búa í eigin húsnæði er hér á landi hærra en víðast hvar. Lengi vel átti þetta við um alla tekjuhópa þökk sé verkamannabústaðakerfinu, sem tryggði lágtekjufólki lánsfjármagn á viðráðanlegum kjörum til húsnæðiskaupa.

**Agnúast út í félagslegar lausnir**
Síðan kom kaupleigukerfið og um tíma var föndrað við að hækka lánshlutfall Íbúðalánasjóðs fyrir kaupendur að fyrstu íbúð, aðgerð sem hefur verið svert og snúið út úr allt fram á þennan dag. Allt voru þetta aðferðir til að auðvelda tekjulitlu fólki og meðaltekjuhópum að komast yfir húsnæði, en allar aðferðirnar eiga það sammerkt að þær sættu harðvítugum andróðri af hálfu þeirra sem ekki máttu heyra minnst á mismunun á markaði og fundu öllum tilraunum til að draga úr harðýðgi hans allt til foráttu.

**Skilningsleysi bæjarstjórans?**
Nú er markaðurinn aftur orðinn mál málanna. Bæjarstjórinn í Kópavogi beinir spurningum til lífeyrissjóða um hvort það sé rétt og yfirleitt réttlætanleg leið fyrir þá til að ávaxta pund félaga lífeyrissjóðanna að græða á sömu lífeyrisþegum í formi leigutekna.

Þessi athugasemd bæjarstjórans er fullkomlega réttmæt.

Viðbrögðin hafa hins vegar verið í gamalkunnum tóni. Skilur bæjarstjórinn ekki eðli markaðarins, er spurt með þjósti, veit hann ekki að allt leitar í jafnvægi ef tekst að tryggja nægilegt framboð á leiguhúsnæði? Hefur maðurinn aldrei heyrt um lögmál framboðs og eftirspurnar?

Auðvitað er lykilatriði að húsnæði sé yfirleitt fyrir hendi, en það er ekki sama hver sér fyrir framboðinu á þessu húsnæði og á hvaða forsendum það er gert.

Lífeyrissjóðir fjárfesta til að hafa arð af fjárfestingu sinni. Það segja þeir sjálfir að sé ófrávíkjanleg regla, annað sé einfaldlega brot á réttindum sjóðsfélaga, eigenda sjóðanna. Þetta höfum við heyrt oft – alltof oft – sem réttlætingu fyrir hávaxtastefnu, að ógleymdri óbilgirninni í kjölfar hrunsins.

**Hverjir reyna að græða?**
En reyna ekki allir að græða á fjárfestingum sínum? Flestir, en ekki allir.

Leigufélögin sem nú ryðja sér til rúms ætla að græða á leiguhúsnæði. Það er hins vegar ekki markmiðið með rekstri Félagsíbúða í Reykjavík. Og það hefur ekki verið markmið annarra félagslegra íbúðakerfa á vegum sveitarfélaganna.

Sama á við um íbúðir á vegum Öryrkjabandalagsins, samtaka námsmanna og félagslega þenkjandi samtaka. Þessi rekstur er að eðli til frábrugðinn því að bjóða fram leiguhúsnæði í ábataskyni.

Nú eru gróðaöflin eina ferðina enn að búa í haginn til þess að hagnast á þeim frumþörfum sem við öll höfum, það er að leita lækningar við kvillum og sjúkdómum sem hrjá okkur og síðan að komast í öruggt húsaskjól. Að mínu mati á hvorugt þessa að verða nokkrum aðila gróðalind – ekki heldur lífeyrissjóðum. Hvort tveggja á að vera félagslegt úrlausnarefni.

**Segja eitt en gera annað**
Vonandi er óþarfi að taka fram að hér er verið að tala um hið almenna fyrirkomulag og þá hvernig opinberir aðilar og hálfopinberir, eins og lífeyrissjóðir sem byggja tilveru sína á lögþvingun, eigi að koma að þessum málum.

Við vissar aðstæður í lífinu getur verið ákjósanlegt og eftirsóknarvert að leigja, á meðan fólk er í námi, er í hreyfanlegri vinnu og svo framvegis. Síðan eru þau vissulega til, sem líður betur í leiguhúsnæði, þá á það að geta verið þeirra val.

En það eru öll hin sem hafa ekkert val, sem forræðishyggjan vill beina í leiguhúsnæði. Fæstir sem vísa veginn búa sjálfir í leiguhúsnæði vel að merkja, heldur hafa fest kaup á eigin íbúð eða húsi.

**Félagslegt húsnæði eða eigið?**
Það segir sig sjálft að ef ekki er um að ræða félagslegt leiguhúsnæði sem stendur utan gróðamarkaðar, nokkuð sem ég er eindregið fylgjandi og lít engan veginn á sem neyðarbrauð heldur fýsilegan valkost, þá er það nú svo að eiginhúsnæði er að jafnaði ódýrasti kosturinn. Einfaldlega vegna þess að þá lenda þeir fjármunir sem ella hefðu orðið að hagnaði leigufyrirtækisins, hjá þeim sem býr í húsnæðinu og hefur eignarhaldið á sinni hendi.

Sú staðreynd sem alltof oft virðist gleymast í þessari umræðu er að húsnæði er alltaf í eigu einhvers, bæjarfélags, félagslegs leigusala, leigusala sem tekur sér arð og stundar útleigu húsnæðis til ábataskópunar eða þá íbúans sjálfs.

Formin eru mismunandi, en það er alltaf eigandi. Gleymum því ekki!




# Fastir liðir eins og venjulega

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Sagan hefur svartan húmor, stundum kolsvartan. Hún endurtekur sig ef menn fást ekki til að læra af henni. Hér eru að gefnu tilefni fáeinar orðréttar tilvitnanir í eigin skrif um bankamál frá árunum 1987-2016.

- „Skipulagsvandi bankakerfisins er óleystur enn.“ (Morgunblaðið, 14/8/1987).
- „ … er það auðvitað afar brýnt, að þannig verði staðið að einkavæðingunni, þegar þar að kemur, að hún verði á engan hátt til þess að rýra traust bankanna innan lands eða út á við.“ (Fjármálatíðindi, 1993).
- „Einkavæðingu Landsbankans er bersýnilega ekki lokið.“ (Fréttablaðið, 20/2/2003).

**Sérpússuð silfurföt**

- „Eitt er næsta víst um stjórnmálamenn og flokka, sem hafa látið sig hafa það að afhenda fáum útvöldum verðmæter sameignarauðlindir á sérpússuðu silfurfati í stað þess að setja upp sanngjarnt verð, og það er þetta: þeim er þá varla heldur treystandi til að koma ríkisfyrirtækjum í verð. Úr því að þeir afhentu völdum útvegsmönnum fiskikvótann án endurgjalds (og harðneita enn sem fyrr að opna flokksbækurnar aftur í tímann), hví skyldu þeir þá ekki hafa sama háttinn á einkavæðingu ríkisfyrirtækja? … Í þeim löndum, þar sem fyrirtæki hafa verið færð úr ríkiseigu í einkaeign undanfarin ár, hafa víða verið sett sérstök lög til að tryggja, að einkavæðingin nái tilgangi sínum og rétt verð fáist fyrir eignirnar, og einnig til að girða fyrir mistök eða bæta fyrir þau í tæka tíð. Í slíkri löggjöf eru því gjarnan endurskoðunarákvæði til taks, komi t.d. á daginn, að almannahagur hafi verið borinn fyrir borð. Hér hafa engin slík ákvæði verið leidd í lög.“ (Fréttablaðið, 2. júní 2005.)
- „Einkavæðing bankanna var klæðskerasaumuð handa einkavinum valdsins svo sem ráða má t.d. af lögum frá 2002 um fjármálafyrirtæki, en þar stendur í 52. grein: „Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, …“ Höfundur þessa lagatexta mætti gjarnan gefa sig fram. … Rökin fyrir því, að ríkið eigi helzt ekki að standa í bankarekstri, ekki frekar en öðrum rekstri, sem heilbrigt einkafraktak ræður við, standa enn óhögguð. Gildir þá einu, að ríkisbankarekstur tíðkast sums staðar erlendis, t.d. í Þýzkalandi, og ríkið hefur víða þurft að koma bönkum til bjargar, m.a.s. í Bandaríkjunum. Spillt einkavæðing er ekki áfellisdómur yfir einkavæðingu, heldur yfir spillingu.“ (DV, 11/11/ 2011)
- „Frumvarp Eyglóar Harðardóttur alþingismanns um, að birtar verði upplýsingar um, hverjir hafa fengið afskrifaðar skuldir yfir 100 mkr. í bönkunum, náði ekki fram að ganga á Alþingi. Fram kemur í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis (2. bindi, bls. 200-201), að tíu alþingismenn skulduðu bönkunum hver um sig 100 mkr. eða meira, þegar bankarnir hrundu, sumir miklu meira. Meðalskuld þessara tíu þingmanna við bankana var 900 mkr. Enn hefur ekki verið upplýst, hversu farið var með þessar skuldir alþingismannanna tíu. Hver getur tekið mark á slíkum þingmönnum í umræðum um bankamál? … Þessar upplýsingar skipta máli vegna þess, að bankarnir hafa látið bera varnarlausa viðskiptavini út af heimilum sínum í stórum stíl … Bankaleynd á rétt á sér að vissu marki, en henni má ekki misbeita til að mismuna viðskiptavinum bankanna. Í bönkum eins og annars staðar eiga allir að sitja við sama borð.“ (DV, 15/3/2013).
- „Án heilbrigðrar erlendrar og innlendrar samkeppni jafngildir bankarekstur leyfi til að prenta peninga með því að rýja varnarlausa viðskiptavini inn að skinni.“ (Fréttablaðið, 5/2/2015).

**Skraddarasaumur handa einkavinum**

- „Einkavæðing bankanna 1998-2003 mistókst svo hrapallega að Ísland varð að viðundri þegar bankarnir hrundu allir sem einn 2008. Lagaskilyrði sem eigendur banka þurfa að uppfylla voru skraddarasaumuð handa einkavinum. Í ljósi reynslunnar er ærin ástæða til að vera nú á varðbergi gagnvart áformum ríkisstjórnarinnar um eignarhald bankanna, ríkisstjórnar sem vílar ekki fyrir sér að afhenda örfáum útvegsmönnum tugmilljarða virði í makrílkvóta, meðan heilbrigðiskerfið getur ekki sinnt frumskyldum vegna fjárskorts.“ (Fréttablaðið, 7/5/2015).
- „ … 7. nóvember 2012, samþykkti Alþingi að skipa þriggja manna rannsóknarnefnd til að rannsaka einkavæðingu bankanna 1998-2003 … Þingsályktunartillagan var samþykkt samhljóða með 24 atkvæðum, en 11 þingmenn sátu hjá og 28 voru fjarstaddir … Meðal þeirra 24 þingmanna sem stóðu að samþykkt tillögunnar var Pétur H. Blöndal sem nú er látinn, en enginn annar sjálfstæðismaður og enginn framsóknarmaður studdi samþykktina. … Með einni heiðvirðri undantekningu höfðu þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar engan áhuga á að rannsaka einkavæðingu bankanna … Arionbanki og Landsbankinn sæta nú harðri gagnrýni fyrir að selja eigur úr safni sínu völdum aðilum á „hóflegu verði“ eins og ekkert hafi í skorizt. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks býst nú til að einkavæða banka á nýjan leik án þess að hafa gert upp við árin 1998-2003. Þeir sem neita að læra af sögunni eru dæmdir til að endurtaka hana.“ (Fréttablaðið, 28/1/2016).

# Lífeyrir á að hækka í 400 þúsund fyrir skatt!



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Alþingi hefur komið saman á ný eftir jólaleyfi. Ég tel, að eitt fyrsta verk þingsins eigi að vera það að leiðrétta kjör aldraðra og öryrkja. Þau kjör, sem öldruðum og öryrkjum bjóðast í dag eru ekki boðleg. Þau voru úrelt um leið og þau tóku gildi um síðustu áramót. Félag eldri borgara í Reykjavík segir, að þessi lægsti lífeyrir verði að hækka. Ég er að sjálfsögðu að tala um kjör þeirra eldri borgara og öryrkja, sem eingöngu hafa lífeyri almannatrygginga.

**Fyrri ríkisstjórn lét undan**
Fyrrverandi ríkisstjórn ætlaði upphaflega ekki að hækka lífeyri þessa hóps um eina einustu krónu. Það átti að hafa þennan lægsta lífeyri óbreyttan. En vegna mikilla mótmæla eldri borgara í ræðu og riti; fylgt eftir með stórum mótmælafundi í Háskólabíói, lét ríkisstjórnin undan síga og ákvað örlitla hækkun á lífeyri. Hækkunin var þessi: Hjá þeim, sem voru í hjónabandi eða sambúð, var hækkunin 12 þúsund krónur á mánuði. Lífeyrir fór í 197 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Hjá einhleypum var hækkunin þessi: 20 þúsund kr. á mánuði. Lífeyrir fór í 227 þúsund á mánuði eftir skatt. Þessar upphæðir eru að sjálfsögðu alltof lágar og engin leið að lifa af svo litlum lífeyri. Það er í rauninni furðulegt, að fyrrverandi ríkisstjórn skyldi telja þessar upphæðir ásættanlegar.

**Þarf 400 þúsund á mánuði fyrir skatt**
Hvað þarf eldri borgari og öryrki mikið sér til framfærslu? Hvað þarf að hækka lífeyrinn mikið til þess að hann sé sómasamlegur? Samkvæmt neyslukönnun Hagstofu Íslands (könnun á meðaltalsútgjöldum heimila í landinu) er meðaltalsneyslan 321 þúsund kr. á mánuði hjá einhleypingum. Engir skattar eru inni í þeirri tölu. Talan er því sambærileg upphæð lífeyris aldraðra einhleypinga eftir skatt. Fyrir skatt eru það rúmlega 400 þúsund kr. Þetta eru m.ö.o. þær upphæðir, sem ég tel hæfilegar fyrir aldraða og öryrkja.

**Engar ráðagerðir hjá ríkisstjórninni um hækkanir**
Ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um ríkisfjármálaáætlun til næstu 5 ára. Í tengslum við framlagningu áætlunarinnar hefur komið fram hjá ríkisstjórninni, að ekki sé unnt að auka útgjöld til innviða. Það þýðir, að ekki er meiningin að verja neinu nýju fjármagni til þess að bæta kjör aldraðra og öryrkja og heldur ekki til heilbrigðiskerfisins þó það heiti svo, að sá málaflokkur eigi að hafa forgang. En slík yfirlýsing án fjármagns er marklaus. Ríkisstjórnin boðar algera kyrrstöðu. Er ekki eðlilegt, að Íslendingar fái að njóta sambærilegrar samneyslu, sama velferðarkerfis og aðrar Norðurlandaþjóðir? Talsvert vantar á, að svo sé. Góðærið hér á að gera það kleift að ná því marki.

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

ALLIR BÍLALEIGUBÍLAR Í ÁBYRGÐ!

EKKI MISSA AF ÞESSU!

MEIRIHÁTTAR TILBOÐ!
ALLT AÐ 500.000 KR. AFSLÁTTUR

KOMDU Í DAG!



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 1.690.000 kr.**
~~Verð 1.890.000 kr.~~
**Citroën C3 Seduction** FKP64
04/2016, 1,2 bensín, beinskiptur.
Grár. Ek. 30.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 2.190.000 kr.**
~~Verð: 2.390.000 kr.~~
**Ford Fiesta Titanium** EYP51
04/2016, 1,0i bensín, sjálfskiptur.
Grár. Ek. 30.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
~~Verð 3.190.000 kr.~~
**Ford Focus Titanium** GVV35
04/2016, 1,0i bensín, sjálfskiptur.
Brúnn. Ek. 29.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



160.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 1.490.000 kr.**
~~Verð 1.650.000 kr.~~
**Citroën Nemo Fourgon** PYU76
07/2014, 1,3HDi dísil, beinskiptur.
Hvítur. Ek. 23.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



300.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 3.390.000 kr.**
~~Verð: 3.690.000 kr.~~
**Ford Kuga Titanium** SSE78
06/2015, 2,0 TDCi dísil, beinskiptur.
Hvítur. Ek. 88.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



400.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 2.690.000 kr.**
~~Verð 3.090.000 kr.~~
**Ford Mondeo Titanium** JFU00
03/2013, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur.
Silfur. Ek. 72.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



500.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 2.990.000 kr.**
~~Verð 3.490.000 kr.~~
**Ford Mondeo Titanium STW** NNH52
04/2014, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur
Grænn. Ek. 65.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 2.490.000 kr.**
~~Verð: 2.690.000 kr.~~
**Mazda 3 Vision** NIF70
04/2016, 2,2 SKYACTIV bensín, beinskiptur.
Hvítur. Ek. 30.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 3.190.000 kr.**
~~Verð: 3.390.000 kr.~~
**Peugeot 3008 Allure** JOM24
05/2016, 1,6 HDi Dísil, sjálfskiptur.
Grár. Ek. 33.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 4.190.000 kr.**
~~Verð: 4.390.000 kr.~~
**Mazda CX-5 Vision** SVX98
12/2015, 2,2 SKYACTIV dísil, sjálfskiptur.
Grár. Ek. 72.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 2.490.000 kr.**
~~Verð: 2.690.000 kr.~~
**Ford Focus Trend Edition** DHX81
05/2016, 1,0i bensín, beinskiptur.
Hvítur. Ek. 36.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**



340.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 1.990.000 kr.**
~~Verð 2.330.000 kr.~~
**Citroën C4 Feel** GXJ53
05/2015, 1,6HDi dísil, beinskiptur.
Silfur. Ek. 44.000 km.
**Í ÁBYRGÐ**

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Allt að 90% fjármögnun í boði
- Komdu og prófaðu

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Myndir af bílunum eru aðeins tákn um bíla sömu gerðar og því getur útbúnaður og litur verið frábrugðinn.

# Af hverju rafmagn í samgöngur?



**Sigurður Ingi Friðleifsson**
framkvæmdastjóri Orkuseturs

**Það er alveg þess virði að styðja við rafbílavæðingu með ívilnunum því þannig fáum við ekki bara hagkvæmari samgöngur í framtíðinni heldur einnig alls konar aukabónusa eins og minni koltvísýring, minni mengun, minni hávaða, minni gjaldeyriseyðslu og meira orkuöryggi.**

Það er von að margir spyrji af hverju menn eins og ég vilji endilega troða raforku inn í síðasta vígi jarðefnaeldsneytis, þ.e.a.s. samgöngur. Er ekki nóg að raforka keyri allt annað í okkar daglega lífi, allt frá farsímum til frystiskápa?

Tærustu rökin fyrir því að auka hlut raforku í samgöngum eru orkuýtni. Flestir hugsa um olíu í lítrum eða tunnum og raforku í wöttum eða kWst. Líkt og rafmagn er olía bara orka og í einum bensínlítra eru um 10 kWst. Köllum þetta bara orkueiningar til einföldunar. Eyðslunettur bensínbíll sem eyðir 6 l/100km er þá að nota um 60 orkueiningar fyrir hverja 100 km sem eknir eru. Rafbíll af svipaðri stærð þarf hins vegar ekki nema 20 orkueiningar fyrir sömu 100 km eða einungis um þriðjung af þeirri orku sem bensínbíllinn þarfnast. Rafbílar skila sem sagt sömu þjónustu með minna magni af orku. Ef við líkjum þessu við að búa til grjónagraut þá þyrfti þrjá mjólkurlítra til að útbúa einn pott af „bensín“-graut en bara einn lítra af mjólk til að útbúa sama magn af „raf“-grautnum.

Í þessu felst rekstrarhagkvæmni rafbíla því að í grunninn er verð á olíu og rafmagni svipað. Það er reyndar djarft að bera orkuverð raforku og olíu saman enda óteljandi breytur sem spila inn í. Ef við skoðum samt meðalbensínverð í gegnum árin án virðisaukaskatts og veggjalda og raforkuverð án virðisauka þá liggur verð á orkueiningu (kWst) í kringum 10 kr. bæði fyrir olíu og rafmagn.

Það er sem sagt ekki lágt verð á raforku sem gerir rafbílinn eftirsóknarverðan heldur sú staðreynd að þú þarft þrefalt meira af olíu-kWst til að komast sömu vegalengd og rafbíllinn kemst á raf- kWst. Þetta þýðir líka að þó að veggjöldin væru tekin af bensíni þá væri samt hagstæðara að keyra rafbílinn. Margir halda að rekstur rafbíls sé ódýrari bara vegna þess að þeir borgi, enn sem komið er, engin veggjöld. Ef veggjöld væru lögð jafnt á ofangreinda bíla þá myndi 100 km akstur í dag kosta rafbílinn um 700 kr. en bensínbílinn rúmar 1.200 kr. Óháð rafbílum er fjármögnun vegakerfis í gegnum olíu frekar bjöguð í grunninn. Sjálfur skipti ég á sínum tíma bensínfólksbíl yfir í dísiljeppling sem eyddi helmingi færri lítrum og helmingaði í leiðinni mitt framlag til vegagerðar án þess að draga nokkuð úr akstri. Hvaða skynsemi er í þeirri gjaldtöku?

Rafbílar eru því miður enn sem komið er nokkuð dýrari í innkaupum en bensínbílar og þess vegna eru mikilvægar ívilnanir í gangi til að tryggja að einhverjir kaupi slíka gripi yfirleitt. Rafbílar hafa samt sem áður lækkað mjög í verði og eru líklegir til að verða hagstæður kostur án stuðnings innan 10 ára. Það er hins vegar alveg skýrt að ef enginn kaupir þá í dag, þá munu þeir aldrei lækka í verði. Það er alveg þess virði að styðja við rafbílavæðingu með ívilnunum því þannig fáum við ekki bara hagkvæmari samgöngur í framtíðinni heldur einnig alls konar aukabónusa eins og minni koltvísýring, minni mengun, minni hávaða, minni gjaldeyriseyðslu og meira orkuöryggi. Höldum því ótrauð áfram í rafvæðingu samgangna, annað væri alger orkusóun.

# Ráðherra tryggi sama frjálsræði í lyfjasölu og er á Norðurlöndum



**Brynjúlfur Guðmundsson**
forsvarsmaður hóps um málefni lausasölulyfja innan Samtaka verslunar og þjónustu

Hömlur á sölu lausasölulyfja eru umtalsvert meiri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum og í flestum löndum Norður-Evrópu, og er löngu tímabært að lagalegt umhverfi fyrir lausasölulyf hér á landi verði lagað að þeim viðmiðum sem gilda í nágrannalöndum okkar.

Lausasölulyf eru m.a. væg verkjalyf, nikótínlyf, ofnæmislyf og magalyf, sem heimilt er að kaupa án lyfseðils. Samkvæmt skýrslu frá 2015, sem Gylfi Ólafsson heilsuhagfræðingur gerði fyrir vinnuhóp um lausasölulyf innan Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ), myndu beinustu áhrifin af breyttu sölufyrirkomulagi lausasölulyfja verða bætt aðgengi neytenda að umræddum lyfjum. Það helgast m.a. af því að sölustaðir yrðu fleiri, opnunartímar lengri og óbeinn kostnaður neytenda þannig lægri. Lítil þorp úti á landi og ferðamannastaðir, þar sem ekki eru apótek, hefðu mikinn hag af breytingunni því hægt væri að bjóða upp á takmarkað úrval lyfja til sölu á þessum stöðum, öfugt við það sem nú er. Jafnframt myndi aðgengi að lausasölulyfjum batna töluvert um helgar og á kvöldin, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, ef umræddar breytingar næðu fram að ganga. Þá sýnir reynslan á Norðurlöndunum að misnotkun og eitranir vegna lausasölulyfja hafa ekki aukist samfara auknu aðgengi almennings að þessum lyfjum.

## Auðvelda þarf samanburð

Í dag má einungis selja lausasölulyf hérlendis í apótekum og verða þau að vera geymd bak við afgreiðsluborðið, ef undan eru skildar smæstu einingar nikótínlyfja. Í nágrannalöndum okkar er hins vegar heimilt að selja umtalsverðan fjölda lausasölulyfja í almennum verslunum og söluturnum, og þau má hafa til sýnis fyrir framan búðarborð apóteka. Lausasölulyf hafa verið í slíku sjálfvali í áratugi í apótekum í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi og nýlega bættist Danmörk í hópinn. Þar geta viðskiptavinir borið saman þau lyf sem eru í boði, s.s. verð, styrkleika- og pakkningastærðir, virkni og fleira.

Neytendur á Íslandi geta ekki gert þennan samanburð á lausasölulyfjum í apótekum hérlendis – og ekki er útlit fyrir að breytingar verði þar á í nánustu framtíð, nema nýkjörið Alþingi og sú ríkisstjórn sem nú er komin til valda taki sig til og breyti núgildandi lyfjalögum, sem og þeirri stefnu sem síðasta ríkisstjórn var búin að marka í þessum efnum, og birtist í frumvarpi að nýjum lyfjalögum sem lagt var fram á síðasta þingi.

## Alger viðsnúningur

Ánægjulegt var að sjá að í drögum að nýjum lyfjalögum, sem kynnt voru hagsmunaaðilum í janúar 2016, var gert ráð fyrir að Lyfjastofnun gæti veitt heimild til sölu lausasölulyfja í almennum verslunum á grundvelli takmarkaðs lyfsöluleyfis. Það reyndist þó skammgóður vermir, því við frekari vinnu við frumvarpið í heilbrigðisráðuneytinu virðist hafa orðið alger viðsnúningur frá þeirri leið sem mörkuð hafði verið til aukinnar samkeppni á lyfjamarkaði í upphaflegum drögum að frumvarpinu – þrátt fyrir að í 1. gr. þess sé skilmerkilega tekið fram að markmið laganna sé að „tryggja landsmönnum nægjanlegt framboð af nauðsynlegum lyfjum með sem hagkvæmastri dreifingu þeirra á grundvelli eðlilegrar samkeppni og í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu“. Í lokaútgáfu frumvarps til lyfjalaga, sem lagt var fyrir Alþingi vorið 2016, er sala á lausasölulyfjum í almennum verslunum landsins áfram bundin við minnstu pakkningar nikótínlyfja og flúorlyfja, en tekið fram að heimilt sé að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þó einungis á þeim stöðum þar sem ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú.

## Fagleg rök skortir

Umrætt orðalag er nær óbreytt frá núverandi ákvæði í lyfjalögum og á sér hvorki vísindaleg né fagleg rök, að mati okkar sem eigum aðild að vinnuhópi um málefni lausasölulyfja innan SVÞ. Lýstum við yfir miklum vonbrigðum með þessa niðurstöðu í umsögn okkar um frumvarpið sl. sumar, ekki síst þar sem engin efnisleg rök voru heldur sett þar fram fyrir því að viðhalda öðru fyrirkomulagi á sölu lausasölulyfja hérlendis, en gildir í þeim nágrannalöndum okkar sem við viljum almennt bera okkur saman við í flestum málum.

Það skal einnig áréttað að lausasöluhópur SVÞ var langt frá því eini umsagnaraðili um umrætt frumvarp að lyfjalögum, sem styður að sala á lausasölulyfjum verði leyfð í almennum verslunum og sjálfval verði leyft í apótekum hérlendis. Þar á meðal eru Alþýðusamband Íslands, Samkeppniseftirlitið, Viðskiptaráð og stjórn Samtaka verslunar og þjónustu.

Við hvetjum því nýjan heilbrigðisráðherra til að gera bragarbót í þessum efnum, áður en frumvarp til lyfjalaga verður lagt fyrir nýtt Alþingi, með því að taka að nýju inn í frumvarpið þau ákvæði sem tekin voru úr því. Þannig má tryggja sambærilegt frjálsræði í lyfjasölu á Íslandi og ríkir á hinum Norðurlöndunum, til hagsbóta fyrir neytendur og allan almenning.

# Að fá að drekka sig í hel



**Ögmundur Bjarnason**
geðlæknir

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um sölu áfengis í mjólkurbúðum sem vonir standa til að loks verði að lögum í landinu. Þessu fagna allir frjálshuga menn og telja mikil þjóðþrif. Gildir þá einu þótt öll skynsamleg rök hnígi gegn slíku fyrirkomulagi og landlæknir biðji guðina að forða þingheimi frá þessu ráði. Réttlætismál og sjálfsögð mannréttindi er að geta keypt sér („verzlað“) hvítvín með humrinum án milligöngu ríkisvaldsins. Að meina mönnum frjáls viðskipti með áfengi, jafnvel þótt istöðulítið fólk kunni illa með það að fara, má heita að stappi nærri því ofbeldi að skylda menn, sem ekki bera til þess sérstaka löngun, að greiða skatt af tekjum sínum. Eða þeim yfirgangi kommúnista að beita neyslusköttum til að draga úr sykuráti barna.

Hlýtur þá að liggja næst fyrir að ráðast gegn þeirri blindu forræðishyggju að takmarka áfengiskaup við aldur neytenda, þvert á eftirspurn og kröfur markaðarins. Heimurinn er jú fullur af peningum og allskonar og fásinna að láta það dragast að drekka þau vín sem hægt er að drekka strax. Eins og skáldið sagði sem minntist skóladaganna með hryggð yfir því að „sumir sóuðu æsku sinni í nám á meðan aðrir vörðu henni í vín“. Í þessum skóla sem sum okkar villtust í síðar minnir mig að hafi staðið á fornum bókum að ljúft væri og dýrðlegt að deyja fyrir föðurlandið. Reynsla vestrænna þjóða af því að einkavæða áfengissölu er á eina leið: áfengisneysla eykst með tilheyrandi aukningu á áfengistengdu heilsutjóni og samfélagsböli. En skítt veri með það. Við skulum vera frjálsir menn í frjálsu landi. Og frjálsir þess að drekka okkur í hel. Það er dýrðlegt og dásamlegt:

*Þær endalyktir öllum kunnar*
*ég einna dýrðlegastar tel*
*undir fána frjálshyggjunnar*
*að fá að drekka sig í hel.*

# Tölum um dauðann



**Sigrún Óskarsdóttir**
guðfræðingur

*Að hryggjast og gleðjast*
*hér um fáa daga,*
*að heilsast og kveðjast,*
*það er lífsins saga.*
– Páll J. Árdal

Dauðinn er í senn framandi en samt svo nálægur. Það ætti að vera eðlilegt að ræða um dauðann. Ýmislegt hefur verið gert undanfarin misseri til þess að setja dauðann á dagskrá í umræðunni. Dæmi um þetta eru t.d. fróðlegir útvarpsþættir Ævars Kjartanssonar og K. Huldu Guðmundsdóttur í fyrra á Rás 1, opinskáar færslur (á samfélagsmiðlum) og loks bókin Ástin, drekinn og dauðinn eftir Vilborgu Davíðsdóttur. Einnig má nefna svokallað dauðakaffi þar sem fólk hittist á kaffihúsi yfir opnum og frjálsum umræðum. Þá hefur Facebook-hópur verið stofnaður til þess að halda utan um áhugasama.

Málefnið er undirritaðri hugleikið eftir meira en tveggja áratuga prestsþjónustu og verandi nú í starfi hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna.

Á undanförnum vikum hefur okkar litla samfélag verið upptekið af dauðanum. Ekki síst af ótímabærum og óásættanlegum dauða ungs fólks. Ungt fólk í neyslu, hvarf ungrar konu sem var rænd lífinu á hræðilegan hátt og slys sem ekki gerðu boð á undan sér. Við erum sorgmædd og slegin. Flestir eru sammála um að á slíkum stundum sýnum við okkar bestu hliðar sem þjóð. Við látum okkur annt hvert um annað.

Dauðann ber að með ýmsum hætti og við þurfum að vanda okkur þegar hann er til umræðu. Það þýðir þó ekki að við eigum að forðast umræðuna, heldur þvert á móti.

Það er áhugavert og gefandi að taka þátt í þróun útfararþjónustu. Þar, eins og víða, er gott að leita fanga hjá nágrannaþjóðum okkar annars staðar á Norðurlöndunum.

Sú nýbreytni er að ryðja sér til rúms að bjóða fólki upp á þann möguleika að fylla út bækling sem hefur yfirskriftina „hinsti vilji“. Einhverjum kann að finnast þetta framandi og jafnvel óþægilegt. En flestum þykir gott að hafa einhverja hugmynd um óskir látinna ástvina, hvernig þau hefðu séð fyrir sér kveðjustundina. Grundvallaratriði eins og það hvort óskað er eftir bálför eða hefðbundinni kistugröf er ákvörðun sem mörgum reynist erfið og því er gagnlegt að sú umræða hafi átt sér stað fyrir andlátið. Það er heldur ekki lengur sjálfgefið hvar fólk kýs að hvíla en mörg dæmi eru um að látnir séu fluttir á milli landshluta og jafnvel landa til hinsta hvílustaðar.

## Vaxandi krafa um fagmennsku

Í hraða nútímans er vaxandi krafa um fagmennsku og aukna þjónustu og þar er útfararþjónusta sannarlega ekki undanskilin. Leitast er við að svara þeim kröfum ekki síst með því að leggja áherslu á þær hliðar þjónustunnar sem snúa að tilfinningum og nærgætni. Þjónustan er viðkvæm og mikilvæg.

Þau sem hafa valið að helga líf sitt þjónustu við fólk sem er að kveðja sína nánustu gera það undantekningalítið af alúð og natni. Um það vitna mörg þeirra sem þegið hafa þjónustuna.

Við hljótum að gera auknar kröfur um fagmennsku á þessum viðkvæmu stundum þar sem kallað er eftir kunnáttu á sviði sálgæslu og umhyggju, samhliða lögfræði og fjármálalæsi. Liður í því er að opna umræðuna um dauðann.

Mikil þróun á sér stað í þjónustunni í löndunum sem við gjarnan berum okkur saman við. Í Svíþjóð er að fara af stað 40 vikna nám á háskólastigi fyrir þau sem starfa við útfararþjónustu. Um er að ræða þverfaglegt nám þar sem nemandinn á að auka færni í samskiptum, m.a. að hitta fólk í sorg og kreppu. Í náminu er lögð áhersla á fagmennsku og virðingu. Einnig er farið yfir lögfræðilega þætti sem snúa að útförum, stjórnun, rekstri og þjónustu. Frá árinu 2020 verður krafa gerð um slíka menntun til þess að mega opna útfararþjónustu.

Hér á landi er margt vel gert en þó er þörf á samræmdum og skýrum reglum. Með það að leiðarljósi að auka fagmennsku, kröfur, eftirlit og eftirfylgni í viðkvæmri þjónustu.

Ég hvet til umræðunnar.

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI HJÁ SINDRA

TILBOÐ

## SKRÚFSTYKKI 6"
6" opnun



vnr IBTDJAC0106

**13.900** m/vsk
Fullt verð 22.006

## TOPPLYKLASETT 28 STK
1/2" 8 - 32 mm



vnr IBTGCAI2802

**7.790** m/vsk
Fullt verð 10.150

## GRIPTÖNG 11"
Lengd 11"



vnr IBTDMAA1A11

**1.790** m/vsk
Fullt verð 2.538

## VERKFÆRATASKA MJÚK
Sterk og rúmgóð taska



vnr IBTBW000028

**3.900** m/vsk
Fullt verð 5.094

TILBOÐ

## SKRALLLYKLASETT PRO 12 STK
Stærðir 8 - 19mm
72 tanna
Stáltaska

vnr IBTGAAD1205

**16.900** m/vsk
Fullt verð 22.085



TILBOÐ

## KRUMPUTÖNG 6 STK
Til að pressa
rafmagnsskó.
5 teg. kjafta fylgja

vnr IBTGAAI0605

**7.900** m/vsk
Fullt verð 10.157



TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 94 STK
1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**11.900** m/vsk
Fullt verð 16.507



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 130 STK
1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**18.900** m/vsk
Fullt verð 27.750



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 96 STK
Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Lyklar, skrúfjárn, tangir
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**16.900** m/vsk
Fullt verð 26.855



TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 55 STK
Toppar 1/2"
Stærðir 10 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGAAI5502

**10.900** m/vsk
Fullt verð 16.870



LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM



## SÁ VINSÆLI

**283 verkfæri**

**BÚKKAR FYLGJA**





**158.323** m/vsk
Okkar besta verð

**www.sindri.is / sími 575 0000**
Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

# KRÓNAN




-30%

**349** kr. pk.

Jarðarber, askja, 250 g, Egyptaland

Verð áður 499 kr. pk.



Krónan mælir með!

Gott verð!

**399** kr. kg

Mangó í lausu, Perú

Borðaðu mig - bestur núna!




-20%

**479** kr. pk.

Mangó, þroskað, 2 stk. í pakka, Brasilía

Verð áður 599 kr. pk.

# KRÓNAN

-20%






Krónan mælir með!

# 399 kr. pk.

Pink Lady epli, 8 stk. í pakka, Frakkland

Verð áður ~~499~~ kr. pk.




LÍFRÆNT VOTTAÐ

# 449 kr. pk.

Lífræn epli, 1 kg, Royal Gala, Ítalía



Gott verð!



# 299 kr. kg

Epli, rauð, Ítalía

Verð áður ~~599~~ kr. kg.

Tilboðin gilda til 19. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Gott verð!**



-20%

**3359** kr. kg

Lambafile með fituröndum

**Verð áður ~~4199~~ kr. kg**




-20%

**3733** kr. kg

Lambafile með fituröndum, marinerað

**Verð áður ~~4666~~ kr. kg**



-30%

**3339** kr. kg

Ungnauta entrecote, Nýja Sjáland

**Verð áður ~~4770~~ kr. kg**



-20%

**1599** kr. kg

Lambalærisneiðar, blandaðar

**Verð áður ~~1999~~ kr. kg**




**12 stk. í pakka**

Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1999** kr. pk.

12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar

Tilboðin gilda til 19. febrúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

## Ódýrt




Alpro jurtamjólk í kassa

VEGAN

**279** kr. stk.

**249 kr. stk. ef keypt eru 8 stk. í kassa = 1992 kr. pk.**




**249** kr. pk.

Krónu Chia fræ, 300 g - 829 kr.kg




**199** kr. pk.

Frosin bláber 250 g - 796 kr.kg

## Ódýrt




**199** kr. pk.

Frosin skógarber 300 g - 663 kr.kg

## Arsenal-menn teknir í karphúsið á Allianz Arena



**Yfirburðir þýsku meistaranna** Arsenal veitti Bayern München ekki mikla fyrirstöðu í fyrri leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu á Allianz Arena í gærkvöldi. Þýsku meistararnir unnu 5-1 sigur og eru svo gott sem komnir áfram í 8 liða úrslit. Thiago átti stórleik og skoraði tvívegis. Alexis Sánchez skoraði mark Arsenal sem hefur ekki komist í 8 liða úrslit Meistaradeildarinnar frá tímabilinu 2009-10. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sérstakt að að slá yfir snák

**Atvinnukylfingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir stóð sig vel á sínu fyrsta móti í Evrópumótaröðinni. Hún fór í mikla ævintýraferð til Ástralíu þar sem mótið fór fram. Þar var meðal annars glímt við snáka á vellinum.**

**GOLF** „Ég er merkilega hress. Ég svaf frekar mikið á ferðalaginu en ég var alveg orðin steikt þegar ég kom til London. Þá vissi ég varla hvar ég var eða hvað klukkan væri," segir Valdís Þóra létt en hún kom heim á þriðjudag eftir 36 klukkutíma ferðalag heim frá Ástralíu.

Hún endaði í 51. sæti á mótinu og komst í gegnum niðurskurðinn á þessu fyrsta móti tímabilsins á næststerkustu mótaröð kvennagolfsins.

„Ég var ánægð með spilamennskuna en kannski ekki 100 prósent ánægð með niðurstöðuna. Ég vildi standa mig aðeins betur. Ég er samt sátt því ég var loksins að komast á gras eftir að hafa bara æft á gervigrasi hér heima. Innandyra að slá í einhver net og svona," segir Valdís Þóra nokkuð sátt og veit að hún á meira inni.




Valdís Þóra hress og kát á mótinu í Ástralíu. MYND/LET-MÓTARÖÐIN

### Skemmtilegt með körlunum

Það var aftur niðurskurður eftir þrjá hringi sem er óvenjulegt. Það var gert þar sem karlamót fór fram á sama tíma á sama velli.

„Það var svolítið skemmtilegt að hafa þetta svona blandað. Það var stór umgjörð um mótið og margir áhorfendur. Svo var líka sama verðlaunafé fyrir karla og konur sem var mjög skemmtilegt."

Þó að Valdís Þóra hafi aldrei keppt í Ástralíu áður og þetta væri stór stund á ferli hennar var taugaspennan ekkert að þrúga hana.

„Ég var voða róleg yfir þessu öllu saman. Það var bara spenna að byrja að keppa. Ég lenti reyndar í því að byrja eldsnemma á morgnana og sló því æfingabolta í myrkri sem ég veit ekkert hvort voru góðir eða slæmir. Ég þurfti að vakna klukkan fimm um nóttina og það er ekki mitt uppáhald enda varla til meiri B-manneskja en ég," segir kylfingurinn en það var heimilislegt hjá henni þar sem hún bjó heima hjá eldri hjónum sem eru meðlimir í golfklúbbnum þar sem mótið fór fram.

### Risasnákur á vellinum

Aðstæður á golfvellinum voru ekki alveg eins og hún er vön á Akranesi. Í Ástralíu eru nefnilega snákar út um allt og líka á golfvöllunum.

„Það var hellingur af snákum þarna. Þegar við komum á áttundu holu þá sé ég að stelpan sem á að slá á undan mér verður eitthvað skrítin. Svo segir hún: „Er þetta risasnákur þarna?" og ég bara fraus. Það var sérstakur starfsmaður á vellinum sem sá um að fjarlægja snákana og það þurfti að hringja í hann. Þeir liggja víða. Bæði í grasinu sem og í sandgryfjunum," segir Valdís Þóra er hún rifjar upp þetta sérstaka atvik.

„Snákurinn var í grasinu þegar hún sló og var kominn hálfa leið út á göngustíginn þegar ég sló. Þetta var svona snákur upp á einn og hálfan metra. Það var mjög sérstakt að hugsa að maður þurfti að slá yfir snákinn. Snákurinn hvarf svo í torfæru áður en hann náðist. Ég sendi því fólk á undan mér áður en ég fór þangað."

Þessi magnaði kylfingur segir að um sé að ræða baneitraða snáka og ef einhver er bitinn af kvikindinu er sá hinn sami látinn 20 mínútum síðar ef ekkert er að gert.

„Þó að manni sé bjargað þá geta afleiðingarnar samt orðið alvarlegar. Fólk getur lent í vandræðum með hjartað í sér og annað. Þetta virtist samt hjálpa mér því ég fékk fugl á holunni. Ég þarf greinilega að spila oftar með snákum," segir Valdís Þóra og hló dátt en dramatíkinni var ekki lokið þar.

„Það var líka ógeðslegt að þurfa að fara á salernið á vellinum. Maður hefur heyrt að þeir geti farið ofan í klósettið og jafnvel verið undir setunni. Það var frekar erfitt."

### Náði öllum markmiðum

Tímann utan vallar náði okkar kona líka að nýta mjög vel. „Ég fór út með fjögur markmið. Að standa mig vel á mótinu, gefa kengúru, halda á kóalabirni og læra á brimbretti. Það gekk allt nema að halda á kóalabirni því það er bannað. Ég fékk þó að klappa honum."

Það er svolítil bið í næsta mót hjá Valdísi sem verður ekki fyrr en í lok mars. Það mót fer fram í Frakklandi en hún mun æfa á Spáni í aðdragandanum. Það kostar sitt að vera atvinnukylfingur en hvernig gengur að fá styrktaraðila?

„Forskot stendur mjög vel við bakið á mér en við erum að leita að fleiri styrktaraðilum. Þeir standa því miður ekki í röð til þess að hjálpa," segir Valdís Þóra kímin.

henry@frettabladid.is

## Nýjast

### Domino's-deild kvenna

**Grindavík - Stjarnan 71-74**
**Stigahæstar:** María Ben Erlingsdóttir 15, Ingunn Embla Kristínardóttir 15 - Danielle Victoria Rodriguez 36/9 fráköst/5 stolnir, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 13/10 fráköst.

**Keflavík - Snæfell 57-62**
**Stigahæstar:** Ariana Moorer 22/6 fráköst/5 stoðsendingar, Birna Valgerður Benónýsdóttir 14 - Aaryn Ellenberg-Wiley 29/9 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 10/9 fráköst.

**Skallagrímur - Valur 63-71**
**Stigahæstar:** Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 18/11 fráköst, Tavelyn Tillman 16/8 fráköst - Mia Loyd 28/24 fráköst/5 stoðsendingar, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 10/9 fráköst.

**Haukar - Njarðvík 61-66**
**Stigahæstar:** Nashika Wiliams 26/13 fráköst, Dýrfinna Arnardóttir 13 - Carmen Tyson-Thomas 38/22 fráköst/7 stoðsendingar, Ína María Einarsdóttir 9.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Skallagrím. | 32 | Valur | 18 |
| Snæfell | 32 | Njarðvík | 16 |
| Keflavík | 30 | Haukar | 10 |
| Stjarnan | 24 | Grindavík | 6 |

### Olís-deild karla

**Afturelding - Valur 25-29**
**Afturelding - Mörk (Skot):** Árni Bragi Eyjólfsson 8/3 (12/4), Elvar Ásgeirsson 5 (6), Kristinn Hrannar Elísberg 3 (5), Mikk Pinnonen 3 (7), Ernir Hrafn Arnarson 3/1 (9/2), Pétur Júníusson 2 (2), Gunnar Þórsson 1 (1), Birkir Benediktsson (1).
**Valur - Mörk (skot):** Orri Freyr Gíslason 6 (7), Vignir Stefánsson 6 (9), Anton Rúnarsson 6/2 (12/3), Josip Juric 4 (6), Ýmir Örn Gíslason 4 (6), Sveinn Aron Sveinsson 2 (3), Alexander Örn Júlíusson 1 (2).

### Meistaradeild Evrópu

*16-liða úrslit, fyrri viðureign*

**Bayern - Arsenal 5-1**
1-0 Arjen Robben (11.), 1-1 Alexis Sánchez (30.), 2-1 Robert Lewandowski (53.), 3-1 Thiago (56.), 4-1 Thiago (63.), 5-1 Thomas Müller (88.).

**Real Madrid - Napoli 3-1**
0-1 Lorenzo Insigne (8.), 1-1 Karim Benzema (18.), 2-1 Toni Kroos (49.), 3-1 Casemiro (54.).

SÚ BESTA TIL MAN CITY

Carli Lloyd, sem hefur verið valin besta knattspyrnukona heims undanfarin tvö ár, er gengin í raðir Englandsmeistara Manchester City. Lloyd gerði stuttan samning við City en hún mun leika með liðinu fram í byrjun júní. Lloyd hefur verið í lykilhlutverki í bandaríska landsliðinu í rúman áratug og skorað 96 mörk í 232 landsleikjum.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 04.00 | ISPS Handa Open | Golfstöðin |
| 17.55 | Gent - Tottenham | Sport |
| 17.55 | Gladbach - Fiorentina | Sport 2 |
| 19.05 | Stjarnan - Þór | Sport 3 |
| 20.00 | Man Utd - St. Etienne | Sport |
| 20.00 | Villarreal - Roma | Sport 2 |

**Domino's-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Snæfell - Tindastóll | Stykkish. |
| 19.15 | Keflavík - Skallagr. | TM-höllin |
| 19.15 | ÍR - Haukar | Hertz-h. |
| 19.15 | Stjarnan - Þór Þ. | Ásgarður |

**Olísdeild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Grótta - Akureyri | Hertz-h. |
| 19.30 | Stjarnan - FH | TM-höllin |

# KÖRFUBOLTINN LITAR MJÖG SKÓSTÍLINN

**Fallegir og vel hirtir skór skipta Brynjar Þór Björnsson miklu máli. Að öðru leyti hefur hann einfaldan stíl en kýs þó að klæðast fjölbreyttum litum.**



Brynjar Þór klæðist hér Adidas Stan Smith skóm. Í neðri röð eru litfagrir Adidas Ultra Boost og Red Wing Iron Range. Í efri tröppu eru Filling Pieces (t.v.) og dökkir Adidas Ultra Boost til hægri. MYND/GVA




KONUDAGURINN HEFST Í

comma,

SMÁRALIND






Uppáhaldsflík Brynjars Þórs er skyrta úr ull frá Norse Projects sem hann keypti í Húrra Reykjavík. Skyrta sem hentar við öll tilefni allt árið um kring. MYND/ERNIR

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Körfuboltamaðurinn Brynjar Þór Björnsson segist hafa frekar einfaldan stíl þegar kemur að fatatísku. Fyrst og fremst hafi hann áhuga á fallegum og vel hirtum skóm og þegar vinir hans opnuðu herrafataverslun fyrir þremur árum féll hann fyrir danska fatamerkinu Norse Projects. „Opnun verslunarinnar hafði mikil áhrif á fataval mitt. Þar kynntist ég einmitt uppáhaldsfatamerkinu mínu sem hafði mikil áhrif á mig. Ég vil helst klæðast einhverjum litum og finnst mér þá rauður vera mjög fallegur. Einnig er ég mikill skópervert og á fjöldann allan af skóm. Adidas hafa komið sterkir inn síðustu ár en ég er einnig mikill Jordan-maður enda litar körfuboltinn skóstíl minn mikið.

Uppáhaldsflíkin hans er skyrta úr ull frá Norse Projects sem hann keypti í Húrra Reykjavík. „Ég keypti hana fyrir ári og sé ég svo sannarlega ekki eftir því. Hún hentar við öll tilefni, hvort sem það er vetur eða sumar, og það góða við hana er að hún heldur sér ótrúlega vel þrátt fyrir mikla notkun."

Brynjar á ekki bara skyrtu frá uppáhaldsmerkinu sínu. Fyrsta flíkin sem hann keypti frá því voru buxur (e. sweatpants) úr bómull og ull. „Seinna fékk ég peysu frá þeim sem ég hef notað óspart en gæðin í henni leyna sér ekki. Kostir merkisins eru gæði þess efnis sem þeir nota. Þeir eru ófeimnir við að nota ull sem aðalefni og því þarf ekki að þrífa fötin jafn oft og föt úr gerviefnum. Í dag á ég margar flíkur frá þeim sem ég klæðist nánast daglega."

*Hvernig fylgist þú með tískunni?* Ég fylgist mikið með skótískunni og finnst mér gaman að geta valið flotta skó við sérhvert tilefni. Ég sæki helst innblástur í gegnum netið, aðallega Instagram.

*Hvað einkennir helst klæðnað karlmanna?* Mér finnst virðing gagnvart olíkum áherslum vera að aukast. Þó við séum oft einsleitir er úrvalið alltaf að aukast.

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?* Húrra Reykjavík stendur upp úr hér heima. Þeir hafa gert allt rétt til þess að hafa áhrif á kaupandann með því að sinna vefmiðlum af krafti. Einnig finnst mér Kormákur og Skjöldur alltaf skemmtilegir. Í útlöndum kíki ég í Footlocker en þar er ógrynni af flottum skóm.

*Hvaða tískumerki eru í mestu uppáhaldi?* Norse Project er í mestu uppáhaldi. Merkið er tiltölulega ungt en hefur náð ansi langt á skömmum tíma enda huga þeir að gæðum umfram annað.

*Hvaða flíkur á að kaupa næst?* Mér tókst að týna leðurhönskunum mínum og hef ekki enn keypt mér nýja. Það er nauðsynlegt að eiga góða leðurhanska.



Adidas Ultra Boost eru þægilegustu skór Brynjar hefur átt. „Þú svífur um á skýi um leið og þú ferð í skóna. Mýktin og útlitið er blanda sem allir hrífast af." MYND/GVA

> Ég vil helst klæðast einhverjum litum og finnst mér þá rauður vera mjög fallegur. Einnig er ég mikill skópervert og á fjöldann allan af skóm.
>
> Brynjar Þór Björnsson



Red Wing Iron Ranger eru ein bestu kaup Brynjars Þórs. Harðgerðir en aðlagast vel að fótum. Skór sem eiga að endast ef hugsað er vel um þá og klárlega hverrar krónu virði. MYND/GVA







30-60% afsláttur
af völdum vörum!
Opnum kl 09:00 í dag!
Fyrstu 30 sem versla fá veglegan kaupauka!
Taktu þátt í stórglæsilegu happdrætti í versluninni þar sem aðalvinningurinn er 100.000kr gjafabréf frá Zik Zak!
Opið til kl 21.00
16 ÁRA AFMÆLIS-HÁTÍÐ ZIKZAK!
Ótrúleg afmælistilboð dagana 16-20. febrúar
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 3.990 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. 36-48
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
TÚNIKA ÁÐUR 5.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
LEGGINGS ÁÐUR 2.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
BUXUR ÁÐUR 4.990 NÚ 1.990 st. 40-44
BOLUR ÁÐUR 2.990 NÚ 1.990 st. 36-46
TÚNIKA ÁÐUR 4.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 1.990 NÚ 1.390 st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314



Aníta Hirlekar fatahönnuður hefur starfað bæði fyrir Bvlgari og J Crew. Hún frumsýnir nýja fatalínu á RFF. MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR







# ANÍTA HIRLEKAR FRUMSÝNIR SÍNA FYRSTU LÍNU Á RFF

**Aníta Hirlekar** fatahönnuður er flutt heim til Íslands eftir margra ára dvöl í London. Hún sýnir sína fyrstu heildstæðu fatalínu á RFF í mars sem hún lýsir sem listrænni og litríkri. Aníta segir mikla grósku í íslenskri fatahönnun en fleiri hönnuðir mættu taka skrefið og sýna.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Ég mun sýna nýja línu sem ég hef unnið að síðustu mánuði. Hún verður litrík og listræn eins og fyrri verk mín hafa verið. Handgerðar flíkur hafa einkennt mína hönnun og þar verður engin breyting á. Ég er einnig að þróa mynstur en það hef ég ekki gert áður,“ segir akureyrski fatahönnuðurinn Aníta Hirlekar, en hún tekur þátt í Reykjavík Fashion Festival, RFF, sem fram fer í mars.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég frumsýni nýja línu á Íslandi,“ segir Aníta en hún flutti aftur til Íslands fyrir einu og hálfu ári eftir nokkurra ára dvöl erlendis.

Aníta lauk mastersgráðu í fatahönnun frá Central Saint Martins í London árið 2014 en hún vann meðal annars hjá Diane Von Furstenberg, Christian Dior og fleirum meðan á náminu stóð. Þegar því lauk tóku við spennandi verkefni á Ítalíu og í Bandaríkjunum. Þá hefur Aníta sýnt hönnun sína á tískuvikum í London og í París en undanfarin ár hefur hún verið búsett í London.

„Ég er í fæðingarorlofi með 10 mánaða dóttur mína. Ég er komin með stúdíó hér í Reykjavík en sinni áfram mínum kúnnum erlendis og mun sækja mikið út. Þegar náminu lauk vann ég á Ítalíu fyrir Bvlgari og svo tók ég að mér ráðgjöf fyrir textílvinnu fyrir ýmsa. Um tíma vann ég einnig fyrir J Crew í Bandaríkjunum. Þetta voru spennandi verkefni og afar lærdómsrík. Fyrirtækin eru svo ólík og ég var stöðugt að læra eitthvað nýtt,“ segir Aníta. Hún er ánægð með að vera flutt heim á Klakann en ferðast oft út.

> ” Þegar náminu lauk vann ég á Ítalíu fyrir Bvlgari og svo tók ég að mér ráðgjöf og textílvinnu fyrir ýmsa. Um tíma vann ég einnig fyrir J Crew í Bandaríkjunum. Þetta voru spennandi verkefni og afar lærdómsrík. Fyrirtækin eru svo ólík og ég var stöðugt að læra eitthvað nýtt. Eftir níu ár í London var ég komin með mikla þörf fyrir að finna ræturnar aftur.
>
> Aníta Hirlekar

„Mér finnst ofboðslega þægilegt að vera komin heim. Ég sæki í friðinn og finnst gott að geta staðið aðeins utan við hlutina. Eftir níu ár í London var ég komin með mikla þörf fyrir að finna ræturnar aftur. En ég þarf að fara reglulega utan til að fá innblástur og halda sambandinu við viðskiptavini mína ytra og framleiðendur. Eftir að hafa verið svona lengi úti er íslenska hönnunarsenan fersk fyrir mér. Mér finnst gaman að taka þátt í Reykjavík Fashion Festival þar sem allir koma saman og sýna. Það er mikilvægt að taka þátt. Á sama tíma finnst mér líka gott að halda ákveðinni fjarlægð, ég er ekki inni í öllu. Ég horfi með öðru auganu út fyrir landið,“ segir Aníta. Hún bætir við að greinilega sé mikil gróska í íslenskri hönnun í dag.

Mér finnst spennandi að fylgjast með íslenskri fatahönnun, það eru margir að gera mjög góða hluti. Ég myndi þó vilja sjá fleiri taka skrefið og sýna. Maður veltir eiginlega fyrir sér hvað verði af öllum þeim fjölda hönnuða sem útskrifast. Vonandi verða viðburðir eins og RFF til þess að fleiri taki sig til og fari að sýna skapandi vinnu sína. Ég er viss um að þessi bransi á bara eftir að fara stækkandi hér heima. Sjálf stefni ég á að stækka við mig.“

**Nánar má kynna sér hönnun Anítu á, www.anitahirlekar.co.uk.**

# Vetrar útsala Fjallakofans

HEFST Í DAG!

16. - 26. febrúar

# 20-70%

## afsláttur af völdum vörum

Gríptu tækifærið og fáðu þér gæða útivistarvörur frá **Marmot**, **Scarpa**, **Smartwool**, **Arc'teryx**, **Löffler**, **Black Diamond**, **Völkl, Marker, Smith, Dakine** og fleirum á þessari frábæru útsölu! Fatnaður, skór, bakpokar, skíðabúnaður og margt fleira.

**Sjón er sögu ríkari!**

Marmot
útivistarfatnaður
20-70%
afsláttur

SCARPA
skór
20-50%
afsláttur

Smartwool
Go far. Feel good.
nærfatnaður og sokkar
20-50%
afsláttur

Völkl
Skíðabúnaður skíði, vettlingar, töskur o.fl.
20-50%
afsláttur

Löffler
hjólafatnaður
20-50%
afsláttur

| Afgreiðslutími næstu daga: | fim. 16. feb. | fös. 17. feb. | lau. 18. feb. | sun. 19. feb. |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| Kringlan 7 | 10-19 | 10-18 | 10-17 | 12-18 |
| Laugavegur 11 | 10-19 | 10-18 | 10-17 | 12-18 |
| Reykjavíkurv.64 | 12-18 | 12-18 | 12-17 | Lokað |

Marmot | SCARPA | Smartwool Go far. Feel good. | PETZL | Black Diamond | Julbo

FJALLA KOFINN

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

Gömlu ónýtu fötin gætu verið verðmæt
Við bjóðum viðskiptavinum okkara að fá eitthvað fyrir gömlu ónýtu fötin sín, með því að koma með þau til okkar í Belladonna á endurvinnsludögum NO SECRET og notaðu gömlu þau sem hluta af greiðslu upp í nýja flík.

Endurvinnsludagar
no secret
13-18 FEBRÚAR
Þú kemur með gamla/ónýta flík, í endurvinnslu til okkar í Belladonna og færð greiðslu fyrir hana upp í nýja flík frá NO SECRET
Óháð því frá hvaða merki gamla flíkin er

Buxur 15 EUR (1.850 ísl) uppí buxur
Bolur 10 EUR (1.230 ísl) uppí bol
Flíkur sem er skilað inn í endurvinnslu til okkar, þurfa að vera hreinar.
Við sendum þær síðan í endurvinnslu hjá Rauða Krossi Íslands

Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

„Kryddaðu fataskápinn"

Kjóll á 7.900 kr.
- einn litur: army/svart/kremhvítt
- stærð: 36 - 46/48

Leggingsbuxur á 6.500 kr.
- 5 litir: svart, blátt, grátt, grænt, brúnt
- stærð: 36 - 48

Opið virka daga kl. 11–18 laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook






Hér undirbúa þau Mia, sem leikin er af Emmu Stone, og Sebastian, sem leikinn er af Ryan Gosling, steppdansinn en það er mjög skynsamlegt að vera með sléttbotna skó í töskunni sinni ef slík tækifæri bjóðast á leið heim úr partíi.

# NOKKUR GÓÐ RÁÐ ÚR LALA LANDI

Kvikmyndin La La Land fer sigurför um heiminn og má reikna með að áhrifa frá henni gæti fljótt í tískunni. Þar má ennfremur grípa nokkra góða fatasiði sem kynnu að koma sér vel við ýmsar aðstæður.

Dans-, söngva- og gleðimyndin La La Land fer nú sigurför um heiminn og er tilnefnd til fjölda Óskarsverðlauna, meðal annars fyrir búninga. Búningahönnuður myndarinnar, Mary Zophres, hefur komið víða við á glæstum ferli og sett mark sitt á myndir eins og The Big Lebowsky, Fargo og Interstellar. Fyrir þessa mynd sótti hún innblástur til stjörnustíls þeirra Julie Christie, Ingrid Bergman, Grace Kelly og Katharine Hepburn.

Búast má við að áhrifa myndarinnar gæti strax í sumar í tískunni og hér eru nokkur góð ráð til að dvelja í La La Landi í allt sumar.

### EKKI VERA HRÆDD VIÐ AÐ VERA Í LIT

Myndin er öðrum þræði óður til þeirrar byltingar sem litmyndirnar voru og leiddi af sér það sem hefur verið kallað gullöld Hollywood. Aðalpersónan Mia, sem leikin er af Emmu Stone, og vinkonur hennar klæðast aðallega einlitum flíkum; sterkgulum, skærbláum, djúpgrænum og hárauðum. Á leiðinni í partí syngja þær um að það borgi sig að vera sýnilegur því einhver gæti verið á staðnum sem léti draumana rætast. Ekki vera hrædd við að skera þig úr.

### BLANDAÐU SAMAN GÖMLU OG NÝJU

Þó það sé stefnan að vera í „vintage“ þarf ekki allt að koma af sama flóamarkaðinum. Það er inni núna að blanda saman gömlu og nýju, í La La Landi ekur fólk um á blæjubílum frá sjötta áratugnum og talar í farsímann um leið og á sama hátt er gaman að vera í fínum kjól sem gæti verið frá miðri síðustu öld og grófum skóm eða stígvélum.

### TOPPURINN AÐ VERA Í TEINÓTTU

Það er líka allt í lagi að leggja stundum litríku kjólunum og taka Ingrid Bergman sér til fyrirmyndar. Teinótt jakkaföt, kremlit silkiskyrta og eldrauður varalitur gera oft gæfumuninn og ekki er verra ef hárið er sett upp í hnút.

### FINNDU TIL MEÐ FÓTUNUM

Í einu atriði myndarinnar er Mia í þeirri aðstöðu að þurfa mögulega að ganga langa leið á hælaskóm sem hvorki eru gerðir fyrir gönguferðir né götudans. Hún reynist vera með flatbotna skó í töskunni sinni, nokkuð sem allir ættu að taka sér til fyrirmyndar.

### VERTU MEÐ TIL VARA

Og að lokum eitt ráð sem snýr að þægindum og hagkvæmni. Mia lendir í því í myndinni að einhver sullar kaffi yfir hana nokkrum mínútum áður en hún fer í áheyrnarprufu. Ef þú ferð út á lífið í hvítri skyrtu eða bol margfaldast líkurnar á því að einhver helli niður á þig. Það er bara þannig. Vertu í einhverju innan undir sem virkar eitt og sér eða taktu með aukabol.



Ef þú vilt láta sjá þig eru sterkir litir málið. Hér eru Mia og vinkonur hennar að búa sig undir að fara í veislu þar sem skiptir öllu máli að vera áberandi.



Kvikmyndagyðjur fjórða og fimmta áratugarins eru innblástur Miu á örlagastundu í lífinu.


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
LOUISGARNEAU
TIRE CO.
VERKÍS
Louis Garneau
Sérmerktur reiðhjólafatnaður frá Louis Garneau tekur sex vikur í framleiðslu
Nánari upplýsingar: info@tri.is
CUBE HYBRID
CUBE RACE
CUBE 29"
Tacx
Xenofit
www.xenofit.de
ParkTool
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
BEETELITE
NeOSHOT
CUBE
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

# GLITRANDI STEINAR, PERLUR OG PRJÁL

**Tískuvikan í New York** stendur nú sem hæst. Meðal þess sem hefur vakið athygli er nýjasta lína The Blonds en fatnaður Phillipe og Davids Blond er í uppáhaldi hjá stjörnunum. Meðal gesta á sýningu þeirra mátti sjá Paris Hilton og þá eru Lady Gaga, Rhianna, Katy Perry og Beyoncé sérstaklega hrifnar af fatnaði The Blonds.

Phillipe og David Blond settu merkið The Blonds á laggirnar 2007 og vöktu strax athygli fyrir hressilega hönnun, alsetta göddum, perlum og glitrandi steinum. Þau sögðust hafa byrjað á að hanna fyrir sjálf sig þar sem þau fundu aldrei neitt í búðum sem þeim líkaði. Fljótlega urðu flíkurnar eftirsóttar af vinum og vandamönnum og loks kom ekki annað til greina en að setja á laggirnar eigin línu. Innblásturinn sækja þau í kraumandi mannlífsflóru New York, þar sem þau búa og segja ekkert betra en að hanga í Central Park og djamma á The Gilded Lily.








# HÁTÍÐIN HEFST Í KVÖLD

aron can, b.traits, ben klock, blawan b2b exos, de la soul, emmsjé gauti, fatboy slim, fm belfast, forest swords, giggs, gkr, gusgus, helena hauff, marie davidson, moderat, nadia rose, oddisee, sturla atlas, sin fang, sleigh bells, tommy genesis, samaris and many more www.sonarreykjavik.com

---

**Þrír dagar. Fjögur svið. Miðasala á Midi.is og í Hörpu**

REYKJAVÍK LOVES #reykjavikloves · TUBORG LÉTTÖL · Red Bull Music Academy · LG G5







Ameríska fyrirsætan Lauren Hutton hefur setið fyrir á forsíðu Vogue 26 sinnum. Hún sýndi fyrir Bottega Veneta á tískuvikunni í Mílanó í september í fyrra.

# MEIRI BREIDD

Það er ekkert launungarmál að æskudýrkun ríkir í tískugeiranum. Hin síðari ár hefur þó orðið vart við að tískuhönnuðir sýni meiri breidd hvað aldur og útlit fyrirsæta varðar.

Fyrirsætur í stærri stærðum spígspora í auknum mæli um tískupallana og þónokkrar auglýsingaherferðir hafa verið keyrðar með fyrirsætum með mjúkar línur. Þá hafa tískuhönnuðir á borð við Ralph Lauren, Dolce & Gabbana og Céline verið með rosknar fyrirsætur í sínum röðum.

Það er þó ekki þar með sagt að ungar og grannar fyrirsætur séu á undanhaldi en hins vegar hefur að undanförnu mátt greina viðleitni í þá átt að sýna meiri breidd. Fyrirsæturnar Lauren Hutton, Daphne Selfe og Carmen Dell'Orefice hafa verið lengi að. Hutton er 72 ára en hinar komnar vel yfir áttrætt. Þær eru allar enn að störfum.

Heimild: whowhatwear.co.uk


Ameríska fyrirsætan Carmen Dell'Orefice er 85 ára og á meðal elstu starfandi fyrirsæta heims.


Breska fyrirsætan Daphne Selfe, sem er 88 ára gömul, hefur starfað sem fyrirsæta síðan 1949. Hún er á meðal elstu ofurfyrirsæta heims og ötull talsmaður þeirra.

BIONA VÖRURNAR FÆRÐU Í HEILSUHÚSINU

Whole Cherry Tomatoes — Verð áður: 289 kr. **Verð nú: 231 kr.**

Chopped Peeled Tomatoes — Verð áður: 239 kr. **Verð nú: 191 kr.**

Chopped Peeled Tomatoes with Basil — Verð áður: 283 kr. **Verð nú: 226 kr.**

Coconut Milk — Verð áður: 411 kr. **Verð nú: 329 kr.**

Passata — Verð áður: 418 kr. **Verð nú: 334 kr.**

Passata Basilico — Verð áður: 389 kr. **Verð nú: 311 kr.**

Salsa Hot — Verð áður: 539 kr. **Verð nú: 431 kr.**

Italian Olive Oil — Verð áður: 1.586 kr. **Verð nú: 1.269 kr.**

Balsamic Vinegar of Modena — Verð áður: 1.391 kr. **Verð nú: 1.113 kr.**

BIONA – ÁVALLT GOTT VERÐ OG NÚ ENN BETRA!

# LÍFRÆNAR HÁGÆÐA SÆLKERAVÖRUR!

20% AFSLÁTTUR

FRÁBÆR TILBOÐ 16. FEB. – 1. MARS

Mustard Wholegrain — Verð áður: 496 kr. **Verð nú: 397 kr.**

Sweetcorn — Verð áður: 531 kr. **Verð nú: 425 kr.**

Beetroot Slices — Verð áður: 369 kr. **Verð nú: 295 kr.**

Coconut Oil Cuisine — Verð áður: 1.465 kr. **Verð nú: 1.172 kr.**

Almond Butter — Verð áður: 1.059 kr. **Verð nú: 847 kr.**

Spelt Spaghetti — Verð áður: 528 kr. **Verð nú: 422 kr.**

Orange Pressed Juice — Verð áður: 535 kr. **Verð nú: 428 kr.**

Apple Pressed Juice — Verð áður: 394 kr. **Verð nú: 315 kr.**

Basilico Pasta Sauce — Verð áður: 555 kr. **Verð nú: 444 kr.**

Spelt Fusilli — Verð áður: 528 kr. **Verð nú: 422 kr.**

biona ORGANIC

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979

LAUGAVEGI | LÁGMÚLA | KRINGLUNNI | SMÁRATORGI | SELFOSSI | AKUREYRI | NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS


Ed Sheeran er oftast í gallabuxum og stuttermabol þegar hann spilar á tónleikum.


Ed Sheeran og Taylor Swift eru góðir vinir. Hér er hann í svörtum jakkafötum en þau verða oft fyrir valinu þegar mikið stendur til.

# GALLABUXUR OG BOLUR

**Ed Sheeran** kýs þægilegan, sportlegan fatnað og derhúfan er aldrei langt undan. Til spari klæðist hann svörtum jakkafötum.

Tónlistarmaðurinn geðþekki Ed Sheeran verður tuttugu og sex ára á morgun. Eftir ársfrí frá sviðljósinu er hann kominn til baka með látum. Hann gaf út tvö lög í janúar sem fóru beint á topp tíu á öllum helstu vinsældalistum heims og settu Spotify algjörlega á hliðina. Í mars er von á nýrri plötu frá honum og er óhætt að segja að hennar sé beðið með mikilli eftirvæntingu.

Ed Sheeran er ekki upptekinn af nýjustu tískustraumunum og kann best við sig í þægilegum en þó sportlegum fatnaði. Hann er yfirleitt fremur hversdagslega til fara í gallabuxum, hettupeysu og með derhúfu á rauða kollinum. Svört föt verða oftast fyrir valinu en á árum áður var hann stundum gagnrýndur fyrir að vera of litaglaður í klæðaburði en það er liðin tíð. Ed klæðir sig upp þegar við á og þá helst í svört jakkaföt og við þau er hann svo til alltaf í sportlegum skóm.

Á tónleikum kemur Ed nær alltaf fram í gallabuxum og stuttermabol. Hjólabrettafatnaður fellur vel að hans smekk og í nýjustu myndböndunum er hann aðallega klæddur í slík föt frá HOAX en það merki er í miklu uppáhaldi hjá honum.

HOAX er þekkt tískumerki frá Suffolk, heimahéraði hans, og nýlega varð Ed talsmaður þess. Ed er umhugað um að föt sem hann er hættur að nota fari ekki til spillis og gefur þau til góðgerðarmála. Þar hafa fötin af honum selst eins og heitar lummur og er bókstaflega barist um þau.

Fyrir fimm árum útnefndi tímaritið GQ Ed sem verst klæddu poppstjörnuna en þar á bæ hefur hann heldur betur verið tekinn í sátt því í janúar sl. prýddi hann forsíðuna á ritinu.


Svart og svalt. Derhúfan setur punktinn yfir i-ið.


FRÉTTABLAÐIÐ



HEILSA OG FEGURÐ

**Föstudaginn 24. febrúar mun lífsstíls blaðið Heilsa & fegurð fylgja Fréttablaðinu.**

Stórglæsilegt magasín blað byggt upp með skemmtilegum viðtölum, fjölbreyttum fróðleiksmolum og áhugaverðum greinum.

- Áhugaverð umfjöllun um sjálfsstyrkingu, ræktun andlegrar heilsu og vellíðan.
- Gagnleg og góð ráð förðunar- og snyrtifræðings. M.a. spjallað um vor/sumar tískuna í förðun.
- Hollar lífsstílsvenjur, svo sem betri svefn, góð vítmín og bætefni.
- Hvernig má með einföldum æfingum draga úr stirðleika og vöðvabólgu.
- Leitað til húðsérfræðings sem bendir á hvaða matur hefur góð áhrif á húðina og hvað ber að forðast.
- Viðtal við einkaþjálfara sem gefur lesendum ráð matar- & hreyfingarplan.

**Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við Ólaf H. Hákonarson á auglýsingadeild Fréttablaðsins. Netfang er olafurh@365.is og beinn sími er 512 5433**

# Taktu vel á móti viðskiptavininum

## Með HP RP9 kassakerfislausninni

Með Intel® Core™ i5 örgjörva

M7J39AV






STILLANLEGUR SKJÁR



AUKASKJÁR FYRIR VIÐSKIPTAVINI



FJÖLDI TENGIMÖGULEIKA

## Kraftmikil en nett lausn

Það fer ekki mikið fyrir HP RP9 kassakerfislausninni, tekur lítið pláss á borði en afkastar miklu. RP9 kemur m.a. með 6. kynslóðar Intel® Core™ i5 örgjörva (M7J39AV) og getur tengst þráðlausu eða hefðbundnu neti, hentar allsstaðar þar sem þörf er áreiðanlegri sambyggðri lausn.

## Meiri sveigjanleiki

Stilltu skjáinn eins og þér hentar best hvað varðar hæð, snúning og sjónarhorn og veldu þá aukahluti sem hæfa þínum rekstri.

· Val um 15,5" eða 18,5" snertiskjá sem snýr að starfsmanni

· Val um allt að 14,1" snertiskjár sem snýr að viðskiptavini

· Fjölbreytt úrval aukahluta í boði

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.**

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Opin Kerfi
*– allt er mögulegt*

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM !**
Renault Kangoo Diesel árg 2012 ek 70 þ.km verð aðeins 1190 + VSK !!! Nokkrir bílar á staðnum



**BESTA VERÐIÐ !**
Ford Transit T280 Diessel 08/2011 ek aðeins 41 þ.km, verð 1.490 + VSK !!! Er á staðnum

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Þarfnast bíllinn viðhalds eða viltu einfaldlega losna við hann 8682352

### Fjórhjól



Til sölu polaris Sportmann 570 EFI árg 2015 ekið aðeins 292 km hjól með mótorbremsu ,rafmagnsstýri verð 1950 þús ath isusu dmax pallbíll 8682352

### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

### Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Faglærðir málarar geta bætt viðs sig sparsl og málningarvinnu. Jón og Marteinn 8611242

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Rafvirkjun

**Uppsetning og Þjónusta**
Ljósleiðara/Ljósnetstengingum
Loftnets/Gerfihnattadiskum
Sjónvarps/Netlagnir
Flatskjáir/Mynvarpar
**Loftnetstaekni.is**
**S: 894 2460.**

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði óskast

Hús óskast til leigu helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 250-350 þús á mán. Fyrirfram og/eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas

### Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæðatimburhús frá Finnlandi. Sumarhús - einbýlishús. Fjölbreytt úrval - gott verð.
Upplýsingar hjá **ghalldor@simnet.is**

### Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU**
104 fm lager/Iðnaðarhúsnæði með innkeyrsluhurð við krókháls, lofthæð 3,10 m. Og 20 og 40 fm skrifstofur/vinnustofur við sund. Sími 894 1022

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**FISKIKÓNGURINN**
Fiskikóngurinn óskar eftir að ráða handflakara. Greitt pr.kg. Næg vinna alla virka daga.
Einnig óskast fólk til starfa í fiskvinnslu, snyrtingu.
**Allar upplýsingar gefur Kristján Fiskikóngur gsm 896 0602, kristjan@fiskikongurinn.is**

**Starfsmaður í eldhús**
**Síld og fiskur ehf.**
*...óskar eftir að ráða konu/mann í mötuneyti fyrirtækisins.*
*Starfið felur í sér almenn eldhússtörf, innkaup á matvöru tiltekt á mat og eldamennsku fyrir starfsfólk okkar í Hafnarfirði. 50% starf.*
***Upplýsingar um starfið:***
***Ómar Grétarssson***
*sími 820 3867*
*omar@ali.is*
Ali
*Síld og fiskur ehf. - Ali*

Fiskvinnsla í Hafnarfirði leitar eftir vönum verkstjóra í fiskmóttöku. Viðkomandi þarf að geta leyst framleiðslustjóra af og unnið öll almenn fiskvinnslu störf. Umsóknir skal senda póst á vinna@hamrafell.is

Work! Need person with some experience to work on house, concrete and more. Information: 6185286, Þórður.

### Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**


**FRÉTTABLAÐIÐ**

**89%**
af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup júl.-des. 2016.




Allt sem þú þarft ...


### til sölu

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilvalin konudagsgjöf!**
**Minnum á gjafakortin okkar.**
**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir á aðeins 5.500.- kr.**
***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Tillögur að breyttu deiliskipulagi í Kópavogi.

## Gulaþing 19. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi við Gulaþing 19. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss á tveimur hæðum verður byggt einbýlishús á einni hæð liðlega 190 m2 grunnfleti. Fyrirhuguð bygging mun jafnframt ná um 2,4 metra út fyrir byggingarreit til suðurs og 1,8 metra til norðurs. Gólfkóti íbúðar lækkar og er áætlaður eftir breytingu 91.84 en hæðarkóti bílageymslu er óbreyttur. Hámarksþakhæð lækkar um 1.2 metra og verður um 6.3 metrar frá gólfi bílageymslu. Aðkoma að lóðinni er óbreytt. Uppdrættir í mkv. 1:200 dags. í janúar 2017. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Hólmaþing 5 og 5b. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi við Hólmaþings 5. Í breytingunni felst að skipta lóðinni að Hólmaþingi 5 í tvær lóðir. Hólmaþing 5 verður eftir breytingu 2.020 m2 og hin nýja lóð, Hólmaþing 5b verður 1.145 m2. Ný aðkoma er gerð að Hólmaþingi 5 sem færist frá Hólmaþingi að Gulaþingi. Á lóðinni að Hólmaþingi 5 verður byggingarréttur óbreyttur en á lóðinni að Hólmaþingi 5b er gert ráð fyrir einbýlishúsi á einni hæð auk kjallara. Aðkoma verur að efri hæð hússins en bílageymsla og íveruherbergi verða í kjallara. Hámarks vegghæð verður 7,5 metrar og þakform er frjálst. Grunnflötur er áætlaður 136 m2 og hámarks byggingarmagn er 272 m2. Gert er ráð fyrir þremur bílastæðum á lóðinni. Aðkoma að lóðinni verður milli Hólmaþings 3 og 7. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá og með 20. febrúar 2017. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 3. apríl 2017.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Kópavogsbær

kopavogur.is

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Kjöreign ehf
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU



**Kjöreign fasteignasala, sími 533-4040 auglýsir til leigu, skrifstofuhúsnæði í húsi Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17.** Um er að ræða 72 fm opið rými á 2. hæð, gengið inn af jarðhæð bakatil. Húsnæðið hefur verið leigt út til sprotafyrirtækis og hentar vel til ýmissar starfsemi. Aðgengi að góðu mötuneyti og fundarsal. Húsnæðið er parketlagt og er opið vinnurými með góðum gluggum. Næg bílastæði. **Leigurverð 200 þúsund á mánuði með rafmagni og hita.**

Dan V.S. Wiium hdl., og löggiltur fasteignasali
Þórarinn Friðriksson Lögg. fasteignasali sími: 844-6353

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

INHOPE insafe SAFT

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

GRAFARVOGS HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI
- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Er vandamál með neysluvatnið?
Við ástandsskoðun, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR
Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is



Dáleiðsla
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur


Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald


ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

GIMLI 570 4800

Fasteignasalan Gimli
Grensásvegi 13, 108 RVK

Árni Stefánsson
Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali

**Vantar leigueignir.**

**Erum að leita að 25 íbúðum fyrir opinberan aðila, 3-5 herbergja.**

**Leigutími 1-3 ár.**

**Öruggar greiðslur frá traustum leigutaka.**




# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

1. **Breyting á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Flóahreppi. Stækkun hótels í Bitru.**
   Lögð fram til kynningar lýsing vegna aðalskipulagsbreytingar í landi Bitru á 5 ha svæði umhverfis núverandi gistihús. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði heimilt að stækka núverandi húsnæði þannig að hótelið verði allt að 6.000 fm að stærð. Í breytingunni er landnotkun breytt í svæði fyrir verslun- og þjónustu.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingum:**

2. **Breyting á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar fyrir Þingvallasveit 2004-2016. Ákvæði um deiliskipulag.**
   Árið 2006 var staðfest aðalskipulag fyrir Bláskógabyggð fyrir svæði sem var áður innan fyrrum Þingvallasveitar. Í greinargerð aðalskipulagsins var sett sú stefna að unnið yrði að gerð deiliskipulags fyrir öll svæði sem ekki voru með lögformlegt deiliskipulag og að fjórum árum eftir staðfestingu yrði ekki heimilt að gefa út byggingarleyfi nema á grundvelli deiliskipulags. Frá þvi að aðalskipulagið tók gildi hefur reynst erfitt að koma í gegn deiliskipuagsáætlunum fyrir eldri frístundabyggðarsvæði og er því talið nauðsynlegt að heimila útgáfu byggingarleyfa á grundvelli grenndarkynningar eins og heimilt er á öðrum svæðum innan sveitarfélagsins. Í breytingunni felst því að fella út ákvæði um að deiliskipulag verði ávallt að vera forsenda útgáfu byggingarleyfis.
3. **Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjarhrepps 2004-2016 á svæði austan við Árnes. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í staði landbúnaðarsvæðis.**
   Lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem nær til svæðis sem liggur upp að þéttbýlinu Árnes. Er fyrirhugað að byggja þar upp þjónustu í tengslum við hestaferðir og er m.a. er gert ráð fyrir byggingu gistiaðstöðu og þjónustuhúss. Landið er rúmlega 9 ha að stærð og er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði en með breytingunni er gert ráð fyrir að um 4 ha svæðisins breytist í verslunar- og þjónustusvæði.
4. **Breyting á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Flóahreppi, á svæði úr landi Laugardæla. Golfvöllur í stað íbúðarsvæðis.**
   Lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015, Flóahreppi, á svæði úr landi Laugardæla. Svæðið er í dag skilgreint sem blönduð landnotkun íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota. Er breytingin gerð vegna fyrirhugaðrar stækkun golfvallar, Svarfhólsvallar, og breytist íbúðarsvæði Í4 og að hluta íbúðarsvæði Í5 í opið svæði til sérstakra nota.
   Þa breytist um 4 ha landbúnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota.

**Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

5. **Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjarhrepps 2004-2016 við þéttbýlið Árnes, sunnan þjóðvegar.**
   Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi á svæði við Árnes, sunnan þjóðvegar og austan við núverandi athafnasvæði. Á dreifbýlisuppdrætti er svæðið skilgreint sem blanda íbúðar- og opins svæðis til sérstakra nota en innan þéttbýlis er það annarssvegar athafnasvæði og hinsvegar opið svæði til sérstakra nota. Í breytingunni felst að afmörkun þéttbýlisins minnkar þannig að þetta svæði verður utan þéttbýlisins og skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða en skv. því er gert ráð fyrir að byggja íbúðarhús, landbúnaðarbyggingu og smáhýsi til ferðaþjónustu.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

6. **Breyting á deiliskipulagi á svæði sunnan við Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Lögbýli í stað hesthúsasvæðis.**
   Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðis austan núverandi athafnasvæðis í Árnesi, sunnan þjóðvegar á svæði sem er innan spildu sem kallast Urðarlaut lnr. 223803. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er hesthúsasvæði austast í landinu en breytt skipulag gerir ráð fyrir að í staðinn verði þrír nýjir byggingarreitir, fyrir allt að 600 fm íbúðarhús, 2.500 fm landbúnaðarbyggingu og fjögur allt að 40 fm smáhýsi til útleigu. Svæðið verður hluti af nýju lögbýli sem kallast Urðarlaut.
7. **Breyting á skilmálum frístundabyggðarinnar Flatir úr landi Réttarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
   Auglýst er tillaga að nýjum skilmálum fyrir frístundabyggðina Flatir úr landi Réttarholts en á sínum tíma var vísað í þágildandi byggingarreglugerð varðandi stærð og gerð húsa. Er m.a. gert ráð fyrir að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0.03 og að byggja megi aða- og aukahús. Hámarksstærð aukahúss getur verið allt að 40 fm. Þakhalli og mænisstefna er frjáls en hámarks mænishæð getur verið allt að 6 m frá jörðu. Ef um er að ræða hús með minni þakhalla en 15 gráður skal miðast við hámarks vegghæð upp á 4 m.
8. **Breyting á deiliskipulagi Garðs í Hrunamannahreppi. Þrjú smáhýsi.**
   Auglýst er breyting á deiliskipulagi lögbýlisins Garðs þar sem rekin er baðstaðurinn Gamla Laugin. Í breytingunni felst er að afmarkaður er 450 fm byggingarreitur vestan við baðstaðinn þar sem byggja má allt að þrjú 30 fm smáhýsi.
9. **Deiliskipulag fyrir alifuglabú á jörðinni Vatnsendi í Flóahreppi ásamt umhverfisskýrslu**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 5,4 ha svæðis úr landi Vatnsenda sem liggur norðan Villingaholtsvegar og austan vegar að Þingdal, á lóð sem fá mun nafnið Lækjarhvarf. Fyrirhuguð er stækkun kjúklingabús sem rekið er á jörðinni og er í tillögunni gert ráð fyrir byggingu allt að 6 alifuglahúsa fyrir allt að 80.000 fugla. Hvert hús getur verið allt að 1.000 fm að stærð, 70 m langt með allt að 7 m mænishæð. Á byggingareit er einnig gert ráð fyrir að byggð verði 550 fm haugþró ur steinsteypu.
10. **Deiliskipulag lóðar fyrir símamastur í landi Snæfoksstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.**
   Auglýst er tillaga að deiliskipulagi 600 fm lóðar í landi Snæfoksstaða þar sem heimilt verður að reisa allt að 25 m hátt mastur auk allt að 7,5 fm fjarskiptahús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16.
Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is.

Skipulagstillögur nr. 1 - 4 eru í kynningu frá 16. febrúar til 3. mars 2017 en tillögur nr. 5 - 10 frá 16. febrúar til 31. mars 2017.
Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 1 - 4 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 3. mars en 31. mars fyrir tillögur nr. 5 - 10.
Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi,**
**petur@utu.is**

# Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi

## Skipulags- og byggingarfulltrúi

Í samræmi við 31.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar.

### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2012-2022 í landi Efri Víkur

Um er að ræða breytingu á landnotkun í landi Efri-Víkur í Landbroti þar sem hluti opins svæðis, frístundabyggðar og landbúnaðar fer undir íbúðabyggð. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið deiliskipulag.

### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2012-2022 – Ferðaþjónusta í landi Tungu

Viðfangsefni breytingarinnar er nýtt verslunar- og þjónustusvæði í landi Tungu. Gert er ráð fyrir 75 herbergja hóteli á tveimur hæðum og jarðhæð, gistihúsum og sögusafni. Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið deiliskipulag.

Í samræmi við 41.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulög.

### Deiliskipulag – Efri Vík deiliskipulag íbúðar og frístundabyggðar

Lagt er fram deiliskipulag fyrir Efri-Vík í Landbroti vegna íbúða- og frístundabyggðar. Í tengslum við uppbyggingu á ferðaþjónustu að Efri-Vík og í sveitarfélaginu öllu hefur verið skortur á aðstöðu fyrir starfsfólk og möguleikum á uppbyggingu íbúðarhúsa á Klaustri og í nágrenni. Bregðast á við þessari vöntun með breyttri notkun lóða innan frístundasvæðis að Efri-Vík. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir 14 íbúðalóðum og 18 frístundalóðum. Skipulagssvæðið er samtals um 65 ha.

### Deiliskipulag – Tunga

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir hótel, gistihús og sögusafn í landi Tungu. Svæðið er innan skilgreinds þéttbýlis Kirkjubæjarklausturs skv. aðalskipulagi Skaftárhrepps og liggur sunnan Meðallandsvegar. Aðkomuvegur inn á svæðið er eftir núverandi vegi í Tungu. Áformað er að byggja allt að 75 herbergja hótel ásamt aðstöðu fyrir móttöku og aðra þjónustu. Einnig er áformað að byggja 25 gistihús og sögusafn.

### Deiliskipulag – Tillaga að deiliskipulagi gistihúsa Byggðarbóls Kálfafelli.

Deiliskipulagið nær til lóðar á jörðinni Kálfafell I í Skaftárhreppi. Heildarstærð deiliskipulagssvæðis er 4,2 ha. Skipulagið tekur til ferðaþjónustuhúsa, aðkomuvegar af núverandi vegi og bílastæða. Samhliða deiliskipulagi er auglýst breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps þar sem ákvæðum á landbúnaðarlandi er breytt.

### Deiliskipulag – Kálfafell Skaftárhreppi ferðaþjónustuhús

Deiliskipulagið nær til lóðar á jörðinni Kálfafell I í Skaftárhreppi. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 8800 m2. Deiliskipulagið tekur til ferðaþjónustuhúsa, afleggjara af núverandi vegi og bílastæða. Samhliða deiliskipulagi er auglýst breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps þar sem ákvæðum á landbúnaðarlandi er breytt.
Í samræmi við 30.gr.skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi lýsingu aðalskipulagsbreytingar.

### Lýsing aðalskipulagsbreytingar – Iðjuvellir 3

Viðfangsefni breytingarinnar er að gera eftirfarandi breytingu á þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustur: Reitur V-6 undir verslun og þjónustu stækkar til norð-austurs um 0,4 ha. Reitur A1 undir athafnasvæði minnkar sem því nemur. Fyrirhugað er að breyta húsnæði í hótel fyrir ferðamenn á reit A-1, þar sem áður var verkstæði.

Tillögur þessar liggja frammi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is, frá 16. febrúar 2017 til og með 3.apríl 2017. Athugasemdir ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Klaustur eða í tölvupósti á bygg@klaustur.is eða bygg@vik.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 3.apríl 2017. Athugasemdafrestur við lýsingu aðalskipulagsbreytingar vegna Iðjuvalla 3 er til og með 24.febrúar 2017.

***Vigfús Þór Hróbjartsson***
***Skipulags og byggingarfulltrúi***
***Skaftárhreppur***

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef þau lenda í ofbeldi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

TILKYNNING

## FRUMHERJI OPNAR Í MJÓDDINNI

20 ÁRA
STOFNAÐ 1997

# Á BESTA STAÐ Í BÆNUM




## HÖFUÐSTÖÐVAR FRUMHERJA OG EFTIRFARANDI ÞJÓNUSTA HEFUR FLUTT AÐSETUR SITT AÐ ÞARABAKKA 3, MJÓDDINNI

- AÐALSKRIFSTOFA
- ÖKUPRÓF
- FASTEIGNA-SKOÐUN
- SKIPASKOÐUN
- GÆÐASTJÓRN-UNARKERFI
- RAFMAGN-SKOÐANIR

**ÞJÓNUSTUVER**
TÍMAPANTANIR OG UPPLÝSINGAR
**570 9090**



**STAÐSETNING BIFREIÐASKOÐUNARSTÖÐVA HELST ÓBREYTT**

**Frumherji**

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



L-Mesitran

Náttúruleg sáragræðsla með hunangi

Nánari upplýsingar fást á **www.wh.is.**




L-Mesitran®

Vörurnar fást í Lyf og heilsu, Lyfjaveri, Apótekaranum, Hraunbergsapóteki, Lyfsalanum Glæsibæ, Akureyrarapóteki, Apóteki Mos og Apóteki Ólafsvíkur.




macron

Macron.is | Macron Store Reykjavík | Grensásvegi 16




Álgluggar og hurðir



CE - merkt framleiðsla

- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

**Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga**

IDEX

idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli


# Endaspretturinn gæti breytt öllu fyrir liðin

**Sex umferðir eru eftir af deildarkeppni Domino's-deildar karla í körfubolta og aðeins þrír sigrar skilja að fallsæti og heimavallarrétt í átta liða úrslitum.**

**KÖRFUBOLTI** Spennan hefur líklega sjaldan verið meiri á þessum tíma í Domino's-deild karla. Snæfellsliðið fellur reyndar úr deildinni við næsta tap en mikil barátta er fram undan um hin ellefu sætin. Fréttablaðið fór yfir lokaumferðirnar og skipti deildinni upp í þrjú baráttusvæði.

Þrjú lið eiga möguleika á deildarmeistaratitlinum en Íslandsmeistarar KR eru samt í mjög góðri stöðu.

KR er með tveggja stiga forystu og næstu fimm leikir bikarmeistaranna eru á móti liðum í sjötta sæti eða neðar. KR gæti því auðveldlega verið búið að tryggja sér deildarmeistaratitilinn þegar kemur að leik á móti Stjörnunni í lokaumferðinni. Ef ekki þá sjá menn fyrir sér möguleika á úrslitaleik í DHL-höllinni 9. mars.

Stjarnan er bara tveimur stigum á eftir KR en á mun erfiðari leiki eftir. Liðið á sem dæmi eftir að mæta liðunum í 3., 4. og 5. sæti áður en kemur að leiknum við KR í lokin.

Tindastóll á eftir heimaleiki á móti erfiðari liðunum (2. til 5. sæti) en útileiki á móti þeim léttari (10. til 12. sæti) sem ætti að koma sér vel og það er því ekki hægt að afskrifa þá.

Liðin í 4. (Þór Þorl.) og 5. sæti (Grindavík) eru jöfn að stigum og nýbúin að mætast í mögnuðum undanúrslitaleik í Maltbikarnum. Þar er allt hnífjafnt og liðin tveimur stigum neðar, Þór Ak. og Njarðvík, gætu vissulega blandað sér í baráttuna um fjórða sætið auk þess að liðin í 8. og 9. sæti eiga smá von líka.

Þór úr Þorlákshöfn á eftir erfiða útileiki á móti liðunum í 2. (Stjarnan) og 3. sæti (Tindastól) en Grindvíkingar fá aftur á móti annan þeirra leikja á heimavelli (Stjarnan). Grindvíkingar mæta nágrönnum sínum úr Reykjanesbæ í næsta leikjum.

Þór Akureyri byrjar á erfiðum leik á heimavelli á móti toppliði KR en mæta svo liðum í kringum sig í töflunni. Þar eru sóknarfæri.



**Hlynur Bæringsson og félagar í Stjörnunni eiga tölfræðilega erfiðasta prógrammið eftir í sex síðustu umferðum Domino's-deildar karla.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Njarðvíkingar eru eitt heitasta lið deildarinnar með fjóra sigra í röð en þeir mæta fleiri liðum á topp fimm (3) heldur en liðin ofar (2).

Liðin sem eru fjórum stigum frá fjórða sætinu, Keflavík og ÍR, þurfa ekki bara að horfa upp töfluna heldur einnig niður á lið Hauka og Skallagríms sem eru bara einum sigri á eftir þeim.

Borgnesingar sitja eins og er í fallsæti eftir fjögur töp í röð og eiga auk þess mjög erfiða leiki eftir. Það er því auðveldast að spá Skallagrími falli en ekki má gleyma því að Skallagrímsliðið hefur unnið fjóra leiki á móti liðum í efri hlutanum (Stjarnan, Þór Þorl., Grindavík og Þór Ak.) og fóru í framlengingu gegn KR.

Haukarnir hafa valdið miklum vonbrigðum en þeir hafa tapað mörgum jöfnum leikjum í vetur og fari það að breytast á lokasprettinum er úrslitakeppnin ekki svo fjarlægur draumur. Þeir losna hins vegar ekki nærri því strax við falldrauginn, ekki frekar en liðin í kringum þá í töflunni.

Hér á síðunni er hægt að skoða mótherja liðanna og styrkleika þeirra út frá árangrinum til þessa í deildinni í vetur. **ooj@frettabladid.is**

## Baráttan um deildarmeistaratitilinn

**1. sæti KR (13 sigrar – 3 töp)**
Úti - Þór Ak. (6. sæti 8-8)
Heima - ÍR (9. sæti, 7-9)
Úti - Njarðvík (7. sæti, 8-8)
Heima - Keflavík (8. sæti, 7-9)
úti - Snæfell (12. sæti, 0-16)
Heima - Stjarnan (2. sæti, 12-4)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 44 prósent**
**1 mótherji á topp fimm**

**2. sæti Stjarnan (12 – 4)**
Heima - Þór Þorl. (4. sæti, 9-7)
Úti - Tindastóll (3. sæti, 11-5)
Heima - Skallagrímur (11., 6-10)
Úti - Grindavík (5. sæti, 9-7)
Heima - Haukar (10. sæti, 6-10)
Úti - KR (1. sæti, 13-3)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 56 prósent**
**4 mótherjar á topp fimm**

**3. sæti Tindastóll (11 – 5)**
Úti - Snæfell (12. sæti, 0-16)
Heima - Stjarnan (2. sæti, 12-4)
Heima - Þór Þorl. (4. sæti, 9-7)
Úti - Skallagrímur (11. sæti, 6-10)
Heima - Grindavík (5. sæti, 9-7)
Úti - Haukar (10. sæti, 6-10)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 44 prósent**
**3 mótherjar á topp fimm**

**6**

**stig skilja að liðin í fjórða og ellefta sæti eftir 16 umferðir af 22.**

## Baráttan um heimavallarrétt í úrslitakeppni

**4. sæti Þór Þorl. (9 sigrar – 7 töp)**
Úti - Stjarnan (2. sæti, 12-4)
Heima - Þór Ak. (6. sæti 8-8)
Úti - Tindastóll (3. sæti, 11-5)
Heima - ÍR (9. sæti, 7-9)
Úti - Skallagrímur (11. sæti, 6-10)
Heima - Njarðvík (7. sæti, 8-8)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 54 prósent**
**2 mótherjar á topp fimm**

**5. sæti Grindavík (9 – 7)**
Úti - Njarðvík (7. sæti, 8-8)
Heima - Keflavík (8. sæti, 7-9)
Úti - Snæfell (12. sæti, 0-16)
Heima - Stjarnan (2. sæti, 12-4)
Úti - Tindastóll (3. sæti, 11-5)
Heima - Skallagrímur (11. sæti, 6-10)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 46 prósent**
**2 mótherjar á topp fimm**

**6. sæti Þór Ak. (8 – 8)**
Heima - KR (1. sæti, 13-3)
Úti - Þór Þorl. (4. sæti, 9-7)
Úti - ÍR (9. sæti, 7-9)
Heima - Njarðvík (7. sæti, 8-8)
Úti - Keflavík (8. sæti, 7-9)
Heima - Snæfell (12. sæti, 0-16)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 46 prósent**
**2 mótherjar á topp fimm**

**7. sæti Njarðvík (8 – 8)**
Heima - Grindavík (5. sæti, 9-7)
Úti - Haukar (10. sæti, 6-10)
Heima - KR (1. sæti, 13-3)
Úti - Þór Ak.(6. sæti 8-8)
Heima - ÍR (9. sæti, 7-9)
Úti - Þór Þorl. (4. sæti, 9-7)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 54 prósent**
**3 mótherjar á topp fimm**

## Fall eða úrslitakeppni

**8. sæti Keflavík (7 sigrar – 9 töp)**
Heima - Skallagrímur (11. sæti, 6-10)
Úti - Grindavík (5. sæti, 9-7)
Heima - Haukar (10., 6-10)
Úti - KR (1. sæti, 13-3)
Heima - Þór Ak.(6. sæti 8-8)
Úti - ÍR (9. sæti, 7-9)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 51 prósent**
**2 mótherjar á topp fimm**

**9. sæti ÍR (7 – 9 töp)**
Heima - Haukar (10. , 6-10)
Úti - KR (1. sæti, 13-3)
Heima - Þór Ak.(6. sæti 8-8)
Úti - Þór Þorl. (4. sæti, 9-7)
Úti - Njarðvík (7. sæti, 8-8)
Heima - Keflavík (8. sæti, 7-9)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 53 prósent**
**2 mótherjar á topp fimm**

**10. sæti Haukar (6 – 10)**
Úti - ÍR (9. sæti, 7-9)
Heima - Njarðvík (7. sæti, 8-8)
Úti - Keflavík (8. sæti, 7-9)
Heima - Snæfell (12. , 0-16)
Úti - Stjarnan (2. sæti, 12-4)
Heima - Tindastóll (3. sæti, 11-5)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 47 prósent**
**2 mótherjar inn á topp fimm**

**11. sæti Skallagrímur (6 – 10)**
Úti - Keflavík (8. sæti, 7-9)
Heima - Snæfell (12., 0-16)
Úti - Stjarnan (2. sæti, 12-4)
Heima - Tindastóll (3., 11-5)
Heima - Þór Þorl. (4., 9-7)
úti - Grindavík (5. sæti, 9-7)
**Sigurhlutfall allra mótherja: 50 prósent**
**4 mótherjar á topp fimm**





Lagerhreinsun

**110.000,-**

~~159.995,-~~

### Montreux gasgrill

2 brennarar, 9,7 kW/klst. Rafstýrður kveikirofi. Þv. grillflatar 57 cm. Stórt svæði fyrir óbeina eldun. Hentar vel fyrir bakstur. Einkaleyfisvarið trektarkerfi.Hnífaparageymsla. Hitamælir í loki. Hliðarborð úr graníti.

**50.000,-**

~~76.995,-~~

Kingstone

### Rock 350 gasgrill

3 ryðfríir brennarar, 16,55 kW/klst. Hliðarbrennari. Snúningsuppkveikja. Grillflötur 63,8 x 44,5 cm. Vinnuborð

# Þú vilt ekki missa af lagerhreinsuninni hjá okkur...

## - fjöldi vara á lækkuðu verði!









Lagerhreinsun

**5.000,-**

~~9.695,-~~

Nilfisk

### Patio Cleaner Plus pallahreinsir

Fjarlægir erfiða bletti, þörunga, mosa og þess háttar. Með þrýstingsjöfnun í stútum er hægt að hreinsa margs konar undirlag. Hentar fyrir öll almenn Nilfisk-Alto hreinsitæki.

Lagerhreinsun

Lagerhreinsun

**6.000,-**

~~11.995,-~~

Nilfisk

### Smart gluggaskafa

Með softgrip handfangi. Vinnubreidd 28 cm. Afköst á hverri hleðslu 40–75 m². Hleðslutími rafhlöðu er 2 klukkustundir. Notkunartími rafhlöðu er 25 mín.

**12.500,-**

~~19.995,-~~

Nilfisk

Háþrýstidæla

C 105.6-5. Hámarksdæluþrýstingur 105 bör, hámarksvatnsflæði 440 l/klst. Sjálfkrafa ræsing/ stöðvun. Click&Clean fylgihlutakerfi.

**13.000,-**

~~19.995,-~~

BLACK+DECKER

### Black & Decker hjólsög

KS1400L. 1400 W. Þvermál sagarblaðs 90 mm. Með spindillás og spennulykli.

Auglýst tilboð gildir frá fimmtudeginum 16. febrúar til og með sunnudeginum 26. febrúar 2017.
Takmarkað magn, fyrstur kemur fyrstur fær.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# TÍMAMÓT



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Tryggvi Pálsson**
frá Engidal,

lést á heimili sínu Sundsholmen, Västervik, Svíþjóð, fimmtudaginn 2. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Inger Pálsson**
**Ari Tryggvason** **Carolina Birgner**
**Einar Tryggvason**
**Ingunn Sigurdrífa Tryggvadóttir** **Alex Eriks**
**Frey, Eira, Eydis og Idun**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Edda Gréta Guðmundsdóttir**
Vesturgötu 15, Ólafsfirði,

verður jarðsungin frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 18. febrúar klukkan 14.

**Pétur Ingiberg Jónsson**
**Anna Sigríður Gunnarsdóttir**
**Brynjólfur H. Gunnarsson** **Sigurveig Harpa Ágústsdóttir**
**Guðmundur G. Gunnarsson** **Valgerður Auðunsdóttir**
**Gunnar Þór Gunnarsson** **Þórdís Borgþórsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

## Merkisatburðir

**1899** Knattspyrnufélag Reykjavíkur er stofnað.
**1920** Fyrsta dómþing Hæstaréttar Íslands er háð. Þar með hafa Íslendingar fengið æðsta dómsvald í eigin málum.
**1923** Howard Carter opnar gröf Tútankamons.
**1941** Kim Jong-il, leiðtogi Norður-Kóreu, fæðist.
**1959** Fidel Castro tekur við völdum á Kúbu eftir að Fulgencio Batista hefur verið settur af.
**1970** Snjókoma er á Suðvesturlandi, sú mesta síðan 1957. Umferð í Reykjavík stöðvast um tíma.
**1981** Engihjallaveðrið. Eitt mesta ofviðri í manna minnum hefst um kvöldið og stendur fram á næsta dag. Mikið tjón verður á húsum, bifreiðum og fleiru. Staðarhólskirkja fýkur af grunni. Vindhraði við Þyril í Hvalfirði kemst í 222 km á klukkustund.
**1981** Lag Bítlanna, Please Please Me, kemst í efsta sæti breska vinsældalistans.
**1995** Hornsteinn lagður að nýju húsi Hæstaréttar við Lindargötu í Reykjavík á 75 ára afmæli réttarins.
**1999** Kúrdískir skæruliðar hertaka nokkur sendiráð í Evrópu eftir að Tyrkir handtaka einn af foringjum þeirra, Abdullah Öcalan.
**2005** Kýótóbókunin tekur gildi eftir undirskrift Rússlands.



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Halldóru Ármannsdóttur**
Löngumýri 38,
Selfossi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Áss í Hveragerði fyrir frábæra umönnun og hlýju.

**Guðmar Þór Hauksson**
**Ármann Hauksson**
**Elín Hauksdóttir** **Guðlaugur A. Stefánsson**
**Magni Freyr Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Ingva Sigurðssonar**
frá Hlemmiskeiði,
Stekkholti 23, Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar 11E Landspítalanum fyrir umhyggju og góða umönnun.

**Sigríður Bergsdóttir**
**Davíð Örn Ingvason** **Hulda Margrét Þorláksdóttir**
**Jón Trausti Ingvason** **Hrafnhildur E. Bjarnadóttir**
**Þórir Már Ingvason**
**Ármann Ingi Ingvason** **Fjóla Dóra Sæmundsdóttir**
**Inga Rós Ingvadóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir mín,

**Högna Sigurðardóttir Anspach**
arkitekt,

er látin. Útför fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 16. febrúar kl. 15.

**Þórunn Edda Anspach**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Júlíana Ruth Woodward**

lést sunnudaginn 12. febrúar sl. Jarðarförin fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 21. febrúar kl. 15.

**Arndís S. Sævarsdóttir** **Eiríkur Sigurðsson**
**Margrét S. Sævarsdóttir** **Ólafur Þórðarson**
**Erla S. Sævarsdóttir** **Jón Óskar Gíslason**
**Bryndís Ósk Sævarsdóttir** **Sigurður Á. Pétursson**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Gunnarsdóttir**
saumakona,
Víðilundi 20, Akureyri,

lést sunnudaginn 12. febrúar síðastliðinn á dvalarheimilinu Hlíð. Jarðarförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 21. febrúar kl. 13.30. Blóm og kransar afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á minningarkort Sjálfsbjargar á Akureyri í síma: 4626888, hjá Eymundsson, Hafnarstræti, Akureyri, eða bankareikn. 0302-26-8345, kt. 570269-2599.

**Svava Hrönn Guðmundsdóttir** **Hreggviður Norðdahl**
**Gunnar H. Guðmundsson** **Elín Konráðsdóttir**
**Guðmundur Logi Norðdahl** **Gréta Jakobsdóttir**
**Rannveig Albína Norðdahl** **Atli Rafnsson**
**Anna Kristín Gunnarsdóttir**
**Guðmundur Steinn Gunnarsson** **Katelin Marit Parsons**
**og langömmubörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför mannsins míns,

**Steingríms Gauts Kristjánssonar**
hæstaréttarlögmanns.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðrún Einarsdóttir**



✝

**Hálfdán Björnsson**
náttúruvísindamaður,
Kvískerjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Höfn föstudaginn 10. febrúar. Útförin fer fram frá Hofskirkju í Öræfum laugardaginn 18. febrúar kl. 14.00.

**Ættingjar og vinir hins látna.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Birgir Guðmundsson**
Miðhúsum 25, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 9. febrúar sl., verður jarðsunginn frá Langholtskirkju mánudaginn 20. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Nanna S. Baldursdóttir**
**Bjarni Birgisson** **Hrefna Bjarnadóttir**
**Guðmundur Kr. Birgisson** **Lilja Níelsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og kær vinkona,

**Oddbjörg Ingimarsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi þriðjudaginn 7. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Aðstandendur vilja koma á framfæri þakklæti til dvalarheimilisins Höfða, Akranesi, og starfsfólks á A-deild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

**Grétar Einarsson**
**Sigurður Einarsson** **Áslaug Rafnsdóttir**
**Einar Karel Sigurðsson**
**Hilmar Sigurðsson** **Rosemary Ify**
**Lísbet Sigurðardóttir** **Andri Már Jóhannsson**
**Hjörtur Grétarsson**
**Salka Cécile Kalmon Hilmarsdóttir**
**Ísabella Andradóttir**
**Valdís Ragnheiður Jakobsdóttir**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Valur Jakobsson**

andaðist á Krabbameinsdeild Landspítalans mánudaginn 13. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 20. febrúar klukkan 13.

**Anna Einarsdóttir**
**Dagný Guðmundsdóttir** **Díana Guðmundsdóttir**
**Helga Jónsdóttir** **Einar Sigurður Jónsson**
**Birgir Thoroddsen** **Björk Thoroddsen**
**Arnar Thoroddsen**



✝

Elsku hjartans faðir okkar,

**Benedikt Frímannsson**
trésmíðameistari og fv. bóndi,
Stórholti í Dölum, síðast til heimilis
að Skólastíg 14a í Stykkishólmi,

lést á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi þann 10. febrúar sl. Jarðarförin fer fram frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 18. febrúar kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á félagsstarf Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi, rnr. 0309-26-1261, kt. 120158-6789.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rebekka, Rakel, Kristín og Líney Benediktsdætur**



✝

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,

**Ingibjörg Jónsdóttir**
á Rauðsgili,

lést 9. febrúar á dvalarheimilinu Brákarhlíð, Borgarnesi. Útför fer fram frá Reykholtskirkju 18. febrúar kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Brákarhlíð.

**Jón Aðalsteinn Jónsson**
**Steinunn Oddsdóttir** **Sigurvin Jónsson**
**Björn Oddsson** **Hraundís Guðmundsdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.


2 MARAÞON NOW
Tilnefnd til
Edduverðlaunanna 2017
BORGARSTJÓRINN
LEITIN
AÐ UPPRUNANUM
RAPP Í REYKJAVÍK
BORGARSTJÓRINN
PÉTUR JÓHANN SIGURÐSSON
LEIKARI Í AUKAHLUTVERKI
LEITIN AÐ UPPRUNANUM
FRÉTTA- EÐA
VIÐTALSÞÁTTUR ÁRSINS
RAPP Í REYKJAVÍK
MENNINGARÞÁTTUR
ÁRSINS
BORGARSTJÓRINN
LEIKIÐ
SJÓNVARPSEFNI
LEITIN AÐ UPPRUNANUM
SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR
SJÓNVARPSMAÐUR ÁRSINS
LEITIN AÐ UPPRUNANUM
SJÓNVARPSEFNI
ÁRSINS
Tryggðu
þér áskrift að
2 MARAÞON NOW
fyrir aðeins
100 kr. á dag
á 2now.is
Þættir Stöðvar 2 sem tilnefndir voru til
Eddunnar í ár hafa bæst við safnið á
STÖÐ 2 MARAÞON NOW,
auk fjölmargra vandaðra Óskarsverðlaunamynda.
ZERO DARK THIRTY
GRAVITY
MATTHEW McCONAUGHEY
DALLAS BUYERS CLUB
THE HURT LOCKER
AMERICAN SNIPER
IRON LADY
Precious
SEARCHING FOR SUGAR MAN
| 2now.is
365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Austlæg eða breytileg átt í dag, yfirleitt hægari vindur. Skýjað og rigning með köflum, en úrkomulítið norðan til. Hiti 2 til 7 stig sunnanlands, en heldur svalara fyrir norðan.

## Föstudagur




## Laugardagur




## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. gort
6. í röð
8. lyftiduft
9. fugl
11. búsmali
12. hopp
14. húrra
16. hætta
17. fjör
18. máleining
20. hljóta
21. lokka

**LÓÐRÉTT**
1. samtals
3. einnig
4. sjúkdómur
5. viður
7. andmæli
10. dýrafita
13. kóf
15. rænuleysi,
16. kjökur
19. tveir eins



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. mont, 6. lm, 8. ger, 9. lóm, 11. fé, 12. stökk, 14. bravó, 16. vá, 17. fer, 18. orð, 20. fá, 21. laða.
**LÓÐRÉTT:** 1. alls, 3. og, 4. nefkvef, 5. tré, 7. mótbára, 10. mör, 13. kaf, 15. óráð, 16. vol, 19. öð.

### Skák Gunnar Björnsson



Konstantinopolski átti leik gegn Rasuvajev í Moskvu árið 1966.

**Svartur á leik**

**1...Bc6!! 2. Bxc6 c2 0-1.** Daði Ómarsson og Þröstur Þórhallsson urðu efstir og jafnir á Nóa Síríus mótinu – gestamóti Hugins og Breiðabliks sem lauk í gær. Guðmundur Kjartansson og Jón Viktor Gunnarsson urðu jafnir í 3.-4. sæti.

**www.skak.is:** Skákkeppni vinnustaða í kvöld.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 5 | | | | | 3 |
| 9 | 8 | | 3 | | | 2 | | 7 |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| | | | | 1 | | 8 | | 2 |
| 6 | 2 | | 9 | 3 | | | | |
| | 3 | 5 | 8 | | | | | 4 |
| 3 | | | | | 9 | 1 | | |
| | 9 | | | | | 7 | 6 | 5 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 2 | | | 3 | | | |
| 1 | 9 | | | 4 | | | | |
| | 5 | | 2 | 8 | | | 9 | |
| | | 7 | | | 4 | 5 | | |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 2 | 3 | 9 | | | 7 | | | 6 |
| | | | | 3 | 8 | | | 1 |
| 9 | 4 | | | | | | 7 | |
| | 2 | | 9 | | 5 | | 6 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 5 | | 6 |
| 4 | | 8 | 2 | | | 9 | 3 | |
| | 7 | | 8 | | | 1 | | |
| | | 1 | | | | 7 | | 3 |
| | | | 9 | | 8 | | | |
| | | 6 | | 4 | 7 | | | |
| 3 | 6 | | | | | | | 2 |
| | | | 4 | 6 | | | 5 | |
| | 4 | | | 3 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 5 | 9 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 7 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# VisionX LED ljóskastarar

Fást eingöngu
á Bíldshöfða 10

**Nánari upplýsingar er að fá á heimasíðu okkar: www.stilling.is/visionx**






Led ljóskastarar á bifreiðar



**Isolux tafla**






Led ljóskastarar á vélsleða

**Stilling**
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is/visionx | stilling@stilling.is

markhönnun ehf

# nettó

# Gott og girnilegt

Dúndur verð!




LAMBALÆRI - FROSIÐ
**1.199 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.394 KR/KG~~

KJÖTBANKINN




LAMBALÆRI
ÚRBEINAÐ MEÐ FETA OG SÓLÞURRKUÐUM TÓMÓMTUM
**2.878 KR/KG**
~~ÁÐUR: 3.598 KR/KG~~

Glæsilegt á helgarborðið

KJÖTSEL



SALTKJÖT
SÍÐUBITAR
**386 KR/KG**
~~ÁÐUR: 429 KR/KG~~

Salkjötið fæst í Nettó

KJÖTSEL




LAMBASALTKJÖT
BLANDAÐ
**691 KR/KG**
~~ÁÐUR: 898 KR/KG~~

ÍSFUGL




KALKÚNAGRILLSNEIÐAR
GRILLPOKI
**1.768 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.947 KR/KG~~

nettó




KJÚKLINGUR - HEILL
**694 KR/KG**
~~ÁÐUR: 798 KR/KG~~




DALOON KÍNARÚLLUR
MEÐ KJÚKLING EÐA KARRÍKJÚKLING
- 600 GR.
**499 KR/PK**
~~ÁÐUR: 639 KR/PK~~




SPIGADORO PASTA
5 TEGUNDIR - 500 GR.
VERÐ FRÁ:
**159 KR/PK**
~~ÁÐUR: 199 KR/PK~~




CHICAGO TOWN PIZZA
FYRIR ÖRBYLGJUOFN
- 3 TEGUNDIR
**399 KR/STK**
~~ÁÐUR: 465 KR/STK~~

Jarðarber á tilboði




JARÐARBER
250 GR.
**249 KR/PK**
~~ÁÐUR: 489 KR/PK~~

**Tilboðin gilda 16. – 19. febrúar 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



-40%

**FOLALDAHAKK**
FROSIÐ - 600 GR.
299 KR PK
ÁÐUR: 498 KR/PK



**FOLALDASNITSEL**
Í RASPI FORSTEIKT - FROSIÐ
2.238 KR KG
ÁÐUR: 2.798 KR/KG



**FOLALDASALTKJÖT**
MEÐ BEINI, FRAMPARTUR
VACUMPAKKAÐ - ÓFROSIÐ
798 KR KG
ÁÐUR: 998 KR/KG



**FOLALDAKJÖT REYKT**
FRAMPARTUR VACUMPAKKAÐ
798 KR KG
ÁÐUR: 998 KR/KG



**FOLALDAGÚLLAS**
VACUMPAKKAÐ - FROSIÐ
2.238 KR KG
ÁÐUR: 2.798 KR/KG

FERSKLEIKI KJÖTBANKINN FAGMENNSKA

# *Folaldakjöt með 20% afslætti*



**FOLALDAPIPARSTEIK**
FROSIÐ
2.398 KR KG
ÁÐUR: 2.998 KR/KG



**FOLALDAFILE**
FROSIÐ
3.198 KR KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG

-20%



**FOLALDALUNDIR**
FROSIÐ
4.398 KR KG
ÁÐUR: 5.498 KR/KG



998KR

**KJÖTBOLLUR** - FORSTEIKTAR
998 KR KG
ÁÐUR: 998 KR/KG



-30%

**NAUTA MÍNÚTUSTEIK**
2.659 KR KG
ÁÐUR: 3.798 KR/KG



-20%

**LAMBA PRIME**
FERSKT
3.479 KR KG
ÁÐUR: 4.349 KR/KG



-20%

**LAMBAHRYGGUR**
KRYDDAÐUR - FERSKUR
1.758 KR KG
ÁÐUR: 2.197 KR/KG




**PFANNER SAFI**
5 TEGUNDIR - 1 L.
199 KR STK
ÁÐUR: 249 KR/STK

-20%

**OREO KREMKEX**
10 PK VANILLA
- 220 GR.
257 KR PK
ÁÐUR: 289 KR/KG







**KINDER EGG** - 3 STK.
395 KR PK ÁÐUR: 449 KR/PK




**KINDER MAXI** - 5 PK - 105 GR
359 KR PK ÁÐUR: 479 KR/PK




-30%

**COOP FLÖGUR**
4 TEGUNDIR - 175 GR.
244 KR PK
ÁÐUR: 349 KR/PK



Bjarni Snæbjörnsson og Alexander Dantes Erlendsson í hlutverkum sínum í verkinu Núnó og Júnía hjá Leikfélagi Akureyrar.

# Það er orðið glæpsamlegt að vera ekki fullkomin

**Núnó og Júnía er nýtt leikrit, eftir þær Söru Martí Guðmundsdóttur og Sigrúnu Huld Skúladóttur, sem verður frumsýnt hjá Leikfélagi Akureyrar á laugardaginn en leikfélagið á aldarafmæli um þessar mundir.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Leikfélag Akureyrar er að verða hundrað ára og pressan er sett á þig? „Já, þegar þú segir það svona, en ég verð að játa að ég hafði ekki hugsað alla leið, áttaði mig bara á þessu þegar ég var að lesa yfir leikskrána í gærkvöldi,“ segir Sara Martí Guðmundsdóttir leikstjóri, annar af tveimur höfundum verksins Núnó og Júnía sem verður frumsýnt í Hofi á laugardaginn. Verkið er jafnframt 322. sviðsetning Leikfélags Akureyrar sem var stofnað þann 19. apríl árið 1917. Sara hlær yfir pressunni og bætir við að það sé nú bara gaman að vera treyst til góðra verka á þessum stóru tímamótum Leikfélagsins.

Á síðasta leikári setti Sara upp barna- og fjölskyldusýninguna Pílu Pínu hjá Leikfélaginu og sú sýning fékk góða dóma og gekk vel. Sara segir að velgengni þeirrar sýningar hafi svo markað upphafið að því sem hún er að takast á við núna. „Eftir velgengni Pílu Pínu þá hafði Jón Páll, leikhússtjóri LA, samband og spurði hvort ég hefði áhuga á því að leikstýra aftur á þessu leikári fyrir norðan. Við fórum að skoða hin og þessi verk til þess að fara með á fjalirnar en það var alltaf eitthvert vesen með þau. Þannig að við Sigrún Huld Skúladóttir, sem skrifaði með mér leikgerðina að Pílu Pínu, komum bara með hugmynd að verki sem Jón Páll kveikti strax á. Í framhaldinu fórum við á fullt að skrifa síðasta sumar og vorum að því langt inn í haustið.“

### Afburðafólkið

En hvernig verk er Núnó og Júnía? „Já, ég ætla að reyna að halda þessu einföldu sem er reyndar frekar erfitt, en í stuttu máli þá er þetta framtíðarspennuleikrit fyrir alla fjölskylduna. Verkið gerist í veröld sem heitir Kaldónía og þar stendur fólk frammi fyrir því að tíu árum áður kom plága yfir samfélagið sem kallast Þokan og veldur því að fólk verður ósýnilegt. Yfirvöld tóku til þess ráðs, til þess að reyna að hamla útbreiðslu, að allir



Sara Martí Guðmundsdóttir,leikstýrir Núnó og Júníu. MYND/SAMANTHA WEST

sem smitast eru fluttir inn í dal sem kallast Þokudalurinn. Eina fólkið sem virðist ekki smitast af Þokunni er það sem geta talist afburðafólk. Þannig að ef maður ætlar að sleppa við að fá Þokuna og verða ósýnilegur er ekkert annað að gera en að lifa hvern einasta mánuð eins og það væri meistaramánuður. Bara alla helvítis daga, þannig að það er ekkert grín, því annars áttu á hættu að fá Þokuna og að vera skutlað inn í Þokudal til þess að vera þar um aldur og ævi þar til þú hverfur.

Þetta er veröldin sem við stillum upp en í upphafi verksins er afreksmaðurinn Núnó að fá stöðu sendiherra Kaldóníu og hann er svona eins og Íþróttaálfurinn þar á bæ. Núnó er boðberi metnaðar og gaurinn sem hvetur alla áfram en daginn eftir að hann tekur við þessari mikilvægu stöðu þá vaknar hann upp við það að önnur höndin er orðin ósýnileg, hann er sem sagt kominn með Þokuna. Það er bara eins og að Íþróttaálfurinn fengi sykursýki tvö eða einhvern viðlíka lífsstílssjúkdóm. Það gengur ekki þar sem hann er þarna rétt við toppinn á tilverunni heldur ákveður hann að leyna þessu og reyna að komast að rót vandans.“

### Öll ófullkomin

Sara bendir á að það megi því eiginlega segja að Núnó og Júnía sé eins konar dystópískt verk fyrir alla fjölskylduna. „Þetta eru auðvitað ömurlegar aðstæður en þetta er engu að síður pressa sem við setjum flest á okkur alla daga. Börnin okkar búa meira að segja við miklu meiri pressu en mín kynslóð ólst upp við þannig að við þurfum auðvitað ekkert að vera hissa á því að allur tíundi bekkurinn sýni kvíðaeinkenni. Þetta er heimurinn sem við höfum skapað okkur sjálfum og börnunum okkar. Við lifum við fáránlega pressu frá degi til dags og okkur Sigrúnu Huld langaði til þess að taka þetta fyrir í leikhúsinu. Nýta fantasíuna til þess að skoða samfélagið.“

Sara hefur orð á því að þessi samfélagslega pressa virðist því miður vera að aukast ef eitthvað er. „Samfélagsmiðlarnir og þessi sífelldi samanburður á milli fólks veldur gríðarlegu álagi. Það er orðið alveg glæpsamlegt að vera ófullkomin eða ekki í einhverri staðlaðri mynd, en þó erum við það öll ef að er gáð.“

### Miklir töfrar

Að setja upp heila framtíðarveröld á leiksviði er væntanlega flókið og erfitt verkefni og Sara tekur undir að það sé „brjálæðislega erfitt. En við erum inni á stóra sviðinu í Hamraborg og Hof er gott hús. En það að láta fólk hverfa, smátt smátt, er auðvitað ekki það einfaldasta sem maður gerir í leikhúsinu en með mjög mikilli og góðri samvinnu á milli ljósa, sviðsmyndar, búninga og hreinlega allra þá hefst þetta. En þetta er mikið leikhús, brjálæðislega sjónrænt, með miklum töfrum. Svo erum við líka með frábæra tónlist eftir Stefán Örn Gunnlaugsson sem á eflaust eftir að heilla marga.

Það er líka gaman að vera þarna með tvo unga leikara, þau Alexander Dantes Erlendsson og Dominique Gyðu Sigrúnardóttur, sem eru bæði að stíga sín fyrstu skref í atvinnuleikhúsi og með þeim er svo Bjarni Snæbjörnsson sem útskrifaðist reyndar úr skólanum með mér á sínum tíma. En við erum líka með fimmtán aukaleikara og þau búa að miklu leyti til þennan heim fyrir okkur.

Heim sem ég vona að Akureyringar og helst allir landsmenn komi og sjái í leikhúsinu á næstunni. Ég er viss um að fólk á eftir að hafa gaman af því að koma til okkar og eftir sýninguna er gott að velta henni fyrir sér og ræða um það að við erum í raun fullkomin í ófullkomleika okkar.“



Úrval ferða-fylgihluta frá Go Travel með 25% afslætti




# 25% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM FERÐAVÖRUM
## FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**16. febrúar - 26. febrúar**

Samsonite · American Tourister · 2016 Travelers' Choice tripadvisor



**Guardit fartölvubakpokar**
Fáanlegir í nokkrum stærðum og litum.

13-14"
Verð með afslætti **5.993**
Verð áður 7.990

13-14"
Verð með afslætti **6.743**
Verð áður 8.990



**Base Hits ferðatöskur**
Stækkanlegar með 4 hjólum, fáanlegar í 3 stærðum og litum.

66 sm
Verð með afslætti **17.993**
Verð áður 23.990

55 sm
Verð með afslætti **16.493**
Verð áður 21.990

77 sm
Verð með afslætti **19.493**
Verð áður 25.990



**Streamlife flugtaska**
55 sm Verð með afslætti **29.993**
Verð áður 39.990




**Smarttop flugtaska**
55 sm Verð með afslætti **20.994**
Verð áður 34.990




**X´Blade flugtaska**
55 sm Verð með afslætti **23.994**
Verð áður 39.990

**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# VARA- OG AUKAHLUTIR
*í allar tegundir af vélsleðum*




Getum útvegað original varahluti í flestar gerðir sleða

NITRO Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is



SMÁVÖRUHILLUR OG SKÁPAR
...fyrir alla muni



RÝMI 80 ára OFNASMIÐJAN 1936-2016
s. 511 1100 | www.rymi.is





LÍNAN BÆJARLIND 16 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 553 7100 | LINAN.IS
OPIÐ MÁN TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARDAGA 11 - 16



VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf
Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is




# Engin betri menntun fyrir rithöfund en að þýða

**Kristof Magnusson, rithöfundur og þýðandi íslenskra bókmennta á þýsku, hlaut á dögunum virt þýðingarverðlaun. Hann segir að þýðingar séu stærri hluti af bókmenntaheiminum í Þýskalandi en víða annars staðar í veröldinni.**



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is


Þýðingar eru bókmenntum gríðarlega mikilvægar og þá sérstaklega þeim verkum sem eru skrifuð á tungumáli á borð við íslenskuna sem er eðli málsins samkvæmt smátt málsvæði. Á undanförnum árum hefur vegur íslenskra höfunda farið mjög vaxandi í Þýskalandi en á meðal ötullra þýðenda þar í landi er Kristof Magnusson sem starfar bæði sem rithöfundur og þýðandi. Kristof hlaut fyrir skömmu hin virtu þýðingarverðlaun Rowohlt-stofnunarinnar fyrir þýðingar sýnar á íslenskum bókmenntum.

Kristof er búsettur í Berlín og hann segir að menningarlífið í borginni sé orðið svo íslenskt og með miklum ágætum að það sé farið að minna á hundrað og einn. „Ég var reyndar einmitt að koma úr upplestrarferð með Hallgrími Helgasyni um Þýskaland, þannig að þetta er hérna allt saman.“

### Þórbergur mannraun

Kristof, sem er fæddur og uppalinn í Hamborg og á íslenskan föður en þýska móður, segir að hann hafi reyndar hafið ferilinn sem rithöfundur. „Ég sendi frá mér mína fyrstu skáldsögu fyrir um það bil tólf árum og hún gerist að hluta til á Íslandi. Að auki þá hef ég alltaf verið mikill aðdáandi verka Einars Kárasonar og hans verk hafa sterk áhrif á mig og minn stíl. En eftir að fyrsta skáldsaga mín kom út þá hringdi útgefandi Einars í mig og sagði mér að stíllinn hjá mér hefði nú minnt sig á Einar og hvort ég væri ekki til í að taka að mér að þýða Storm. Svona byrjaði það.“

Á þeim árum sem hafa liðið síðan Kristof byrjaði að glíma við þýðingarnar samhliða eigin ritstörfum hefur hann tekist á við fjölbreytt verk. Þar á meðal má nefna Grettis sögu, Íslenskan aðal eftir Þórberg Þórðarson og verk samtímahöfunda á borð við Einar Kárason, Hallgrím Helgason, Sigurbjörgu Þrastardóttur og Auði Jónsdóttur. En Kristof hefur afar jákvætt hugarfar gagnvart þessu fjölbreytta verkefnavali. „Það er margt skemmtilegt í boði og gott ef maður getur aðeins valið. Þar sem ég er bæði þýðandi og rithöfundur þá er ég í þeirri þægilegu stöðu að geta tekið að mér einvörðungu það sem mér finnst spennandi og áhugavert. Íslenskur aðall var vissulega dæmi um það en hins vegar þá var það óneitanlega talsverð mannraun. Ég er reyndar á þeirri skoðun að það sé engin betri menntun til fyrir rithöfund en að þýða. Það felur í sér stöðuga endurmenntun sem maður fær greitt fyrir.“



Kristof Magnusson hefur tekist á við fjölbreytta flóru íslenskra verka í þýðingum sínum á síðustu árum, allt frá Grettis sögu til Auðar Jónsdóttur. MYND/GUNNAR KLACK

### Úrval þýðinga

Kristof segir að bókamarkaðurinn í Þýskalandi sé sérstakur að því leyti að þar sé mun meiri áhersla á þýðingar en víðast annars staðar í svo stórum málsamfélögum. „Af einhverjum ástæðum hefur þetta alltaf verið þannig. Hlutfallið af þýddum bókmenntum er miklu hærra en t.d. í Bretlandi og Bandaríkjunum þar sem það er svona um 4% en í Þýskalandi er þetta sama hlutfall um 20-30% sem er ótrúlega hátt. En það hefur alltaf verið mikil þýðingamenning í Þýskalandi allt frá því að Martin Luther fór að þýða Biblíuna yfir á þýsku og síðan

> **HÉR ERU TIL AÐ MYNDA MEISTARAVERK HEIMSBÓKMENNTANNA FÁANLEG Í MÖRGUM MISMUNANDI ÞÝÐINGUM SEM ER MJÖG ÁHUGAVERT.**

þá hefur þetta verið viðurkennt sem mikilvægur hluti af menningunni.“

Kristof segir að þetta efli ekki aðeins bókmenninguna í heild sinni heldur hafi þetta afar jákvæð áhrif á umhverfi þýskra rithöfunda. „Hér eru til að mynda meistaraverk heimsbókmenntanna fáanleg í mörgum mismunandi þýðingum sem er mjög áhugavert. Sem dæmi má nefna að síðustu fimmtán árum hafa komið út tvær nýjar þýðingar á Meistaranum og Margarítu eftir Búlgakov og það að geta lesið mismunandi þýðingar er sannkallað ríkidæmi. En svo eru líka margir íslenskir rithöfundar að þýða eins og ég og við það skapast líka áhugavert og gefandi samtal.“

### Þjóðverjar rómantískir

Kristof fer mikið um Þýskaland með íslenskum höfundum til þess að lesa úr verkum þeirra. Hann segir að það sé reyndar mjög sérstakt við bókmenntalífið í þýskumælandi löndum hversu mikið er um upplestra.

„Í flestum smábæjum og satt best að segja krummaskuðum þá er alltaf annaðhvort menningarfélag eða bókabúð sem er að skipuleggja upplestra. Þangað mætir alltaf mikið af fólki sem hefur áhuga á Íslandi og íslenskum bókmenntum og þessi upplestrarmenning er gríðarlega mikilvæg fyrir bókmenntirnar í Þýskalandi. Þjóðverjum finnst svo gaman að sitja og segja sér sögu. Ég held að Þjóðverjar séu að einhverju leyti mjög rómantískir, þrátt fyrir að þeir vilji ekki viðurkenna það, en þetta er svona stemning eins og að sitja framan við arininn og afi er að lesa sögu.“

En að hverju skyldi Kristof vera að vinna um þessar mundir? „Ég þýddi Ósjálfrátt eftir Auði Jónsdóttur og hún kom út hér fyrir nokkrum mánuðum. En núna er ég á lokasprettinum með Sturlungabækurnar hans Einars og þær eiga að koma allar fjórar í einu bindi. Ég er mjög spenntur fyrir þessu því það var búið að gefa út Ofsa og Óvinafagnað hér en núna er forlagið búið að ákveða að gefa þetta út í einni bók og markaðssetja það sem eitt af mikilvægari bókmenntaverkum sem hafa komið út á Íslandi. Ég á bara svona um fjörutíu blaðsíður eftir og svo kemur þetta út í maí og ég hlakka mikið til.“

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Afsláttur af öllum verkfærum frá BLACK & DECKER, DEWALT, HITACHI Inspire the Next

# HÖRKU VERKFÆRADAGAR

## LÝKUR UM HELGINA

HITACHI Inspire the Next
34% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**29.995 kr**
~~45.995 kr~~
**Hleðsluborvél**
18V, + 100 fylgihlutir, 2 stk., 1,5Ah Li-ion rafhlaða, hersla 52Nm. Flott taska með skúffu undir og bitasett fylgir.
5246782

DEWALT
20% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**52.796 kr**
~~65.995 kr~~
**Hleðsluborvél**
18V, tvær 5,0Ah rafhlöður, hersla 70Nm.
5159047

BLACK & DECKER
33% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**9.995 kr**
~~14.995 kr~~
**Hleðsluborvél**
10,8V, tvær 1,5Ah, Li-ion rafhlöður, hersla 26Nm.
5245565

BLACK & DECKER
37% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**5.995 kr**
~~9.495 kr~~
**Höggborvél**
500W, 13 mm málmpatróna.
5245599

HITACHI Inspire the Next
31% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**8.990 kr**
~~12.995 kr~~
**Slípirokkur**
70W, 125 mm, 10.000 sn./mín.
5247370

avasco
265 kg HVER HILLA
**6.995 kr**
**Hillurekki Strong 265 Galva**
Stærð: 180x90x45 cm, 5 hillur, hver hilla ber 265 kg. Litur: Galv.
5803674

40% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**11.995 kr**
~~19.995 kr~~
**Topplyklasett**
NEO, 110 stk., 1/2"-1/4".
5052570

50% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**785 kr**
~~1.579 kr~~
**Verkfærataska**
Caliber, 15".
5024497

Nilfisk
31% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**12.995 kr**
~~18.995 kr~~
**Háþrýstidæla**
110 bör, 440 l/klst., 5 metra slanga.
5254233

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

Byggjum á betra verði

VERSLAÐU Á HUSA.IS
FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

BÍÓ




Dakota Johnson og Jamie Dornan fara með aðalhlutverkið í myndinni Fifty Shades Darker. NORDICPHOTOS/AFP

# Vond samtöl og svæfandi stunur

**Fifty Shades Darker**
★☆☆☆☆

**Leikstjóri:** James Foley
**Handrit:** Niall Leonard
**Tónlist:** Danny Elfman
**Aðalhlutverk:** Dakota Johnson, Jamie Dornan, Kim Basinger

Fifty Shades-bækurnar eftir E.L. James munu seint teljast til menningarlegra eða vandaðra bókmennta, en einhverja ánægju virðist markhópurinn fá út úr þeim. Skemmst er frá því að segja að það sama á við um bíómyndirnar, þessar tvær sem nú eru komnar út. Af báðum að dæma hefur verið óskaplega lítið innihald til staðar til þess að bera örlátan sýningartíma uppi. Einnig hefur lítið gagnast að brjóta upp efniviðinn með sveittum athöfnum þegar persónurnar eru svona óspennandi og kemistrían á milli þeirra er sama og steindauð.

Í Fifty Shades Darker er þráðurinn tekinn upp þar sem frá var horfið. Anastasia Steele er á uppleið í lífinu eftir að hafa losað sig við vafasama auðkýfinginn Christian Grey. En það líður ekki langur tími þar til Grey kallinn er farinn að betla sig aftur inn í líf hennar, með því loforði að verða stilltur strákur. Af óskiljanlegum orsökum ákveður Anastasia að slá til og prófa hvernig gangi að þróa „vanillu“-samband með honum, eins og hún kallar það; engar bindingar, engin leikherbergi og lítið um flengingar. Á meðan Christian gerir sitt besta til að halda aftur af sér birtast einstaklingar úr fortíð hans sem þykja líklegir til að velta öllu um koll, þar á meðal snargeðveikur, fyrrverandi „skjólstæðingur“ hans og eldri kona sem kenndi honum allt sem hann kann á sviði BDSM.

Aðalleikararnir, þau Dakota Johnson og Jamie Dornan, líta kannski ágætlega út og það að þau geti flutt línurnar sínar án þess að bíta í vör eða óvart springa úr hlátri er vissulega afrek í sjálfu sér. Hins vegar er enginn hiti á milli þeirra og kemur þetta fyrir vikið út eins og að horfa á systkini para sig. Ekki fallegt. Framvindan er líka svo þunn, uppfull af endurtekningum og ómeðvituðum aulahrolli að öflugra samspil á milli þeirra hefði litlu bjargað.




E.L. James vill meina að þetta séu ástarsögur en þetta spilast meira eins og harmleikur. Skilaboð þessara Fifty Shades-mynda virðast stafa það út að fullkomlega sé í lagi að vera í sambandi við heimtufrekum, afskiptasömum, köldum og ógeðfelldum manni svo lengi sem hann er heitur í rúminu annað slagið (sérstaklega ef hann er ríkur og gefur þér fartölvu stöku sinnum ef þú ert þæg). Ég hugsaði oft um hversu miklu betra efni þetta væri ef handritið færi bara alla leið með Christian Grey og breytti honum í fjöldamorðingja sem Ana væri að reyna að sleppa frá. Hann ber sig oft eins og hann eigi betur heima í American Psycho.

Að kalla Fifty Shades Darker eins konar pyntingu er of auðvelt skotmark. Allir sem berja þessa sandpappírsþunnu lostasögu augum vita fullvel hvað þeir eru að fara út í, en kallast það þá ekki ákveðin vörusvik þegar þú færð hvorki áherslu á losta né almennilega sögu? Þú færð bara stefnulaust sápuóperudrama og væl í fólki sem fer greinilega ekki vel saman. Kynlífssenurnar eru flestar smekklega gerðar, en stuttar, hálfkjánalegar og í besta falli á pari við það sem sést reglulega í HBO-þáttum, sem hljóta að vera talsverð vonbrigði miðað við það sem bækurnar eru þekktar fyrir.

**Fifty Shades Darker fær 5,0 í einkunn á IMDb.**

Að auki eru u.þ.b. þrír litlir söguþræðir hér í gangi sem stefna hvergi og ekkert er gert við (Kim Basinger fær t.d. sama og ekkert að gera). Myndin hefur ekki einu sinni almennilegan endi. Hún bara ... klárast. Undirritaður getur samviskusamlega sagt að fyrri myndin sé ögn betri því í henni gerðist eitthvað að minnsta kosti – eða stefndu hlutir eitthvert! Fifty Shades Darker er ekki einu sinni svo slæm að hún verði ánægjuleg, því hvet ég alla sem slysast á hana til þess að mæta með góðan kodda. **Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Kjánaleg, hlægileg og ákaflega leiðinleg saga um losta, þar sem merkilega lítið er um losta eða sögu.

ALLTAF
VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni
á Vísi og í Fréttablaðs-appinu

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store · Google Play · Microsoft




FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

# 60%

## AFSLÁTTUR

# ÚTSALA

## 16.-20. FEBRÚAR

ECCO GOLF
OG NIKE Á
**40%**
AFSLÆTTI

**Toppskórinn**
Markaður Smáratorgi

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga 11.00-18.00
Laugardaga 11.00-18.00
Sunnudaga 12.00-18.00

**Toppskórinn**
Outlet Grafarvogi

Vínlandsleið, Grafarholti
Opið virka daga 11.00-18.00
Laugardaga 11.00-18.00
Sunnudaga 12.00-17.00







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| XXX 3 | KL. 8:20 - 10:40 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:40 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 8 - 10:40 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| RINGS | KL. 8 - 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 - 10:20 |
| XXX 3 | KL. 5:40 - 10:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| LA LA LAND | KL. 6:20 - 8 - 9 - 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 |
| JOHN WICK: CHAPTER 2 | KL. 10:30 |
| RINGS | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 |
| XXX 3 | KL. 10:20 |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is



Sónar Reykjavík hefst í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

## 16. FEBRÚAR

### Tónlist

**Hvað?** Anna Brá DJ set
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu
Líkt og undanfarin ár mun Sæmundur í sparifötunum á Kexi Hosteli bjóða uppá síðdegisdagskrá þar sem plötusnúðar og raftónlist fá að njóta sín. Dagana 16., 17. og 18. febrúar munu plötusnúðarnir Anna Brá og Ívar Pétur þeyta skífum og tónlistarmennirnir í East Forest frá Portland í Oregon koma fram.

**Hvað?** Fagotterí
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Tónleikar þar sem íslensk fagotttónlist verður í aðalhlutverki. Ný tónverk eftir Svein Lúðvík Björnsson og Jónas Tómasson verða frumflutt auk þess sem hljóma verk eftir Bergrúnu Snæbjörnsdóttur, Hafdísi Bjarnadóttur og Atla Heimi Sveinsson. Flytjendur eru úr hópi landsliðs hérlendra fagottleikara: Kristín Mjöll Jakobsdóttir, Brjánn Ingason, Eugenie Ricard og Michael Kaulartz. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Sónar Reykjavík
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Sónarhátíðin hefst formlega í kvöld í Hörpunni og stendur fram á laugardag. Á hátíðinni koma fram bæði erlendir og íslenskir listamenn og mikið verður um dýrðir.

**Hvað?** Oration Mmxvii
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Svartmálmshátíðin Oration hefst í dag með pompi og prakt á Húrra. Þarna koma fram allar helstu stjörnur svartmálmsins bæði innlendar og erlendar.

### Viðburðir

**Hvað?** Fróðleiksmolar Byggðasafnsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Pakkhús Byggðasafns Hafnarfjarðar
Byggðasafn Hafnarfjarðar stendur í vetur fyrir fyrirlestraröðinni „Fróðleiksmolar Byggðasafns Hafnarfjarðar“ í samstarfi við Fróða, félag sagnfræðinema við Háskóla Íslands. Fróðleiksmolarnir verða í boði annan fimmtudag hvers mánaðar í vetur og hefjast kl. 20.00 í Pakkhúsi Byggðasafnsins. Dagskráin í dag er svohljóðandi: Kjartan Jakobsson Richter – Ólafs saga Tryggvasonar. Lofgjörð um kristniboðskonung Íslendinga eða dýrlingasaga? Friðrik Sigurbjörn Friðriksson – Fagur en fjarlægur sósíalismi. Viðhorf og tengsl íslenskra sósíalista við Alþýðulýðveldið Kína 1949–1971. Allir velkomnir og ókeypis aðgangur.

**Hvað?** Umræðuþræðir: Margot Norton
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Margot Norton segir frá úrvali sýninga sem hún hefur skipulagt í New Museum í New York og veitir innsýn í ferli og vinnu sýningarstjórans. Hún segir einnig frá nokkrum af þeim hugmyndum og listaverkum sem móta dagskrá myndlistarhátíðarinnar Sequences VIII sem sett verður í Reykjavík haustið 2017. Norton verður sýningarstjóri hátíðarinnar.

**Hvað?** Ellý í leikhúskaffi
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Kringlunni
Í dag verður þriðja og síðasta Leikhúskaffi Borgarbókasafnsins Kringlunni og Borgarleikhússins á þessu leikári. Að þessu sinni er það leikritið Ellý sem er til umfjöllunar. Höfundar verksins, þeir Ólafur Egill Egilsson og Gísli Örn Garðarsson, segja gestum frá uppsetningu Borgarleikhússins og Vesturports á leikritinu. Í kjölfarið verður svo rölt yfir í Borgarleikhúsið þar sem gestir fá stutta kynningu á leikmynd og annarri umgjörð sýningarinnar. Í lokin býðst gestum 10% afsláttur af miðum á Ellý.



**Katrín Jakobsdóttir mætir á rómantískt bókakvöld í bókasafni Reykjanesbæjar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Þorravaka
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kirkjuhvoll, Safnaðarheimili Vídalínskirkju, Garðabæ
Á Þorravöku koma fram listamenn úr Garðabæ, auk Kvennakórsins, og bjóða upp á fjölbreytta dagskrá í tali og tónum. Aðgangseyrir er 1.500 kr. og innifaldar eru léttar veitingar að hætti kórkvenna.

**Hvað?** Rómantískt bókakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bókasafn Reykjanesbæjar
Í kvöld kemur Katrín Jakobsdóttir í Bókasafn Reykjanesbæjar. Hún ræðir um ástarsögur og afþreyingarbókmenntir almennt. Einnig fjallar hún um ástina, persónur kvenna og karla og rýnir í kápumyndir slíkra sagna. Létt spjall og spurningar í lokin. Aðgangur ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Málstofa lífvísindasetrus – The role of MITF in the response to DNA double strand breaks.
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Læknagarður
Fyrirlesari: Drífa Hrund Guðmundsdóttir, MS nemi. Læknadeild, Háskóli Íslands.

**Hvað?** Að tala gegn draugum
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Safnahúsið, Hverfisgötu
Þá er komið að fyrsta fyrirlestri vorannar á vegum Félags þjóðfræðinga í samstarfi við Þjóðminjasafnið. Að þessu sinni segir Anna Söderström frá mastersverkefni sínu og ber fyrirlesturinn heitið Að tala gegn draugum: rannsókn á efahyggju.

**Hvað?** Birrificio Del Ducato Tap Takeover
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Skúli, Aðalstræti
Það verður Birrificio del Ducato tap takeover á Skúla í kvöld. Það verða 9 mismunandi bjórar frá þessu frábæra ítalska brugghúsi á dælu.





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Toni Erdmann ENG SUB ........ 18:00
Moonlight ........ 17:30, 20:00
Hjartasteinn ENG SUB ........ 17:30
Democracy ENG SUB ........ 20:00
Paterson ........ 22:00
Lion ........ 22:00
Elle ........ 22:30







# ÖLL LJÓS Á



# 25%



# AFSLÆTTI

## 16. - 23. FEBRÚAR






byko.is

ÞÚ FÆRÐ OSRAM PERURNAR Í BYKO
AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Jamie's 30 Minute Meals
**10.40** Undateable Gamanþáttaröð um nokkra vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega smá hjálp. Danny Burton er myndarlegur og öruggur með sjálfan sig. Hann ákveður að aðstoða vini sína í ástarmálunum en þarf sjálfur á bráðri hjálp að halda.
**11.00** The Goldbergs
**11.20** Landnemarnir Fjallað verður um umdeildar kenningar um að landnámsmenn hafi valið lykilstaði út frá ævafornri talnaspeki og að Njálssaga sé táknsaga.
**11.55** Poppsvar
**12.35** Nágrannar
**13.00** Frost/Nixon
**15.10** Mamma Mia!
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** The Big Bang Theory
**19.45** Masterchef Professionals – Australia
**20.30** Hið blómlega bú
**21.10** The Blacklist Fjórða spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna.
**21.55** Homeland
**22.45** Lethal Weapon
**23.30** Steypustöðin
**00.00** The Witness for the Prosecution
**00.50** Apple Tree Yard
**01.45** Taboo
**02.45** Person of Interest
**03.30** Fast & Furious
**05.15** Skin Trade
**06.50** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** UEFA Champions League
**08.40** UEFA Champions League
**10.20** Meistaradeildarmörkin
**10.50** Domino's-deild kvenna
**12.30** Premier League
**14.10** UEFA Champions League
**15.50** UEFA Champions League
**17.30** Meistaradeildarmörkin
**17.55** UEFA Europa League
**20.00** UEFA Europa League
**22.10** MD
**22.45** UFC Unleashed
**23.30** Dominos deild karla

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.10** Premier League
**08.55** Premier League
**10.35** Spænski boltinn
**12.15** Spænsku mörkin
**12.45** Premier League
**14.25** Premier League
**16.10** Úrslitaleikur Reykjavíkurmótsins
**17.55** UEFA Europa League
**20.00** UEFA Europa League
**22.10** Premier League World
**22.40** UFC Live Events
**01.35** UEFA Europa

## STÖÐ 3

**17.30** 2 Broke Girls
**17.55** The Big Bang Theory
**18.15** New Girl
**18.40** Modern Family
**19.05** Curb Your Enthusiasm
**19.40** Tekinn
**20.05** Veistu hver ég var?
**20.50** Supergirl
**21.35** Gotham
**22.20** Arrow
**23.05** Klovn
**23.25** Gilmore Girls
**00.10** The New Adventures of Old Christine
**00.35** Supergirl
**01.15** Gotham
**02.00** Arrow
**02.45** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Grettir
**07.11** Zigby
**07.25** Mæja býfluga
**07.38** Blíða og Blær
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Grettir
**11.11** Zigby
**11.25** Mæja býfluga
**11.36** Blíða og Blær
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Strumparnir
**14.22** Hvellur keppnisbíll
**14.34** Ævintýraferðin
**14.46** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Grettir
**15.11** Zigby
**15.25** Mæja býfluga
**15.36** Blíða og Blær
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.22** Hvellur keppnisbíll
**18.34** Ævintýraferðin
**18.46** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Pósturinn Páll. Bíómyndin

## GOLFSTÖÐIN

**07.00** AT&T Pebble Beach National Pro-Am
**10.55** PGA Highlights 2017
**11.50** Champions Tour Highlights 2017
**12.45** Golfing World 2017
**13.35** ISPS Handa Women's Australian Open
**18.35** Inside the PGA Tour
**19.00** Genesis Open
**23.00** Inside the PGA Tour
**23.25** Golfing World
**02.00** ISPS Handa Women's Australian Open

## BÍÓSTÖÐIN

**11.35** Book of Life
**13.10** Steel Magnolias
**15.05** Night at the Museum: Secret of the Tomb
**16.45** Book of Life
**18.20** Steel Magnolias
**20.20** Night at the Museum: Secret of the Tomb Þriðja myndin um Larry og félaga á Smithsonian-safninu í New York. Að þessu sinni standa þeir frammi fyrir stóru vandamáli því töfrarnir sem vekja persónur og dýr safnsins eru að hverfa og það er lítill tími til stefnu. Larry ákveður að reyna að bjarga þessum sögufrægu vinum sínum og ferðast til London á British Museum til að bjarga málunum. Með aðalhlutverk fara Ben Stiller, Robin Williams og Owen Wilson.
**22.00** Get Hard
**23.40** The Other Guys
**01.25** Frankie & Alice
**03.10** Get Hard

## RÚV

**08.40** HM í alpagreinum
**10.30** Ekki bara leikur
**11.00** HM í skíðaskotfimi
**11.55** HM í alpagreinum
**13.00** Íþróttaafrek sögunnar
**13.25** HM í skíðaskotfimi
**15.10** HM í skíðaskotfimi
**16.50** Miranda
**17.20** Rætur
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Litli prinsinn
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.05** Andri á flandri í túristalandi
**20.35** Best í Brooklyn
**20.55** Jamaica kráin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Fortitude
**23.10** Glæpasveitin
**00.10** Hulli
**00.30** Kastljós
**00.55** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Life Unexpected
**09.50** Judging Amy
**10.35** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.50** American Housewife
**14.15** Your Home in Their Hands
**15.15** The Bachelorette
**16.20** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.00** The Late Late Show with James Corden
**17.40** Dr. Phil
**18.20** Everybody Loves Raymond
**18.45** King of Queens
**19.10** How I Met Your Mother
**19.35** The Mick
**20.00** Það er kominn matur
**20.35** Speechless
**21.00** This is Us
**21.45** Scandal
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Californication
**00.20** 24
**01.05** Law & Order: Special Victims Unit
**01.50** The Affair
**02.35** This is Us
**03.20** Scandal
**04.05** The Tonight Show
**04.45** The Late Late Show

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





NÝ ÞÁTTARÖÐ!

**HIÐ BLÓMLEGA BÚ**
Fjórða syrpan af þessum fræðandi og notalegu þáttum sem kitla bragðlaukana. Árni Ólafur heldur áfram að yrkja sitt blómlega bú í Árdal í Borgarfirði og í þessum fyrsta þætti fylgjumst við með sauðburði í Árdal og Árni heimsækir svo káta krakka á miðaldahátíð í Reykholti.

SPENNANDI
**FIMMTUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**THE BLACKLIST**
Raymond Reddington er hvergi banginn þegar hann og snillingarnir hjá FBI leysa stórglæpamál í sameiningu. Hörkuspennandi þættir!



**HOMELAND**
Magnaðir þættir þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson sem er aftur flutt til Bandaríkjanna eftir að hafa komið í veg fyrir hryðjuverkaárás í Berlín.



**LETHAL WEAPON**
Spennandi framhaldsþáttur, byggður á hinum vinsælu Lethal Weapon-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um tvo lögreglumenn sem eru mjög ólíkir í leik og starfi.



BÍÓ
**GET HARD**
Þegar milljónamæringurinn James King er dæmdur til tíu ára fangelsisvistar í hinu alræmda San Quentin-fangelsi óttast hann um líf sitt innan múranna og biður vin sinn um aðstoð.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is



STEYPUSTÖÐIN
Lay's
FÖSTUDAGA KL. 21:15
STEYPU STÖÐIN
ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR
Tryggðu þér áskrift fyrir aðeins 333 kr. á dag
9.990 kr. á mánuði
SÓLI HÓLM @SoliHolm
Horfði á Steypustöðina í gær. LOLaði oft og hlakka til að sjá meira. Bjössi smiður frábær. „Ertu að gefa mér þúsundkall?“.
#Steypustöðin
ARON EINAR @ronnimall
Ræningjarnir i hagkaup #Steypustöðin þessi veisla byrjar vel!
ÁGÚST HALLDÓRSSON @AgustHalldors
Í 35 mín fór engin úr fjölskyldunni í síma eða í-pad, brosti og hló. Sem þýðir að þátturinn var mjög góður.
#Steypustöðin
LOGI BERGMANN @logibergmann
Djöfull er maður búinn að bíða lengi eftir einhverju svona.
#Steypustöðin
365.is | Sími 1817
365



Egill Gauti Viðarsson 20 ára. Skór: Adidas. Buxur: „Ég keypti þær í Bershka á Spáni.“ Óliver Örn Sævarsson 18 ára. Skór: Adidas. Buxur: „Ég keypti þær á netinu.“



Sigurvin Guðjónsson 18 ára. Sokkar: „Ég fékk þá frá frænda mínum.“ Buxur: Levi's. Peysa: Nike. Húfa: „Ég stal henni frá systur minni.“ Gleraugu: Ray-Ban.



Berglind Magnúsdóttir Skór: Vagabond. Buxur: Lindex. Jakki: „Ég fékk jakkann í Friis Company í Kringlunni.“ Gleraugu: Optical Studio.



Sigurður Örn Jónsson 19 ára. Skór: „Ég fékk þá að gjöf frá pabba mínum.“ Buxur: Gallabuxnabúðin í Kringlunni. Peysa: H&M á Spáni.

# Götutíska Borgarholtsskóla

Litrík og hressandi götutíska var allsráðandi á Skóhlífadögum í Borgarholtsskóla sem standa núna yfir. Fréttablaðið leit inn og myndaði hressa og káta krakka á göngum skólans.



Bjarni Snær Ingvarsson 20 ára. Jakki: París. Húfa: Ping. Anton Ársælsson 20 ára. Skór: Supreme. Jakki: Gucci.



Kristín Laufey Bryndísardóttir 25 ára. Skór: „Þessa skó keypti ég í sportvöruverslun í Svíþjóð og ég prjónaði klútinn sjálf.“ Buxur: Outlet í Noregi. Úlpa: Esja.



Kristinn Sigmarsson 19 ára. Hattur: „Það var kennari í skólanum sem gaf mér hattinn og ég er alltaf með hann.“ Buxur: Cheap Monday. Bolur: Asos.



Sigfríð Sigurðardóttir 19 ára. Skór: Nike. Buxur: Asos. Úlpa: Zo-on. Klútur: „Mamma mín gaf mér hann.“





JARÐARBER - 250 GR.
249 KR PK
ÁÐUR: 489 KR/PK
Jarðarber á tilboði
nettó


TÓNLEIKUR KYNNIR
HERBIE
HANCOCK
HLJÓMLEIKAR
ELDBORG 20. JÚLÍ
VINNIE COLAIUTA
JAMES GENUS
LIONEL LOUEKE
TERRACE MARTIN
MIÐASALA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 21 FEBRÚAR HARPA.IS- TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50
HERBIEHANCOCK.COM
@HERBIEHANCOCK
@HERBIEHANCOCKOFFICIAL
a Marshall Arts Ltd presentation IN ASSOCIATION WITH HANCOCK MUSIC MANAGEMENT AND RED LIGHT MANAGEMENT

Margt fólk virðist óttast að veganismi þýði endalausar fórnir góðgætis. En svo er víst ekki. Til að sýna það og sanna fengum við **Dagbjörtu Þorsteinsdóttur**, rekstrarstjóra 17 sorta, til að deila með okkur uppskrift að vegan köku.


Íris Björk Óskarsdóttir, yfirbakari 17 sorta, er orðin sjóuð í vegan bakstri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Algjör óþarfi að fórna kökunum

Dagbjört Þorsteinsdóttir hjá bakaríinu 17 sortir hefur undanfarið orðið þess vör að mikil vakning hefur orðið í tengslum við veganisma og eftirspurnin eftir vegan kökum er alltaf að aukast. „Eftirspurnin hefur aukist undanfarnar vikur og mánuði. Og fólk er í auknum mæli að uppgötva að við bjóðum upp á þennan valkost,“ útskýrir Dagbjört.

„Nei, en þegar við byrjuðum þá höfðum við enga reynslu af vegan bakstri, og maður þarf í rauninni að hugsa þetta upp á svolítið nýjan máta þar sem undirstöðuhráefnin í venjulegri köku eru mjólkurvörur og egg,“ segir hún aðspurð hvort það sé flóknara að gera vegan kökur heldur en hefðbundnar kökur. „En við erum með nokkrar góðar grunnuppskriftir sem við getum útfært á marga mismunandi máta.“

„Af okkar daglegu mismunandi 17 sortum eru tvær sortir sem eru ýmist vegan eða glútenfríar eða hvort tveggja,“ segir Dagbjört.

gudnyhronn@365.is

## DÚNMJÚK VEGAN KAKA MEÐ VANILLUKREMI

**Vegan kökudeig**
300 g smjörlíki
300 g sykur
150 g rúsínur eða trönuber
450 ml vatn
1 msk. kanill
1 ½ tsk. negull

Allt sett í pott og látið bráðna saman og svo látið sjóða í 3 mínútur. Kælið örlítið.

450 g hveiti
1 msk. lyftiduft
1 ½ tsk. natron



Þurrefnum er blandað saman í skál og rúsínukryddblöndunni er blandað saman við.

Deiginu er deilt á milli þriggja kringlóttra forma sem eru 22 cm í þvermál, u.þ.b. 500 g fara í hvert form. Bakað við 175°C í 12-16 mínútur. Botnarnir eru losaðir úr formunum þegar þeir eru orðnir nægilega kaldir. Einnig er hægt að baka kökuna í ofnskúffu eða brownie-formi.

# Byrjar daginn á meinhollu matcha-tei

Halldór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kaffihúsa Te & kaffi, byrjar flesta daga á að drekka matcha-te. Halldór segir teið gefa kraft og ýta undir einbeitingu.

Halldór byrjaði að drekka matchate fyrir um sex árum. „Fyrst kunni ég ekki alveg að meta það en þegar ég lærði að laga það rétt varð það mjög gott. Núna reyni ég að byrja daginn á einum bolla af matcha, það kemur sér vel þegar ég stunda jóga og hugleiðslu á morgnana. Matcha gefur manni aukinn kraft og skerpir hugann.

Ef maður veit hvað maður er að gera er mjög lítið vesen að laga það,“ segir Halldór sem mælir með að nota vigt og hitamæli þegar matcha-teið er útbúið.“ Það er nefnilega mikilvægt að vatnið sé ekki of heitt, það má ekki vera heitara en 80°C. Einnig er mikilvægt að bursta teið rétt svo það freyði vel.“

„Matcha er mjög ríkt af andoxunarefnum og gefur manni aukaorku og skarpan huga,“ segir Halldór meðal annars aðspurður af hverju hann drekki matcha. „Matcha er mjög hollur og virðulegur drykkur en það hefur verið drukkið í yfir 800 ár. Hér áður fyrr voru einungis fáir útvaldir sem áttu kost á að drekka matcha. Teið er unnið úr einu besta afbrigði af grænu te sem er fáanlegt í Japan og það er malað á ákveðinn hátt svo að þegar teið er drukkið er allt teið nýtt,“ útskýrir Halldór sem hefur undanfarið tekið eftir auknum vinsælum matchatesins.


Halldór Guðmundsson er aðdáandi matcha-tes. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Halldór segir matchate vera góðan kost fyrir þá sem eru að taka sig á í Meistaramánuði og vilja t.d. minnka gosdrykkju. „Já, klárlega, ef fólk vill bæta hollum og góðum drykk við næringuna þá mæli ég hiklaust með mathca. Einnig mæli ég með því ef fólk stundar hugleiðslu því matcha hjálpar til við að auka einbeitingu.“

Eins og áður sagði reynir Halldór að byrja hvern dag á bolla af matcha en eftir það tekur kaffið við. „Ég vinn við að smakka kaffi svo suma daga eru ansi margir kaffibollar drukknir en ætli ég drekki ekki fimm til sex bolla af kaffi yfir daginn.“


Það er ekkert flókið að útbúa matcha te að sögn Halldórs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrir þá sem hafa aldrei vanið sig á að drekka te mælir Halldór með að kynna sér hvernig á að laga ferskt te og draga fram það besta úr hráefninu. „Það er allt of algengt að te sé rangt lagað – vitlaust hitastig á vatninu, of mikið magn af telaufum á móti vatni eða að teið er látið trekkja of lengi skemmir fyrir,“ segir Halldór sem mælir með að fólk prófi sig bara áfram til að finna te við sitt hæfi. – gha



# Dansað til minningar um Birnu Brjánsdóttur

Dansviðburðurinn Miljarður rís verður haldinn um land allt í fimmta sinn í hádeginu á föstudaginn. Dansað verður til minningar um Birnu Brjánsdóttur í Hörpu.

Tilgangur verkefnisins er að vekja fólk til umhugsunar um kynbundið ofbeldi. „Það er ekki í lagi að ein af hverjum þrem konum verði fyrir ofbeldi og ein af hverjum fimm konum verði fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þetta eru sláandi tölur, “ segir plötusnúðurinn Margeir Ingólfsson sem sér um tónlistina á stærsta viðburðinum hér á landi, í Silfurbergi í Hörpu.

Að hans sögn er Milljarður rís stórkostlegur viðburður þar sem magnað andrúmsloft myndast. Viðburðurinn verður haldinn í samstarfi við tónlistarhátíðina Sónar Reykjavík sem einnig fer fram í Hörpu um helgina. Á sama tíma fara fara fram minni dansviðburðir um land allt, þar á meðal í Hofi á Akureyri og í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ.

Um 2.000 manns mættu í Hörpu og dönsuðu saman gegn kynbundnu ofbeldi í fyrra. Færri komust að en vildu svo einhverjir dönsuðu frammi á gangi. „Það er ekki hægt annað en að sogast inn í þessa stemming og sleppa fram af sér beislinu, “ segir hann.

**Dj Margeir** segir að ástæðan fyrir því að minnast eigi Birnu Brjánsdóttur sérstaklega sé að þema UN Women í ár sé öryggi í borgum, hvort sem það er á Íslandi, Indlandi eða í Brasilíu.

„Tónlistarþemað í ár er 90's tónlist,“ segir Margeir. Hann og Svala Björgvins munu snúa aftur undir merkjum hljómsveitarinnar Scope og flytja eitt vinsælasta lag ársins 1994, Was That All It Was. Lagið hefur ekki verið flutt í yfir tuttugu ár og verður ekki flutt aftur, þetta er því einstakt tækifæri. „Þar að auki eru alltaf leyniatriði hvert ár og ég get lofað því að í ár verður það algjör gleðibomba, “ bætir Margeir við að lokum. **– gha**



MYND/HÖRÐUR ÁSBJÖRNSSON

**Vegan vanillukrem**

- **400 g mjúkt smjörlíki**
- **800 g flórsykur**
- **50 ml jurtamjólk að eigin vali**
- **1 msk. vanilla**
- **70 g kakó**

Allt þeytt saman upp í létt smjörkrem. Smurt á milli botnanna og utan á kökuna. Ef kakan er bökuð í skúffu eða brownie-formi má líka einfaldlega smyrja yfir hana súkkulaðiglassúr.



**Beyoncé sló í gegn.** NORDICPHOTOS/AFP

# Danshöfundur Beyoncé er Íslandsvinur

Maðurinn á bak við atriði Beyoncé á nýafstaðinni Grammy-verðlaunahátíð er danshöfundurinn Sidi Larbi en hann hefur meðal annars unnið með íslensku dönsurunum Ernu Ómarsdóttur og Valgerði Rúnarsdóttur. Þó svo að Beyoncé hafi beðið lægri hlut fyrir Adele í stórum flokkum er óhætt að segja að hún hafi stolið senunni þegar hún brá sér í líki Kleópötru ólétt að tvíburum. Þess má geta að síðast sótti Sidi Larbi landið heim í maí til þess að koma fram á Listahátíð í Reykjavík í verkinu Play.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 16-0429

# Rapphundar, elektrótýpur og popparar

## í essinu sínu

**Sónarhátíðin** hefst með pompi og prakt í dag og þeir sem ætla að skella sér eru eflaust með valkvíða enda er ansi þétt dagskrá fram undan. Flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á Sónar því fjölbreyttur hópur listamanna mun troða upp í Hörpu um helgina. Meðfylgjandi hugmyndir ættu að auðvelda gestum hátíðarinnar lífið.




B.Traits spilar í bílastæðakjallara Hörpu.



Popparar ættu ekki að láta Sleigh Bells fram hjá sér fara. MYND/SLEIGH BELLS

### BEA1991
BEA1991 kemur frá Amsterdam en hún gaf út EP-skífu sína 2k11 árið 2015 og vakti strax athygli. Ævintýraleg popptónlist eins og hún gerist best. Framtíðin er björt hjá BEA1991.
**Laugardagur kl. 22.10 í Kaldalóni**

### FM Belfast
FM Belfast þarf nú varla að kynna en þeir sem hafa mætt á tónleika með sveitinni ættu að vita að það er ómögulegt að standa kyrr á meðan þau hefja upp raust sína.
**Fimmtudagur kl. 00.00 í Silfurbergi.**

### Fatboy Slim
Þennan er óþarfi að kynna en skylda að sjá í Silfurbergi.
**Laugardagur kl. 00.30 í Silfurbergi**

### B.Traits
B.Traits er upprunalega frá Kanada en fluttist til London og toppaði þá breska smáskífulistann með lagi sínu Fever. Hún hefur verið áberandi í starfi sínu sem þáttastjórnandi hjá BBC Radio 1.
**Laugardagur kl. 00.00 í bílastæðakjallaranum**

### Sleigh Bells
Sleigh Bells spila í fyrsta sinn hér á landi en þau eru í óða önn að fylgja fjórðu plötu sinni, Jessica Rabbit, eftir. **Föstudagur kl. 23.45 í Norðurljósum**




Tommy Genesis er eitt stærsta númerið á Sónar. MYND/TOMMY GENESIS

### Giggs
Hinn breski Giggs hefur unnið til fjölda verðlauna og unnið með listamönnum á borð við B.o.B, Waka Flocka, Jeremih, Shola Ama og Mike Skinner. Hans fyrsta breiðskífa Let Em Ave It hlaut feiknagóðar viðtökur og það er nokkuð víst að það verður geggjuð stemning þegar hann stígur á svið á Sónar.
**Laugardagur kl. 01.00 Í Norðurljósum**

### Nadia Rose
Sumir vilja meina að árið 2017 verði ár Nadiu Rose, og það er trúlegt. Hún er aðeins 22 ára og á sko miklu meira en nóg inni.
**Laugardagur kl. 23.00 í Norðurljósum**

### De La Soul
Þeir sem hafa áhuga á hip hop-tónlist væru brjálaðir að láta tækifæri til að sjá De La Soul renna sér úr greipum. Brjálaðir.
**Laugardagur kl. 23.15 í Silfurbergi**



Oddisee hefur verið að síðan 1999.

### Oddisee
Amir Mohamed el Khalifa, betur þekktur sem Oddisee, hefur átt viðburðaríkan feril en hann steig fyrst fram á sjónarsviðið árið 1999.
**Föstudagur kl. 23.10 í Kaldalóni**

### Tommy Genesis
Einn almesti töffarinn sem stígur á svið á hátíðinni í ár er Tommy Genesis. Hún reyndi fyrst að finna sig í ljóðlist, skúlptúrgerð, myndlist og kvikmyndagerð áður en hún sneri sér að tónlistinni. Við eigum eflaust eftir að sjá miklu meira af henni á komandi árum. **Fimmtudagur kl. 22.00 í Silfurbergi**




Moderat munu halda uppi stuðinu í Silfurbergi á föstudaginn. MYND/MODERAT



Helena Hauff er alveg einstök.

### Ben Klock
Ben Klock hefur þann hæfileika að skapa einstakt andrúmsloft og þeir sem hafa ekki upplifað það ættu að grípa tækifærið núna.
**Fimmtudagur kl. 23.00 í bílastæðakjallaranum**

### Moderat
Moderat er sett saman úr tveimur af þekktustu elektrónísku verkefnum Þýskalands, Modeselektor og Apparat. Þeir munu ekki bara fá þig til að svitna af dansi á tónleikum sínum, þeir gætu líka komið þér til að gráta.
**Föstudagur kl. 00.30 í Silfurbergi**

### Helena Hauff
Helena Hauff er einstakur plötusnúður sem er erfitt að negla nákvæmlega niður. Hver og einn verður bara að upplifa hana sjálfur og mynda sér skoðun út frá því.
**Föstudagur kl. 23.30 í bílastæðakjallaranum**

## FYRIR ÞÁ SEM VILJA EITTHVAÐ ÖÐRUVÍSI



Vatican Shadow er svo sannarlega öðruvísi. MYND/BECKA DIAMOND

**Vatican Shadow**
Fimmtudagur kl. 00.00 í Kaldalóni

**Forest Swords**
Föstudagur kl. 21.20 í Norðurljósum

**HATARI**
Fimmtudagur kl. 21.00 í Silfurbergi

**Pan Daijing**
Fimmtudagur kl. 23.05 í Kaldalóni

Glæsilegt úrval á pier.is




# 30% AFSLÁTTUR AF LUKTUM & VÖSUM



## 50% AFSLÁTTUR AF ROATAN PAPASAN
## 20% AFSLÁTTUR AF NOTTING HILL CURVY

SVARTUR ROATAN PAPASAN STÓLL
50% AFSLÁTTUR – Áður 39.900,- NÚ 19.950,-





the PIER

NOTTING HILL CURVY 3 SÆTA SÓFI
20% AFSLÁTTUR – Áður 179.900,- NÚ 143.920,-

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 08.02.17 – 14.02.17




**1** **Löggan**
Jo Nesbø




**2** **Eftir að þú fórst**
Jojo Moyes




**3** **Englar vatnsins**
Mons Kallentoft




**4** **Þögult óp**
Angela Marson




**5** **Ör**
Auður Ava Ólafsdóttir




**6** **8 vikna blóðsykurkúrinn**
Michael Mosley




**7** **Stúlkan sem enginn saknaði**
Jónína Leósdóttir




**8** **Tvísaga**
Ásdís Halla Bragadóttir




**9** **Heiða**
Steinunn Sigurðardóttir




**10** **Vögguvísurnar okkar**
Ýmsir höfundar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT



# Sunna tekur lagið með Tommy Genesis

**Sunna Ben**, plötusnúður og listakona, er búin að vera spennt fyrir Sónarhátíðinni lengi og þá sérstaklega því að berja tónlistarkonuna Tommy Genesis augum, en um daginn fékk Sunna tækifæri til að spila með Tommy þegar hana vantaði plötusnúð með sér á sviðið.



Sunna Ben mun snúa plötum fyrir Tommy Genesis á Sónar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Sunna Ben hefur verið plötusnúður fyrir allar helstu rapphljómsveitirnar á landinu, hún er til að mynda meðlimur Reykjavíkurdætra þar sem hún er iðulega við spilarana á tónleikum þeirra auk þess að hafa spilað mjög reglulega fyrir dansi á öllum helstu börum bæjarins. Tónlistarkonan Tommy Genesis hefur verið að gera það gott í „underground“ rappi, hún gefur út tónlist á vegum Awful Records sem er stórt nafn í þeim geira rappsins og hefur verið að túra um Evrópu og Bandaríkin síðustu misseri. Tónlist hennar er ekkert ólík því sem Reykjavíkurdætur hafa verið að kokka upp og því hefur verið ansi auðvelt val fyrir aðstandendur Sónar-hátíðarinnar að velja Sunnu þegar Tommy Genesis bað um íslenskan dj til að spila undir á tónleikum hennar.

„Ég er megapepp! Kúl að spila með nýjum töffara og sérstaklega kúl að fá að spila með listamanninum sem ég var spenntust fyrir á Sónar! Hana vantaði sviðs-dj og það var pikkað í mig, ég sagði auðvitað bara „að sjálfsögðu“ með mjög mörgum upphrópunarmerkjum!“ segir Sunna Ben sem er að vonum töluvert spenntari fyrir Sónar-hátíðinni í dag en hún var áður en hún fékk að vita af þessu nýja giggi.

**KÚL AÐ SPILA MEÐ NÝJUM TÖFFARA OG SÉRSTAKLEGA KÚL AÐ FÁ AÐ SPILA MEÐ LISTAMANNINUM SEM ÉG VAR SPENNTUST FYRIR Á SÓNAR!**

*Eruð þið eitthvað búnar að ræða saman? Munuð þið ekki þurfa að hittast og taka góða æfingu?*

„Jú, ég er búin að fá beat og settlista, er að bíða eftir að heyra betur í fólkinu hennar en svo hitti ég hana og við förum yfir þetta betur á sándtékkinu í dag.“

Tommy Genesis spilar í kvöld, fimmtudag, í Silfurbergi klukkan tíu. Það er Glowie sem byrjar kvöldið í Silfurbergi, síðan stígur HATARI á svið og Tommy þar á eftir. Á eftir Tommy Genesis er það GKR og svo að lokum FM Belfast sem tekur við keflinu. **stefanthor@frettabladid.is**

# Ást Kött Grá Pjé á handriðum

Rapparinn og skáldið Kött Grá Pjé, eða Atli Sigþórsson eins og mamma hans kallar hann alltaf, hefur vakið nokkra athygli á samfélagsmiðlunum upp á síðkastið en hann hefur verið nokkuð iðinn við að setja inn myndir af ýmiss konar handriðum. Blaðamaður ákvað að slá á þráðinn til Kötts og spyrja hann einfaldlega: Hvers vegna handrið?

„Ég er mjög lofthræddur og stend mig ítrekað að því að velta handriðum sem slíkum fyrir mér þegar ég er í tilteknum aðstæðum, þar sem mér finnst þeirra sérstaklega þörf. Fyrirlít handrið sem gegna hlutverki sínu illa, eða hlutverkum; því annars vegar að auka öryggi mitt og hins vegar að láta mig finna til öryggiskenndar. Hef þannig lært það hvað ég kann að meta við handrið og hvað ekki og smám saman urðu tilfinningarnar í garð handriða og handriðaþeoríu mjög sterkar. Notagildi og fagurfræði hafa mikið til runnið saman hjá mér, oftar en ekki finnst mér fúnksjónal handrið jafnframt falleg þó það sé ekki algilt. Svo er náttúrulega ósköp blátt áfram metafóra í þessu öllu saman, sem rótlaus maður tengir auðveldlega við,“ segir Kött um málið.



Kött Grá Pjé hefur dálæti á köttum, naglalakki og handriðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá vitum við það. Kött Grá Pjé gaf nýlega út bókina Perurnar í íbúðinni við góðar viðtökur, hann stefnir á að gefa út plötu fljótlega og svo mun hann koma fram á Sónar-hátíðinni á laugardaginn. **- sþh**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# GÓÐUR 4x4 BÍLL

## ENN BETRI DÍLL

### OG NÚ Á LÆKKUÐU VERÐI




**AÐEINS KR.**
**4.190**
ÞÚSUND

**Hlaðnir þægindum**

VERÐ Á NÝJUM SAMBÆRILEGUM*
5.160
ÞÚSUND

**Einn vinsælasti smájeppinn á Íslandi**

* Miðað við 20% útborgun og lán til 84 mánaða.
**Skv. verðlista umboðs með panorama þaki.

## SUZUKI VITARA 4x4GLX DÍSEL

**ÁRGERÐ 2016 - SJÁLFSKIPTIR - LÍTIÐ NOTAÐIR**

Komnir aftur í mörgum litum á betra verði

- √ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
- √ Allt að 90% fjármögnun
- √ Til í ýmsum litum
- √ Góð endursala
- √ Tökum bíla upp í

## HLAÐNIR ÞÆGINDUM

- √ Panorama þak
- √ Leður/ rúskinn sæti
- √ Bakkmyndavél
- √ Íslenskt leiðsögukerfi
- √ Lyklalaus ræsing og hurðaopnun
- √ Álfelgur
- √ Hraðastillir (Cruise Control)
- √ Bluetooth
- √ USB tengi
- √ Akreina og árekstrarvari
- √ Litað gler
- √ Ofl.

Bílarnir eru eknir á bilinu **25-29** þúsund km.
Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi sem er **apríl 2016**.

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið mán-fös 10-18
lau 12-15
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**




Tómasar Þórs Þórðarsonar


## Einfaldir símar, einfaldir tímar

Í vikunni var tilkynnt um endurkomu Nokia 3310 símans sem er einn besti sími sögunnar, í það minnsta ef horft er til hversu lengi hann endist. Ég man þegar ég keypti mér hann á haustmánuðum 2000, rétt áður en ég byrjaði í framhaldsskóla. Þetta var annar síminn minn á eftir hinum goðsagnakennda Nokia 5110.

Nokia 3310 var aðeins betri en 5110; betri skjár, fleiri leikir og almennt bara uppfærður. Eðlilega, hann var nýrri. Þetta er ekki lofgrein um að allt hafi verið betra í gamla daga. Hlutirnir voru bara aðeins einfaldari í gamla daga því þá var maður yngri og áhyggjulausari. Um leið og símarnir verða betri verður maður sjálfur eldri og lífið aðeins flóknara.

Sumarið 1999 vann ég mér inn fyrir 5110-símanum sem ég mætti svo stoltur með í 10. bekk. Það var veturinn sem flestir á mínum aldrei fengu síma og snerust allar pásur og matarhlé um að keppast við að bæta met hver annars í Snake og skipta um hringingar. Ó, hve þreytandi það var að heyra Nokia-lagið 700 sinnum óma um ganga Réttarholtsskóla eftir hvern einasta tíma.

Þegar ég fékk 3310 var ég kominn í menntaskóla og lífið sjálfkrafa orðið aðeins flóknara. Meiri kröfur og meiri ábyrgð sem ég svo á endanum stóð ekki undir þó allt hafi nú bjargast í seinni tíð.

Í dag get ég með símanum mínum á nokkrum sekúndum flett upp veðrinu í Timbúktú eða hringt með Facebook í símanum, frítt, í mann í Timbúktú og spurt til veðurs.

Nú þegar símarnir eru orðnir svona fullkomnir hefur lífið flækst; vinna, bíll, íbúð og ástin. Ég hef það samt mjög gott. Lífið með einfaldari síma var ekkert endilega betra. Bara einfaldara.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

KRÓNAN
Krónan mælir með!



399 kr. kg
Mangó í lausu, Perú





Sóma Veislubakkar
★ FERSKAR HUGMYNDIR ★
— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

**GAMLI GÓÐI**
3.980 kr.
20 bitar fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat.
Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.
Rækjusalat.

**EÐALBAKKI**
3.980 kr.
20 bitar fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauksósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

**LÚXUSBAKKI**
3.980 kr.
20 bitar fyrir 5 manns

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur, egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

**PÍTUBAKKI**
3.980 kr.
24 bitar fyrir 5 manns

Tikka masala kjúklingur og íssalat.
Reykt skinka.
Eggja- og íssalat.

**PARTÝBAKKI**
4.430 kr.
20 bitar fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.
Fetaostur, rauðlaukur, spínat.
Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**VEISLUBAKKI**
4.430 kr.
30 bitar fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, íssalat.
Tikka masala kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**ÁVAXTABAKKI**
3.050 kr.
40 - 60 bitar fyrir 5 - 8 manns

Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**DESERTBAKKI**
2.450 kr.
50 bitar fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.

**KÖKUBAKKI**
3.550 kr.
24 bitar fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.
Gulrótarkaka með rjómaostakremi.
Eplakaka með kanilkeim.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

